

Elinborg Lárusdóttir:



Úr dagbók
miðilsins

ÚR DAGBÓK MIÐILSINS

ÚR DAGBÓK MIÐILSINS

ELINBORG LÁRUSDÓTTIR
BJÓ ÚT

ÞORSTEINN M. JÓNSSON

AKUREYRI -- MCMXLIV

INNGANGSORÐ

Það eru liðin nokkur ár síðan þess var farið á leit við mig, að rita þessa bók. Þetta hefir dregið, bæði vegna ýmissa anna og svo þess, að ég var nokkuð lengi að átta mig á, hve ýtarlega ég ætti að fara út í þessi mál, hvað ætti að taka og hverju að sleppa. Niðurstaðan varð að lokum þessi:

Hér birtast þá fyrst ummæli Einars H. Kvarans um miðilinn látinn og frásögn konu miðilsins um ástand hans og líðan áður en farið var að gera tilraunir með hann sem miðil. Er þetta hvorttveggja birt í 5. árgangi Morguns 1931. Svo skrifa ég eftir minni endurminningar um dvöl hans hjá okkur á Mosfelli sumarið 1926 og þau kynni, sem við höfðum af honum, eftir að við fluttumst til Reykjavíkur. Eftir þann kafla koma dagbókarblöð miðilsins sjálfs. Þau eru skráð með hans rithönd og fjalla eingöngu um sýnir hans og duláhrif. Sum þeirra eru vottfest.

Síðast kemur svo umsögn ýmissa merkra manna um miðilinn, þeirra, sem fundi sátu og kynni höfðu af honum. Stíll hvers og eins er óbreyttur. Það, sem er úr dagbókarblöðum miðilsins, sem er meiri hluti

bókarinnar, hefi ég að vísu skrifað upp, en í engu breytt, nema þar sem þörf krafðist málsins vegna.

Ég hefi unnið þetta verk á sama hátt og ég vann að bókinni: „Frá liðnum árum“. Sá var þó munurinn þar, að stíllinn var minn, en frásögnin var frásögn Jóns Eiríkssonar sjálfs. Ég get þessa hér til þess að fyrirbyggja, að litið verði á „Úr dagbók miðilsins“ sem skáldskap frá minni hendi, og um leið að leiðrétta þann misskilning, hafi einhver litið svo á bókina: „Frá liðnum árum“. Mér hafa borizt mörg bréflæg og munnleg ummæli um bókina: „Frá liðnum árum“, sem öll eru á þann veg, að þeir telja frásögn Jóns Eiríkssonar sanna og rétta. Skal í því sambandi geta þeirra bændahöfðingjanna, Guðmundar í Múla á Landi og Helga á Efra-Apavatni í Grímsnesi. Báðir þekkja þeir lýsingarnar og þjóðhætti þess tíma, — þekkja þá frá æsku sinni, þótt báðir séu þeir yngri en Jón Eiríksson.

Bókin „Frá liðnum árum“ fjallar um líf, sem hefir verið lifað, baráttu, sem hefir verið háð við óblíð lífsskilyrði og þröngsýnan aldaranda. Meðan nokkrir lifa og muna, virðist það ekki hyggilegt, að ganga framan að þeim mönnum og fullyrða, að þeir hafi aldrei liðið fátaekt né hungur, aldrei lagt sér grásleppu til munnis, — að minnsta kosti aldrei grásleppuhveljurnar —, aldrei hvílt á heydýnu og aldrei verið menn til þess að bera 80 pund á bakinu.

Bókin „Úr dagbók miðilsins“ er um allt annað efni. Það er hægt að rengja svo að segja hvert orð í henni,

ef menn vilja svo. Þar eru engar áþreifanlegar staðreyndir fyrir hendi, — ekkert, sem þreifað verður á. Þarna er að vísu háð hörð barátta, — barátta við vantrú og skilningsleysi. Það er eftirtakanlegt, að baráttan kemur ekki einungis frá samferðamönnunum. Miðillinn berst sjálfur við vantrú og efa á allt, sem við köllum yfirnáttúrlegt. Hann er raunsæistrúarmaður, sem á tímabili æfinnar virðist jafnvel ekki trúa á annað líf. Þó ber ýmislegt fyrir hann, og allt frá barnæsku sér hann sýnir, sem ekki virðast vera af þessum heimi. Þær koma og hverfa, eru óáþreifanlegar. Í huga hins vantrúaða verða þær rugl og markleysa. Eftir því sem hann eldist, ágerist þetta svo, að ástand hans verður bæði honum og konu hans óbærilegt áhyggjuefni. Fyrir þrábeiðni þeirra manna, sem skildu, hvað var að gerast, lét hann loks tilleiðast, að fundir væru haldnir. Komu þá best í ljós hinir ótví-
ræðu miðilshæfileikar Andrésar.

Sé hlutverk miðlanna að brúa djúpið milli heimanna og sanna okkur, að til sé eitthvað annað en þessi mold og þessi jörð, séu þeir að gefa okkur augnabliksinnsýn inn á þá tilveru, sem við köllum annað líf, þá hefir líf Andrésar P. Böðvarssonar ekki verið einskisvert.

10. júlí 1944.

Elinborg Lárusdóttir.

I.

ANDRÉS P. BÖÐVARSSON

Hann var merkilegur maður í sálarrannsóknamálinu hér, og hefði þó vafalaust meira að honum kveðið, ef ástæður allar hefðu ekki gert sálrænum hæfileikum hans svo örðugt að njóta sín.

Framan af æfinni, allt frá barnæsku, var hann mikið skyggn. Það var auðvitað barið niður, oft með harðneskju. Hann naut ekki þeirra hlunninda fyrr en eftir að hann var orðinn fulltíða maður og kvæntur, að vera samvistum við nokkurn mann, er bar skyn á þá hæfileika, sem hann hafði mest þegið af sjálfur, náðargáfurnar, sem Páll postuli talar um. Þetta vanþekkingarumhverfi verkaði svo á hann, að hann varð beinlínis andvígur öllum hugsunum um nokkurt samband við annan heim eða áhrif þaðan.

Andrés P. Böðvarsson er nokkuð kunnur lesendum Morguns. Sjálfur ritaði hann grein um sálræna reynslu sína í Morgun VII, bls. 31–45, og kona hans, frú Salvör Ingimundardóttir, ritaði í Morgun IX, bls. 103–118, ágæta grein um það kynlega og óvenjulega ástand, sem A. P. B. var oft í, áður en byrjað var á reglubundnum miðilstilraunum með hann. Í þessari

ritgjörð sinni skýrir Andrés frá því, að konan hans hafi alltaf haft annan skilning á sálrænni reynslu hans en hann hafði sjálfur framan af. Hún hélt, að hún stafaði frá öðrum heimi. „Þrátt fyrir það, að konan mín hélt þessari skoðun fram“, segir hann, „og þrátt fyrir það, að sú skoðun hennar styrktist mjög af viðtali við einn af allra helztu læknum landsins, þá gat ég ekki failizt á hana. Hugur minn reis gegn því eins og hverri annarri fjarstæðu, sennilega einkum fyrir það uppeldi, sem ég hafði fengið, og það umhverfi, sem ég hafði verið í, að það gæti komið til mála, að ég stæði í nokkru sambandi við annan heim.“

Svo fór að lokum, eins og Andrés gerir grein fyrir í þessari ritgjörð, að skoðun konunnar hans á þessum efnum vann sigur hjá honum sjálfum. Eftir allan mótþróann ritar hann svo í niðurlagi greinar sinnar: „Eins og ég hefi drepið á hér að framan, var ekkert auðhlaupið að því fyrir mig, að komast á þá skoðun, að ég stæði í nokkru sambandi við annan heim. Þá sannfæring hefi ég nú öðlzt. Mér finnst ég geta séð það nú, að yfir mér hefir verið vakað með ástríkum augum alla mína æfi af ósýnilegum verum. Ég sé það nú, að í öllum mínum örðugleikum hefir mér verið hjálpað með mjög merkilegum hætti. Og mér skilst svo, sem verur, er ekkert vilja mér annað en gott, vilji nú reyna til þrautar, hvort sálrænum hæfileikum mínum sé svo háttað, að þeir geti orðið öðrum mönnum að gagni.“

Enginn vafi er á því, að hæfileikar hans urðu mörg-

um að gagni. En við ramman reip var að draga, þar sem heilsuleysi hans var.

Árið 1923 missti hann heilsuna og fékk hana aldrei aftur, þó að öðruhvorum væri hann á fótum eftir það. Fyrst lá hann heima hjá sér þrjá mánuði í brjóst-himnubólgu og því næst sex mánuði á Landakotsspítala í sömu veiki. Þar fékk hann lífhimnubólgu; fór hann þá á Vífilsstaði og lá þar eitt ár og kom þaðan í apríl 1925. Nú var hann utan spítala rúm þrjú ár, en alltaf heilsulaus. Í júní 1928 fór hann aftur á Vífilsstaðahælið og var þar þá um átta mánuði. Á farsóttaspítalann fór hann í síðastl. september og var þar, þar til er hann andaðist. Allt árið 1930 var hann við rúmið, en oftast í því. Það ræður því að líkindum, að stopull varð mátturinn til hins sálræna starfs, sem bersýnilega var köllun hans öllu öðru fremur.

Skyggnin virðist helzti dularhæfileiki hans framan af æfinni, og að ýmsu leyti voru sýnirnar sannanaeðlis. Þessari gáfu var ekkert sinnt, allt látið reka á reiðanum. Að lokum tók þessi vanræksla öll að sverfa svo að manningum, að ekki var við hlítandi, eins og svo skilmerkilega kemur fram í ritgjörð þeirri eftir konu hans, er minnzt er á hér að framan. Þá fékk frúin því framgengt, að farið var að gera með honum reglubundnar tilraunir. Þegar hvarf þá með öllu það ískyggilega ólag, sem á hafði verið og frúin skýrir frá. En miðilshæfileikinn breyttist. Sýnirnar hurfu að mestu leyti, en Andrés gerðist merkilegur trance-miðill. Aðaláherzlan var þar lögð á að koma fram endur-

minningasönnunum, og oft tókst það vel. Þær persónur, sem gerðu vart við sig hjá honum, voru merki-
lega ólíkar hver annarri og með mjög ákveðnum ein-
staklings-einkennum. Og ein þeirra hafði til að bera
mjög einkennilega, nokkuð hnútótta, en furðu kraft-
mikla mælsku, er seint mun gleymast þeim, er kynnt-
ust henni.

Framan af æfinni naut Andrés P. Böðvarsson engr-
ar menntunar annarrar en þeirrar, sem strit lífsins
veitir. Hann fór að vinna, meðan hann var enn barn
að aldri. Hann var orðinn í ýmsum efnum fróður
maður, þegar hann fór af þessum heimi. Eftir að hug-
ur hans tók að vakna og snúa sér að mikilvægum hlið-
um tilverunnar, var hann með afbrigðum bókhneigð-
ur og fróðleiksfús, enda var Andrés gáfaður maður,
stálminnugur og vel máli farinn. Á síðustu árum
hneigðist hugur hans að ritstörfum. Áreiðanlega liggja
eftir hann rit, sem nauðsynlegt er að hafa gætur á og
varðveita frá gleymsku og glötun.

Einar H. Kvaran.

II.

VANRÆKT MIÐILSGÁFA

Erindi flutt í S. R. F. Í. Eftir EINAR H. KVARAN

Inngangur

Vafalaust hafið þér flest eða öll veitt því eftirtekt og hugsað út í það, að sálarrannsóknarmálið hefir margar hliðar. Langoftast hugsum vér víst margir um sálarrannsóknirnar sem leið til þess að komast að skynsamlegri ályktun um það, hvort unnt sé að fá sannanir fyrir framhaldslífi mannanna eftir andlátíð. En hliðarnar eru vitanlega miklu fleiri. Og eina þeirra ætla eg að minnst á í kvöld. Það er sú hliðin, er veit að þeim mönnunum, sem sálarrannsóknarmálið á auðvitað langmest að þakka, en það eru miðlarnir. Ef þeir hefðu ekki verið, þá hefðu engar sálarrannsóknir verið, í þeim sérstaka skilningi þess orðs, sem vér könnumst öll við. Og þeim, sem hafa ritað um málið og ekki haft reynsluþekking á miðlafyrirbrigðum, hefir hætt við að segja ýmislegt það, sem vakið hefir óþolinmæði eða hlátur eða meðaumkun þeirra manna, sem þá þekkingu hafa.

Samt er það ekki nema lítill reitur af þeirri hlið málsins, er að miðlunum veit, sem eg ætla að minnst á í kvöld. Sú spurning kemur alltaf aftur og aftur, hvort það sé ekki skaðlegt fyrir heilsuna að fást við

miðilsstarfsemi. Sú trú er ákaflega algeng, að það sé hættulegt. Eg hefi líklegast haft meiri kynni en flestir aðrir í þessu félagi af þessari trú, eins og eg hefi fengið meira við miðilstilraunir en flest félagssystkini mín. Eg hefi fengið margháttáða reynslu, sem bendir í þá átt, að miðlafæðin, sem vér eigum við að búa, stafi langmest af þessari trú. Stafar hún líka að nokkru leyti af mannaþrældómi. Sumir þora ekki að fást við slík störf af ótta við menn, spott þeirra og óvild gegn starfinu. En hún stafar miklu meira af hræðslu við starfið sjálft, ótta sálrænu mannanna og ótta þeirra, sem að þeim standa með einhverjum hætti.

Nú getur enginn ágreiningur verið um það, að hætta getur stafað af miðilstilraunum. Mér vitanlega er enginn sá hlutur til og ekkert það starf til í þessari veröld, sem ekki getur stafað hætta af. Eldkveikjan er líklega merkilegasta uppgötvun mannanna. Eg þarf ekki að fjölyrða um það við ykkur, að af henni getur stafað mikil hætta. Öll áhöld, sem vér notum á þessu menningarstigi mannanna, geta valdið oss hættu. Siglingarnar eru ein af þörfustu athöfnum mannanna. Ykkur er öllum kunnugt um, að þær eru að sjálfsögðu ekki hættulausar. Trúræknin er einn af yndislegustu eiginleikum mannanna, en hún getur orðið að brjálsemi. Svona mætti halda áfram miklu lengur en nokkurt okkar mundi endast til. Hættan er ekkert séreinkenni á miðilstilraunum. Hún er sameiginlegt einkenni alls á þessari jörð.

Eg ætla ekki í kvöld að tala um þær hættur, sem af

tilraunum kunna að stafa. Eg ætlast til, að það, sem eg fer með, verði nokkur bending um þá hættu, sem af því getur stafað, að leggja tilraunir undir höfuð, þegar þeirra er þörf, og af því að vanrækja að kynna sér sálarrannsóknarmálið. Eg ætla að lesa ykkur eitt dæmi þess, sem mér finnst mikils um vert, og sá lestur verður aðalefni þess, sem eg segi nú, þó að eg hafi hugsað mér að hnýta við það mál nokkrum athugasemdum.

Eins og kunnugt er, er hér í félaginu nú haldið uppi reglubundnum tilraunafundum, sem mikið er sótt eftir að komast á. Miðillinn er Andrés P. Böðvarsson. Hann hefir áður í þessu félagi gert ofurlitla grein fyrir þeim örðugleikum, sem urðu á vegi hans, vegna hinna sálrænu hæfileika sinna, áður en hann fór að fást við tilraunir, og sú frásögn hans var prentuð í Morgni. En þó að sú ritgjörð hans væri í öðrum efnum fróðleg og góð, þá fór hann mjög fljótt yfir sögu um örðugleikana. Nú hefir kona hans, frú Salvör Ingimundardóttir, samið frásögn um þessa örðugleika. Í mínum augum er þessi ritgjörð hennar með afbrigðum merkilegt sálarrannsóknarskjal, töluvert merki-legra en sumt af því, sem lærðu spekingarnir hafa verið að segja í París á alþjóðafundi sálarrannsóknarmanna. Eg ætla nú að lesa frásögnina, og eg geng að því vísu, að þið hlustið öll á hana með athygli og samúð.

Frásögn frú Salvarar Ingimundardóttur

Tilfnið til þess, að eg segi frá því, sem hér fer á eftir, er það, að ýmsir hafa spurt mig, hvort maðurinn minn muni ekki vera svo heilsulítill sem hann er, vegna þess að hann sé að fást við miðilstilraunir. Eg hefi ávallt neitað þeirri spurningu. Það er sannfæring mín, að það sé að einhverju miklu leyti vegna þessara tilrauna, að hann hefir fengið þá heilsu, sem hann hefir. Hún er auðvitað völt enn. En hún hefir farið batnandi. Ef menn athuga það, sem eg hefi um það að segja, hvernig heilsu hans var háttað, áður en tilraunirnar hófust, og svo það, hvernig nú er ástatt, þá geri eg ráð fyrir, að margir muni kannast við, að þessi sannfæring mín sé reist á nokkurri reynslu.

Eg kynntist manningnum mínum fyrst árið 1917. Eg var þá hjúkrunarkona á sjúkrahúsi á Patreksfirði. Þangað kom hann sem sjúklingur. Mér virtist hann einkennilegasti sjúklingurinn, sem eg hafði séð. Þegar eg tók á móti honum og ætlaði að fara að hjálpa honum úr fötunum, var hann illur viðureignar og vildi ekkert af mér þiggja. Hann er þá að tauta hitt og annað, sem eg gat ekkert áttað mig á, hvað var. Eg hélt fyrst, að hann hlyti að hafa háan hita og væri með óráði. En hann reyndist hitalaus, og eg gat ekki sett þetta undarlega atferli í samband við það, sem að honum gekk, — sem var ofþreyta í bakinu.

Hálftu öðru ári síðar vorum við trúlofuð. Mér finnst rétt að minnst hér á tvo gesti, sem heimsóttu mig þá,

sinn í hvoru lagi. Þeir höfðu báðir notið minnar hjúkrunar sem sjúklingar og þeim var vel við mig. Báðir komu þeir til þess að vara mig við þessum ráðahag. Eg ætla að segja frá samtalinu við annan þeirra. Það var líkt við þá báða, og báðir höfðu í raun og veru sömu söguna að segja.

Maðurinn sagði mér, að unnusti minn væri „svo undarlegur“. Eg spurði hann, í hverju þessi „undarlegheit“ væru fólgín. „Það er eins og hann sé ekki almennilegur“, segir hann þá. Hann sé kynlega uppstökkur stundum. Fyrir komi það, að hann geti ekki vaknað. Einu sinni hafi verið slegið framan í hann blautum sjóvetling, þegar aðrar tilraunir til þess að vekja hann hafi reynzt árangurslausar; þá hafi hann rekið upp hljóð og ekki komizt á fætur þann dag og ekki heldur svarað neinu þann daginn því, sem á hann var yrt. Þetta væri ekki neitt undantekningaratvik, því að svona hefði hann þrífaldlega verið, og stundum, þegar hann hefði setið við færið sitt, hefði hann starað út í bláinn eins og utan við sig, ekki svarað því, sem við hann var sagt, og ekkert þá hægt við hann að eiga. Báðir töluðu þeir að öðru leyti vel um hann, lýstu honum sem góðum dreng, greinargóðum manni og röskum sjómanni. En þeim fannst það mjög varhugavert fyrir mig að sleppa góðri stöðu og bindast slíkum manni, — þó að þeir vissu að öðru leyti ekkert annað en gott um hann að segja.

Það stendur í „Syndum annarra“, að enginn lifandi maður fari eftir því, sem honum er ráðið til. Að

minnsta kosti var svo um mig. Mér kom ekki til hugar að fara eftir þessum ráðleggingum, enda hafði eg ekki kynnt neinu um mannsefnið, sem gaf mér réttmæta ástæðu til þess að bregðast loforði mínu við hann, — né heldur hefi eg kynnt neinu þess háttar fram á þennan dag.

Frá einu atviki í tilhugalífi okkar ætla eg að segja. Mannsefnið kom af skipi heim til mín í spítalann á Patreksfirði til þess að heimsækja mig. Við vorum að tala saman inni í stofu. Allt í einu stendur hann upp, reiðir hnefann eins og til höggs og skipar einhverjum, sem eg sé ekki, að fara tafarlaust út, hann ætti ekkert erindi þangað og hann fengi sig ekki út. Lyklar lágu á borðinu hjá mér. Hann þreif þá og sagði, að þeir skyldu í hausinn á þessum, sem hann var að tala við, ef hann færi ekki út undir eins. Eg fór að tala við hann og spurði, hvað að honum gengi og hvers vegna hann væri svona. En eg fékk ekkert svar. Litlu síðar skall hann aftur á bak á legubekk og virtist þá vera meðvitundarlaus. Eg man ekki, hvað lengi hann var í þessu meðvitundarleysisástandi. En nokkru síðar raknaði hann við og var þá máttfarinn. Eg afstýrði því að hann færi út á skipið um kveldið og bjó um hann í einu sjúkrarúminu. Morguninn eftir sagðist hann vera frískur. Eg skildi ekkert í þessu og hélt, að yfir hann hefði liðið. Þá hafði eg ekkert kynnt því, sem nefnt hefir verið dularfull fyrirbrigði.

Frá þessum tíma til 1919, þegar eg kom til Reykjavíkur, varð eg einskis vör í þessu efni, enda vorum við

ekki samvistum nema endrum og sinnum, örstutt í hvert skipti.

Svo var það veturinn 1919–20. Við áttum þá bæði heima hér í bænum, en vorum ógift og sitt í hvoru húsi. Einu sinni kom maðurinn, sem hann leigði hjá, heim til mín með miklum asa og biður mig að koma með sér tafarlaust, því að eitthvað mikið sé að Andrési. Nokkru seinna sagði þessi maður mér, að hann hefði þá haldið, að Andrés væri að deyja. Eg átti örðugt með að fara út, því að eg var að stunda veikan sjúkling, og spurði hann, hvort svo mikið lægi á, að eg mætti ekki láta þetta dragast til kvöldsins. Hann þverneitaði öllum drætti, sagði, að eg yrði að koma strax. Eg fór þá heim þangað sem Andrés var. Hann lá þar á rúmi með opin augun, eins og hann væri að stara út í bláinn, svaraði engu, þegar eg yrti á hann, en fór að tala um, að svona hafi skipið „Valtýr“ farizt, og gat um sérstök atvik í því sambandi. Þegar þetta gerðist, voru menn farnir að vonast eftir þessu skipi, en ekkert hafði af því frétt. Fáum dögum áður hafði Andrés sagt mér, að hann væri hræddur um, að það hefði farizt, því að hann kvaðst þá hafa mætt skipshöfninni hér á götunum og ætlað að tala við skipverja, en þá hefðu þeir horfið.

Eg fann það undir eins, þegar eg fór að vera með manninum mínum, að svefni hans var eitthvað óvenjulega háttað. Eg man það, að nokkrum kvöldum eftir að við vorum gift, sat eg við rúm okkar með vinnu mína, en maðurinn minn var háttaður. Hann hafði talað um, að hann væri svo þreyttur, og háttaði fyrir en

venja hans var. Ég tók þá eftir því stuttu eftir að hann sofnaði, að andlit hans fór að breytast. Allir drættir skýrðust, og það var eins og andlitið allt stækkaði. Sérstaklega sýndist mér ennið verða svo kúpt. Augun voru opin, og mér virtust þau miklu stærri en þau áttu að sér. Bjart var yfir svip hans, og ég sá ekki annað en að honum liði mjög vel. Líka tók ég eftir því, að ég heyrði engan andardrátt. Hann lá alveg hreyfingarlaus. Hjartslátturinn var mikið hægur, en reglulegur. Ég tók nákvæmlega eftir öllu útliti hans. Góða stund var það alveg tilbreytingarlaust, þangað til eg sá, að hann fór að hreyfa varirnar, eins og hann væri að tala við einhvern. Líka hló hann glaðlega. Sérstaklega fannst mér elskulega bjart yfir öllu andliti hans, en engin orð gat eg heyrt. Þetta svefnástand hans, sem eg kallaði svo, hélzt $\frac{3}{4}$ úr kl.stund. Þá fór hann að draga að sér andann, samt með löngu millibili, — og segist svo vera „kominn aftur“. Eg spurði hann, hvort hann hefði farið í ferðalag. Hann játaði því. Eins spurði eg um líðan hans. Hann sagði, að sér liði vel. Það sá eg, að hann var enn ekki eðlilega vaknaður, því að andardráttur hans var enn með löngu millibili og andlitið var ekki heldur eðlilegt. Mig langaði til að vita, hvort hann gæti ekki sagt mér eitthvað frá þessu ferðalagi. „Jú, það sótti mig fjarska höfðinglegur fornmaður“, sagði hann þá. Ekki vissi hann nafn hans, en fornmaðurinn hafði sagt honum að koma með sér, hann þyrfti að sýna honum einhvern stað, sem hann lýsti greinilega.

En nú fóru vandræði að byrja, að mér þá fannst, því að undantekningarlítið var hann fyrra part þessa vetrar daglega undir einhvern veginn löguðum dulrænum áhrifum, sem eg skildi ekkert í, og vissi ekki, hvernig eg átti með að fara. Þetta ástand hans fór að verða mér alvarlegt áhyggjuefni, því að eg fann, að það samrím-dist illa daglegu lífi okkar. Eg ætla með eftirfarandi línunum að reyna að skýra frá því, sem mér fannst erfiðast.

Stundum, þegar hann kom heim frá vinnu á kvöldin og eg var búin að láta matinn á borðið og beið eftir honum, brá mér við í meira lagi. Hann kom þá inn þegjandi, eins og hann sæi mig ekki, og datt niður á stólinn við borðið, án þess að fara úr óhreinu fötunum, og tók hvorki af sér húfu né vettlinga, þó að hvorttveggja væri blautt. Oft kom það þá fyrir, að hann seig fram á ílát þau, sem á borðinu voru, og eins þó að á þeim væri matur. Mér datt þá oft í hug, að vín væri í honum, en sá svo, að ekki gat það verið. Eg spurði hann, hvort hann væri veikur eða hvað hefði komið fyrir hann í dag, og hvers vegna hann væri svona. En eg fékk ekkert svar. Eg fór þá að reyna að færa hann úr óhreinu fötunum, en það gekk ekki vel, því að hann var alveg máttlaus. Venjulega fór hann að gefa eitthvert hljóð frá sér bráðlega eftir að eg fór að ná honum úr fötunum, og tala eg ekki um, hvað það gladdi mig, þegar eg fékk hann þá til þess að segja eitthvað við mig. Oftast var það fyrsta hreyfing hans, að hann fór að nudda augun og spyrja, hvort eg væri

hér og hvort hann væri kominn heim. Mér fannst honum léttu við, að eg játaði því, að hann væri heima, og venjulega svaraði hann því, að það væri gott.

Oft reyndi hann að borða eftir þetta ástand, áður en hann fór í rúmið, en venjulega gat hann það ekki. Hann var svo máttfarinn, að hann missti það úr hendinni, sem hann hélt á, og eins sagðist hann engu geta niður komið, því að það stæði fast í hálsinum. Mjög lítið gat hann við mig talað, sagðist bara vera þreyttur, en annað væri ekki að sér. Eg reyndi þá að koma honum í rúmið og þvo hann þessi kvöld. Hann bað mig venjulega að vera hjá sér, því að hann væri svo hræddur við þessa menn. — „Hvaða menn?“ spurði eg. — „Nú, þessa menn, sem alltaf eru að elta mig og tæta mig í sundur.“ — „Hvaða menn eru það?“ sagði eg. Venjulega svaraði hann þá gremjulega, að það væru „þessir menn“, eg vissi það líklega, það væri alveg fullt herbergið, hann gæti ekki andað, eg yrði að opna glugga, — þó að glugginn væri opinn. Eins var hann þá oft hræddur, eg yrði að halda í höndina á sér og gæta þess, að þeir færu ekki með sig. Hann hljóðaði þá venjulega upp og sagði, að þeir ætluðu að taka sig, hvað sem hann segði, og tæta sig sundur. Andlit hans varð þá æfinlega angistarfullt ásýndum og þján-ingarlegt, að mér sýndist.

Með tvennu móti varð ástand hans, eftir það sem ég hefi nú frá sagt. Sum kvöldin lá hann alveg hreyfingarlaus, og gat eg ekki heyrt andardrátt hans, hvað

vandlega sem eg hlustaði eftir honum. Eg var ekkert hrædd við það, því að eg sá þá ekki annað en að honum mundi líða vel þá stundina. En eftir nokkuð langan tíma fannst mér hann vera farinn að sofa eðlilegum, rólegum svefni. Og vandræðalaust var mér þá að vekja hann að morgni, þegar hann þurfti að fara til vinnu sinnar, og þá kvartaði hann nærri því aldrei um þreytu.

Hitt ástandið var þveröfugt, og nú ætla eg að skýra frá því. Hann var þá ókyrr, skammaðist við eitthvað, sem eg vissi ekki, hvað var, söng parta úr lögum, blístraði, blótaði og hrækti, og stundum átti eg fullt í fangi með að halda honum í rúminu. Ekki gat eg fengið hann til þess að svara mér, þó að eg reyndi að tala við hann. Í þessu ástandi var hann oft margar klukku-stundir. Stundum vaknaði hann upp frá þessum ósköpum og kvartaði þá um, að sér væri svo illt, að hann gæti ekki hreyft höfuðið, sagði, að sér fyndist hann allur í sundurlausum pörtum og sumir partarnir svo stórir, eða að annar fóturinn væri tveir fætur; mætti ekki minna vera en að þeir skiluðu sér öllu aftur, úr því að þeir ætu sig ekki alveg. Líka sá hann þá oft hvítklæddar verur og mann, sem hann sagðist hálfpartinn þekkja, en mundi ekki, hver var. Oft var hann líka að skipa hinum og öðrum, sagðist ekki vilja hafa þá inni. Ennfremur spurði hann mig, hvort eg heyrði ekki söng, sem eg auðvitað heyrði ekki. Frá þessum ósköpum sofnaði hann svo, en lítt mögulegt var mér að vekja hann til vinnu morguninn eftir, hvernig

sem eg reyndi, og fyrir kom það, að eg gafst alveg upp við það. Venjulega vaknaði hann með sáru veini, sagðist vera svo veikur, svo illt í hnakkanum, og stundum sagðist hann ekki vera þetta sjálfur. Þó að hann færi að fara í fötin, virtist mér það stundum ósjálfrátt káf, því að oft varð eg að hjálpa honum til að klæða sig. Líka kvartaði hann undan því, að hann kæmist ekki í klossana, sem hann gekk í til vinnu, því að fóturinn á sér væri svo stór, eða þá að hann hélt, að eg hefði sinn rétta fót í öðru herbergi, og skipaði mér að sækja hann. Eftir þessar nætur fannst mér hann daufur og þreytulegur, er hann kom heim til miðdegisverðar.

Oft sagði hann mér þá, að hann hefði séð hitt og annað, sem hann nefndi, á leiðinni í vinnu. Og einu sinni var það um morgun eftir eina slíka nótt, að honum sýndist allt hverfa, sem honum var kunnugt. Hann vissi þá ekki, hvar hann var staddur, en til hans kom maður, sem hann þekkti ekki, og rétti honum band með áletruðum orðum og mannanöfnum og lét manninn minn rekja það upp í hönd sína. Ekki gat hann skilið, í hverjum tilgangi maðurinn léti hann gera þetta, né heldur skildi hann það, sem á bandið var letrað, þangað til hann sá sitt nafn. Þá slitnaði bandið sundur, og maðurinn minn stóð í sömu sporum og hann var í, þegar umhverfið hvarf honum. Einn félagi hans, sem líka var að fara í vinnu, sló þá á öxlina á honum og spurði hann, hvers vegna hann stæði þarna eins og bjáni.

Hann var líka mikið undir skyggni-áhrifum þennan

vetrartíma. Lítið vildi hann segja mér af því, sem hann sá. Mér virtist hann afar tortrygginn gagnvart mér. Hann sagði, að eg segði frá þessu, sem ekkert væri annað en tóm vitleysa og ekki neitt. Ekki trúði hann því heldur, að örðugt væri að vekja hann, né heldur neinu, sem eg sagði honum af þessu ástandi hans; hann hefði víst bara dreymt illa, og víst gæti ekki verið nein vandræði með sig.

Oft kom það fyrir, þegar við vorum að tala saman, að hann hætti að anza mér, og þó gat eg ekki betur séð, en að hann væri vakandi. Stundum kom þetta fyrir, þó að gestir sætu inni hjá okkur, að allt í einu þagnaði maðurinn minn og svaraði engu. Mikið þótti mér þetta leiðinlegt, eins og fleira af því, sem eg hefi nú sagt frá. Mér datt eins oft í hug, að þetta stafaði frá geðbilun, eins og hitt, að um dulræn áhrif væri að ræða, og var eg þó fullkomlega farin að halda, að um slíkt væri að tefla. Að sumu leyti þótti mér vænt um, ef svo væri, en hina stundina hræddist eg það allt saman.

Alltaf var eg að spyrja hann um eitthvað þessu viðkomandi, en græddi oft lítið á því, eins og eg hefi frá sagt. Eg sagði honum meðal annars, að mér þætti svo leiðinlegt, hvað hann væri undarlegur, að stundum, þegar gestir kæmu, hætti hann allt í einu að anza, og þeir hefðu á orði, þessir kunningjar mínir, að þeir gætu helzt ekki komið til mín, ef maðurinn minn væri heima; hann væri svo undarlegur. Hann sagði mér þá, að þó að hann heyrði til mín eða annarra, sem

við hann töluðu, og sæi okkur, þá gæti hann ekki með neinu móti anzað, því að ákafinn væri svo mikill í hinum að tala við sig, að hann gæti ekkert sagt. — „Hverjir eru þessir hinir?“ spurði eg. — „Nú þessir dauðu“, sagði hann þá.

Þannig leið tíminn fram yfir hátíðir, svipað því, sem eg hefi nú frá sagt. En eftir það fóru þessi miklu óþægindi í svefni fremur að strjálást. Hann varð þá líka atvinnulaus, svo að ekki þurfti að vekja hann á morgnana, og hann fékk að njóta svefns, þar til hann vaknaði sjálfur.

En þá var það líka oft, þegar hann kom heim, eftir að hafa farið niður í bæ, að eg heyrði hann vera að bjóða mönnum að gera svo vel og koma inn, þó að hann væri einn. Þegar eg spurði hann, hverjum hann væri að bjóða inn, sagði hann, að það hefði verið kunningi sinn eða kunningjar, og oft var það, að hann sagði: „Pétur, þú kemur inn. Ætlar þú ekki að koma inn?“ Um þennan „Pétur“ og afskipti þau, sem mannum mínum fannst hann verða var við af hans hálfu, mætti rita langt mál. Hann var vinur mannsins míns og þá nýdrukknaður. Stundum var það, þegar hann kom heim svona á sig kominn, að hann féll í meðvitundarleysisástand. En líka kom það fyrir, og mikið oft, að hann lagði sig út af og kvaðst vera svo máttlaus. Alltaf var hann þá fáorður.

Einu sinni þurftum við að fá okkur stúlku til hjálpar, því að eg lá á sæng. Við fengum hana, og hún lofaði að vera hjá okkur nokkra daga, en ætlaði

að sofa heima hjá mömmu sinni. Stúlkan var hjá okkur einn dag. Morguninn eftir kom hún ekki. Maðurinn minn fór heim til hennar, til þess að fá að vita, hvernig á því stæði, að hún hafði ekki komið. Móðir hennar sagði honum þá, að hún fengist ekki með nokkuru móti til þess og þætti sér það leiðinlegt. Ekki væri til neins að nefna við hana að fara, því að hún hefði orðið svo hrædd við hann daginn áður. Og stúlkulaus varð hann að fara. Eg vissi það, að hann hafði verið undir áhrifum þennan dag, hafði dottið niður á gólfid, þar sem stúlkan var við vinnu sína, og vinkonur mínar, sem þennan dag voru hjá mér, höfðu verið alveg í vandræðum með að halda honum vakandi og sagt mér, að það væri ekki eiginlega gaman að eiga við manninn minn og óviðfelldið að tala við hann. Eg hafði beðið þær að lofa honum að vera í friði. En þær voru ófáanlegar til þess, vildu ekki að hann færi að sofa, þar sem hann stæði. Þetta sama kvöld lagði hann af stað til læknis hér í bænum. Ekki þorðu þær, að hann færi einn út, og sendu stúlku á eftir honum til þess að gæta þess, hvað af honum yrði. Stúlkan sagði, að hann hefði gengið svo hart, að hún ætlaði ekki að hafa við honum, og hann fór beina leið til þessa læknis. Síðar sagði hann mér, að hann hefði ekki vitað af sér í þessu ferðalagi, fyrr en hann hefði verið kominn inn í forstofuna hjá læknum og skollid þar niður. Þá raknaði hann við og áttaði sig á því, hvert hann var kominn.

Einn húseigandi, sem við leigðum hjá um tíma,

hafði það fullkomlega á orði, að sér væri ekki um að leigja okkur, því að maðurinn minn væri svo undarlegur. Hann vildi helst ekki hafa andatrúarmenn í húsi sínu, sem „tómir draugar“ fylgdu. Maðurinn minn varð var við margt í því húsi og oft honum til óþæginda. Þrásinnis fannst honum svo fullur gangurinn inn í húsið, að hann komst ekki inn. Og stundum fannst honum það svo ískyggilegt, sem hann varð var við, að hann þorði ekki einu sinni inn að fara og bað mig að koma út á móti sér, sagði, að það færi, sem hann hræddist, ef eg kæmi fram. Í því húsi leið honum aldrei vel.

Eg fann, að heilsu hans var að hnigna. Hann kvartaði stöðugt um þreytu, þó að um litla vinnu væri að að ræða. Mér fannst það ekki óeðlilegt, því að svo mikið virtist mér hann líða við þessi áhrif, sem eg hefi sagt frá. Oft talaði eg um það við hann, að eg væri svo hrædd við þetta dularfulla ástand hans. Eg bað hann að tala um þetta við lækni, til þess að reyna að komast eftir því, hvort þetta stafaði frá einhverjum kynlegum sjúkdómi. Líka bað eg hann oft að lýsa þessu öllu fyrir prófessor Haraldi Níelssyni eða Þórði Sveinsyni lækni. En hann neitaði þessu öllu harðlega og vildi ekki heyra það nefnt, að á þetta væri minnt við nokkurn mann — og sízt að hann vildi láta fara að drasla sér inn að Kleppi og gera sig þar að vitferring. Sama var að segja um að leita til síra Haralds Níelssonar. Maðurinn minn áleit það allt mestu fjarstæðu, sem að dulrænni starfsemi laut, — blátt áfram tóma

vitleysu og óleyfilegt athæfi. Það skyldi aldrei fyrir koma, að eg fengi sig til að tala við þessa menn eða láta þá eiga við sig. Svo að sízt var það á rökum byggt hjá þessum húseiganda, sem eg hefi getið um, að hann vildi ekki leigja manningnum mínum, af því að hann væri „við þessa andatrú“, eins og það var stundum orðað.

Eftir 2½ árs samvistir okkar, missti hann heilsuna. Hann lá þá fyrst nokkra mánuði heima, og þá varð eg þess lítið vör, að hann væri undir áhrifum. Ekki nefndi hann heldur, að hann sæi sýnir, eftir að hann var kominn í sjúkrahús, haustið 1924. Hann var þá fyrst á Landakotsspítalanum, en fór á heilsuhælið á Vífilsstöðum 6. apríl. Í júlímán. var hann þar töluvert mikið veikur, en þegar það gerðist, sem eg ætla nú að segja frá, var honum farið að líða mikið betur af lífhimnubólgunni, sem var sjúkdómurinn, er að honum gekk. Eg kom þá í heimsókn til hans, eins og eg hafði áður gert. Eg hafði setið nokkuð lengi hjá honum og talað við hann. og hann hafði verið vel hress og glaður, eins og hann var æfinlega, þegar eg kom að finna hann. Allt í einu hætti hann að tala við mig. Eg sá þá, að það var eins og áður, að hann var að komast undir áhrif. Hann lá á sex manna stofu, og sjúklingur var í hverju rúmi, svo að ekki varð hjá því komizt, að þeir yrðu varir við þá breytingu, sem allt í einu var orðin á manningnum mínum. Þeir héldu, að eitthvað mikið væri að. Sumir hugðu hann vera að deyja. Eg reyndi að gera þeim það ljóst, að ekkert væri ísjárvert

við þetta; þetta hefði svo oft komið fyrir, meðan hann hefði haft heilsu. Ef hann fengi aðeins að vera í friði, mundi þetta jafna sig bráðlega. En þessar fortölur mínar urðu alveg árangurslausar. Þeir hringdu allir í ósköpum, dauðahringing sem kölluð er. Og yfirhjúkr-unarkona deildarinnar kom þjótandi inn og spurði, hvað um væri að vera. Eg sagði henni það sama, sem eg hafði sagt sjúklingunum, — hann væri vanur að fá þetta og best væri að lofa honum að vera í friði. Hún sinnti ekki orðum mínum fremur en þeir og sendi tafarlaust eftir aðstoðarlækni hælísins. Hann kom á svipstundu og taldi best að gefa honum inn einhverja tiltekna dropa; þá mundi þetta lagast. Mér þótti allt þetta umstang leiðinlegt, en fékk engu um þokað. Eg sá, að manningum mínum fór að líða illa, þegar farið var að reyna að fá hann til að taka inn meðalið. Hann reyndi með öllu móti að skyrpa því frá sér. Þegar hætt var við tilraunina að koma því ofan í hann, fór honum auðsjáanlega að líða vel, en vaknaður var hann ekki, þegar eg varð að fara út úr stofunni. Þessi áhrif höfðu þorrið með heilsuleysi hans. Mér þótti vænt um, að þau komu nú þrátt fyrir alla þá örðugleika, sem þau höfðu valdið mér, af því að eg tók þau sem batamerki.

Eg talaði um þetta við hjúkrunarkonuna, sagði henni, að hann hefði svo oft verið svona, áður en hann missti heilsuna, og mér hefði virzt best að lofa honum þá að njóta næðis. Og eg óskaði þess innilega, að hún gerði það, ef þetta kæmi fyrir aftur. Eg áleit

hættulaust, eftir reynslunni, að láta þetta afskiptalaust, en eg var ekki sannfærð um að hitt væri jafnlítill áhætta, að fara að „lækna“ hann af þessu og gefa honum inn meðul, meðan hann var í þessu ástandi. Hún játaði því, sem eg sagði henni. En eg fann, að hún tók ekkert mark á því. Seinna talaði eg við aðstoðarlækninginn um þetta sama. Hann tók öllu vel, en sagði, að þetta væri svo vanalegt með svona sjúklinga og það jafnaðist aftur bráðlega. Ekki sagði hann mér, af hverju þetta stafaði, og tali að gott væri að gefa honum inn, til þess að hann fengi ró. Eg fann, að eg græddi ekkert á því að tala meira um þetta mál.

Skömmu síðar var hann fluttur á aðra stofu. Þar var hann með sjúklingum, sem skildu það betur, að hann var frábrugðinn öðrum mönnum. Hann fór að frískast. Þegar heilsan batnaði, fór hann að fá skyggina aftur. Hvað fyrir hann hefir borið á þeirri stofu, getur hann ekki sjálfur sagt, þar sem allt gerðist án þess að hann vissi af því. En áreiðanlega fór hann nokkrum sinnum í trance, og fólkinu þótti hann „undarlegur“. Yfirlæknirinn vissi það og lét hann sjálfráðan um atferli sitt. Maðurinn minn var og er honum, og þeim báðum læknum, mjög þakklátur fyrir það og allt annað, sem hann hefir haft af þeim að segja, eins og yfirleitt fyrir alla þá veru sína á Vífilsstöðum, — og þá ekki síður Matthíasi Einarssyni lækni, sem hefir stundað hann af svo mikilli alúð hér í bænum. Sumar sýnir hans á hælina voru stórmerkilegar, sérstaklega

fjarsýnir. En eg ætla ekki að lengja þetta mál með því að skýra frá þeim. Það getur hann betur gert en eg.

Hann var rétt ár á Vífilstöðum. Lengur gat hann ekki fengið þar að vera, af því að ekki var hættu talin stafa af honum fyrir aðra menn. En þegar hann kom heim aftur, fór að brydda á hinum óreglulegu og viðsjálu áhrifum, sem eg hefi sagt frá, að kennt hafi áður en hann veiktist. Þau urðu ekki jafntíð þetta sumar, eins og þegar mest hafði að þeim kveðið. En samt voru horfurnar í þessu efni ískeyggilegar. Hann hefir sjálfur minnst á það í ritgjörð sinni í Morgni, þegar honum var fleygt fram úr rúminu, og að högg komu á rúmið nokkur kvöld. Þegar honum var fleygt fram úr rúminu, sá eg ljósrák, sem ekki gat stafað af venjulegum orsökum, koma upp á rúmið, og í því bili fleygðist hann úr því fram á gólf. Þar lá hann a. m. k. klukkustund. Þetta gerðist á því tímabili, sem eg er nú að segja frá, eða eftir að hann kom heim aftur.

En nú varð sú mikilvæga breyting á, að hugur hans fór að hneigjast smátt og smátt að sálarrannsóknunum, sem hann hafði verið svo mótfallinn, eins og hann hefir sjálfur vikið að í ritgjörð sinni í Morgni VII. árg. Hann fór að lesa um þær, og fyrir milligöngu vinkonu minnar, frk. Sigríðar Snæbjörnsson, var hann við lækningatílaunir hjá Andrési Andrésyni klæðskera. Ekki gat eg betur fundið en að hann hefði ómetanlegt gagn af þeim tílaunum. Undir haustið lét hann tilleiðast að fara vikulega í sambandsástand með nokkrum vinum sínum. Og í desember, líka fyrir

milligöngu sömu vinkonu minnar, stofnaði Einar H. Kvaran „hring“ til þess að gera tilraunir með hann. Tilraunum í húsi hans hefir verið haldið áfram fram á þennan dag. Eg ætla ekki að skýra frá árangri þeirra tilrauna að neinu öðru leyti en því, er kemur við heilsu mannsins míns.

Fyrst er hin líkamlega heilsa hans. Hún er nú komin í það lag, að þó að hann þoli enn ekki harða áreynslu, finna lækarnir ekki, að neitt sé að. Eins og eg sagði í upphafi þessarar frásagnar minnar, tel eg mig hafa ástæður til að ætla, að batinn sé að einhverju miklu leyti að þakka tilraununum. Eg ætla nú að gera stuttlega grein fyrir þeim ástæðum.

Fyrst er nú það, að hann hefir þrásinnis farið í sambandsástand á nóttum í rúmi sínu, það sem nefnt er hálftrance. Þá er eins og hann sé að tala við einhverja ósýnilega vini sína, sem séu að fást við að lækna hann. Hann er þá að biðja þá að meiða sig ekki, nota ekki við sig hnífa og þar fram eftir götunum. Í þessu ástandi hefir oft verið eins og hann sé látinn gera reglubundnar andardráttaræfingar.

Annað er það, hve furðulega fljótt hurfu afleiðingarnar af lífhimnubólgunni, sem var hans aðalmeín á Vífilsstöðum. Honum hafði verið sagt, þegar hann fór þaðan, að hann mundi öðruhvorum hafa óþægindi af því, eða tilkenningu í lífhimnunni. Læknunum var það undrunarefni, hve fljótt þessi missmíði hurfu, og einn þeirra, sem hefir rannsakað hann, vildi ekki trúá

því, að um neina lífhimnubólgu hefði verið að ræða, af því að afleiðingarnar af henni fundust ekki.

Í þriðja lagi er sú þekking á heilsufari hans, sem komið hefir fram hjá verum þeim, sem talað hafa gegnum hann í sambandsástandi. Ummælum þeirra um það efni hefir alltaf borið saman við það, sem lækna hafa sagt eftir á. Eg skal með ánægju tilfæra síðasta dæmið, enda er mér það minnisstæðast. Fyrir nokkrum dögum komst hann í mjög mikla geðshræringu. Tilraunafundur var haldinn að kvöldi daginn eftir að það kom fyrir, sem geðshræringunni olli. Það leyndi sér ekki, að geðshræringin hafði lamandi áhrif á fundinn. Þá var okkur sagt á fundinum ekki aðeins, að þetta mundi allt lagast, heldur líka, að hann mundi fá hita. Sá hiti mundi ekki stafa af neinum sjúkdómi, heldur eingöngu af geðshræringunni, og að við skyldum ekkert óttast hann. Hann hafði engan hita þennan dag, sem fundurinn var haldinn. En hitinn kom næsta dag og hélzt fáa daga. Læknir hans kom til hans, meðan á þessu stóð, og skoðaði hann. Hann staðfesti nákvæmlega ummælin í sambandsástandinu, hitinn gæti ekki stafað af neinu, sem hann yrði var við, og hlyti að koma af geðshræringunni. Og vonum bráðar var þetta um garð gengið.

Þá er og þess að geta, að öll hin óreglulegu og ískyggilegu áhrif, sem hann varð fyrir á undan heilsubiluninni, bæði í vöku og svefni, áhrifin, sem eg hefi að nokkuru lýst hér að framan, hafa gersamlega horfið við tilraunirnar. Eg geri ráð fyrir, að öllum skynsöm-

um mönnum, sem þetta lesa, geti orðið ljóst, hve miklu máli þetta skiptir. Eg gat aldrei treyst því nokkurn dag, að maðurinn minn væri með sjálfum sér, hvar sem hann var staddur. Og eg gat aldrei treyst því, að hann fengi að sofa í næði nokkra nótt, eins og aðrir menn, og vaknaði ekki að morgni eins og hann væri brjáláður maður eða með sárum þrautum. Þetta voru sannar hörmungar, og eg ætla ekki að fara að reyna að lýsa þeim fögnuði, sem fylgir meðvitundinni um það, að hafa frelsast frá þeim ókjörum. En sjálfsagt er að geta þess, að skygginn, sem um tíma var svo mikil, hefir jafnframt horfið. Þegar einhverra áhrifa verður vart á nóttum nú, eru þau róleg og stillileg og valda aldrei neinum óþægindum.

Þá er loks það, sem mér finnst megi nefna hina andlegu eða sálarlegu heilsu mannsins míns. Á þessu þrautatímibili, sem eg hefi lýst hér að framan, virtist hann að jafnaði vera vansæll maður. Hann tortryggði alla og allt. Honum fannst hann vera ofurseldur illum öflum. Mér fannst hann ekki vera eins og hann átti að sér, nema einstöku sinnum. Þá leið honum vel og var glaður og góður. Nú hefir þetta sálarástand, sem um tíma var undantekning, náð fullri festu. Hans sanni maður hefir fengið að njóta sín, og sál hans hefir fyllt af góðleik og ánægju, trausti og friði og þakklæti til þeirra manna, sem hafa unnið að því að hjálpa honum út úr þessum vandræðum.

Þakklætishug mínum get eg ekki með orðum lýst.
Salvör Ingimundardóttir.

Niðurlagsorð

Þetta er þá frásögn frúarinnar. Eg tók það fram áðan, að eg teldi þetta merkilegt sálarrannsóknarskjal. Eg hefi ekki lesið það eingöngu til skemmtunar. Ekki heldur eingöngu til fróðleiks. Eg hefi fengið leyfi frúarinnar til þess að lesa ykkur það í því skyni einkum, að vekja menn til að fara að hugsa um að breyta eftir þeirra kenningu, sem í þessari frásögn er fólgin. Því að eg lít svo á, sem það skipti miklu máli, að menn geri þetta.

Örðugleikarnir, sem A. P. B. og kona hans hafa átt við að búa, áður en fram úr þeim var ráðið, hafa beinlínis verið voðalegir. Þið hafið heyrt frásögnina. Hver mundi vilja taka að sér að búa við annað eins? Eg tel mér nægja að benda á þessi ummæli frúarinnar: „Eg gat aldrei treyst því, að hann fengi að sofa í næði nokkra nótt, eins og aðrir menn, og vaknaði ekki að morgni eins og hann væri brjáláður maður eða með sárum þrautum.“ Auðvitað er ekki unnt að fullyrða neitt um það, hvert þetta hefði stefnt. ef ekki hefði verið tekið í taumana. En mér þykir ekki ótrúlegt, að það hefði stefnt út í brjálsemi. Mér finnst ekki heldur óskynsamlegt að hugsa sér, að þetta ástand stofni mönnum í hættu við öðrum sjúkdómum. Það er alveg áreiðanlegt, að við þessi óreglulegu áhrif fer eitthvað forgörðum af lífsmagni mannanna, sem fyrir þeim verða. Mér finnst sennilegt, að þegar lífsmagnið er

veikt, þá sé mótstöðuaflið minna til þess að verjast sjúkdómunum.

Til þess að ráða bót á því megna ólagi, sem frúin skýrir frá, þurfi ekkert annað en reglubundnar og gætilegar tilraunir. Eg læt liggja milli hluta þá skoðun frúarinnar, að tilraunirnar hafi líka haft áhrif á heilsu mannsins hennar að öðru leyti. Mér finnst hún gera skynsamlega grein fyrir þeirri skoðun sinni, en eg skal ekkert fullyrða um það, hvort hún í raun og veru er rétt. En um hitt verður ekki deilt með skynsemd, að þau ískyggilegu áhrif, sem eru aðalatriðið í frásögninni, hurfu við tilraunirnar. Það virðist svo, sem sumir menn séu eins og galopnar dyr fyrir ýmiss konar áhrifum úr öðrum heimi og að A. P. B. hafi verið einn þeirra manna. Það er alls ekki sjálfsagt, að allir slíkir menn séu miðilsefni — að hæfileikanum til sambands við annan heim sé svo háttað, að hann verði notaður til gagns, — þó að svo hafi reynzt um Andrés. Eg hefi sjálfur fengið ótvíæða reynslu í því efni, að þeir geta ekki allir verið miðlar, sem þjást af ískyggilegum áhrifum. Ef þeir geta ekki orðið miðlar, þarf að loka fyrir þessi áhrif. Eg fullyrði ekki, að það sé ekki unnt annan veg en með miðlatilraunum, en vissasta leiðin er, enn sem komið er, að leita til góðs miðils og fá aðstoð frá stjórnendum hans. Koma þeim, sem fyrir áhrifunum verða, í skilning um, hvernig á þeim stæði og kenna þeim að veita þeim viðnám. En séu þeir miðilsefni, sem fyrir þessum áhrifum verða, þá er nauðsyn á að útvega örugga stjórn frá ósýnilegu hliðinni. Það verð-

ur ekki gert nema með tilraunum. og það er þetta, sem gerzt hefir um Andrés Böðvarsson. Svo virðist a. m. k., sem á þennan veg liggi í málinu, og eg veit ekki um neitt, sem móti því mælir.

III.

MIÐILLINN ANDRÉS P. BÖÐVARSSON

Það mun hafa verið vorið 1926, að eg var á ferð hér í Reykjavík. Þetta var á milli sláttar og voranna. Kom eg hingað til þess að annast ýmis innkaup fyrir heimili mitt og draga að búinu. Maðurinn minn var ekki með mér. Stóð þannig á, að hann var vant við látinn og gat ekki komizt að heiman um þessar mundir. Eg ætlaði að standa stutt við og hafa hraðan á. Þó atvikaðist nú svo, að leið mín lá til eldri konu, sem eg þekkti, og sat eg þar og tafði lengi hjá henni.

Barst talið þá að konu, sem hún þekkti dálítið, en eg þó enn betur. En um það var þessari konu þá ekki kunnugt. Kona þessi var Salvör Ingimundardóttir. Við Salvör höfðum kynnt, er eg dvaldist á heilsuhælinu á Vífilsstöðum. En síðan voru liðin tólf ár, og eg hafði misst sjónar á henni. Þegar við skildum, lá leið hennar út á land. Stundaði hún hjúkrun á Patreksfirði, Akureyrarspítala og víðar. Nú frétti eg, að hún væri búsett hér, gift kona og þriggja barna móðir. Ekki gat þessi kona sagt mér heimilisfang þeirra hjóna, enda virtist hún engan veginn nákunnug högum þeirra, og aldrei hafði hún komið heim til þeirra. Eg

kvaddi konuna og hélt heim í húsið, sem eg bjó í, meðan eg var í Reykjavík. Það kvöld hugsaði eg mikið um Salvöru, og hjá mér vaknaði áköf löngun til þess að sjá hana aftur, en það var hægara sagt en gert að leita uppi eina konu í stórri borg. Eg brá því út af ásetningi mínum, að koma hvergi. Nú heimsótti eg ýmsar kunningjakonur mínar, einkum þó þær, sem mér fundust líklegastar til þess að geta gefið mér einhverja vísbendingu. En þetta ætlaði sannarlega ekki að ganga greitt. Enginn vissi nein deili á Salvöru né manni hennar. Þó gafst eg ekki upp. Eg varði í þetta næstum tveim dögum. En þá sagði einhver við mig, sem eg spurði: „Reyndu að spyrja hann Andrés klæðskera“. Þá þekkti eg ekki Andrés klæðskera, ekki einu sinni í sjón. En eg fór samt til hans og spurði, og þar fékk eg loks þær upplýsingar, sem eg þurfti. Og án þess að gera mér nokkra grein fyrir því, að eg átti ekkert erindi, ekkert vantalað við Salvöru annað en sjá hana, rölti eg heim til hennar. Eg gleymdi öllum heima og því, að eg þurfti að flýta mér heim aftur. Það var eins og að eg gæti ekki hugsað um annað en þetta; því að þessatvo daga lagði eg öll varningskaup á hilluna.

Það urðu miklir fagnaðarfundir með okkur Salvöru. En jafnframt varð hún dálítið hissa á að sjá mig. Okkur var að vísu vel til vina, meðan við vorum samvistum, og eg var henni þakklát fyrir góða hjúkrun. En þó varð samband okkar aldrei svo náíð, að við skiptumst á bréfum eftir að við skildum. Eg vissi því ekkert, hvað á daga hennar hafði drifið, ekki hvað

maður hennar hét, hvaðan hann var eða hverra manna og ekki hvaða atvinnu hann stundaði. Eg sá hann þarna í fyrsta sinn. Og þá kom mér sannarlega ekki til hugar, að við hjónin ættum eftir að hafa jafnmikið saman við hann að sælda og raun varð á síðar. Salvör, sem er gædd þeim guðdómlega eiginleika, að vera glöð jafnt í mótlæti sem meðlæti, gerði þessa samverustund ánægjulega. En eg fékk þó vitneskju um það, að tímarnir hefðu verið allerfiðir undanfarið. Andrés hafði verið veikur allengi og óvinnufær, og læknaar töldu hann ekkert mega vinna þetta sumar.

„En nú hefi eg komið honum fyrir á góðu heimi! í sumar uppi í Tungum, og þar mun honum batna,“ sagði Salvör brosandí, og eg sá á glampanum, sem tendraðist í augum hans, að hann vonaði hins sama og hún.

Eg skil ekki enn, hvernig stóð á því, að eg sagði þá samstundis: „Þá skuluð þér koma við á Mosfelli í upp-
eftirleið og hvíla yður eftir ferðina. Það verða einhver ráð með að lána yður hest og fylgd upp eftir.“

Þau þökkðu bæði, og hann kvaðst mundi nota sér boðið og koma við. Mig minnir, að þetta væri næstum hálfum mánuði fyrir slátt. En mér skildist sem hann ætlaði sér ekki að koma austur fyrr en um sláttu-
byrjun.

Þegar eg kom heim, sagði eg manni mínum, hvað gerzt hefði í ferðinni og að von væri á Andrésí heim til okkar. Tveim dögum eftir að eg kom heim, kom Andrés austur, okkur alveg að óvörum.

„Mig langaði til þess að koma strax,“ sagði hann, „og nú er eg kominn. Það versta er, að fólkið þarna upp frá væntir mín ekki svona fljótt.“

Við buðum honum þá að vera, þar til er sá tími væri kominn, er ákveðinn var í fyrstu.

Hann varð mjög glaður við og þakkaði fyrir, en hann varð jafnframt dálítið vandræðalegur og sagði:

„Eg er nú eiginlega vandræðamaður og ekki við allra hæfi. Eg tala oft í svefni, og fólk er hrætt við það, enda er það mjög eðlilegt, þar sem mér er heldur ekki sjálfum um að sofa einn í herbergi.“ Eg skildi í fyrstu ekkert, hvað maðurinn var að fara, og hélt satt að segja, að hann væri sálsjúkur. En er hann fór að segja frá því, að veturinn áður hefðu verið gerðar tilraunir með sig sem miðil hjá Einari Kvaran, fór eg að veita þessu nánari athygli. Eg hafði sjálf aldrei verið á miðilsfundum og vissi ekkert um það, sem þar gerðist. Eg var hvorki hlynnt því né fjandsamleg. En Andrés taldi nauðsyn, að fundir yrðu haldnir öðruhvorum með sér, því að ella færi sér að líða illa.

Maðurinn minn hafði verið á nokkrum tilraunafundum, er hann var í skóla, og þekkti því dálítið inn í þessi efni, sem betur fór. En ekki taldi eg nú heppilegt að hafa svona mann á heimili, og ekki var auðgert að halda fundi heima; fólkið myndi brátt komast á snoðir um, hvað um væri að vera, og verða ef til vill hrætt. Það var heldur enginn til sitja þessa fundi nema þá við hjónin og gamli presturinn, sem var heima í sveitinni minni, er eg var lítil stúlka, séra Jón Magn-

ússon. En þetta sumar var hann um tíma hjá okkur á Mosfelli. En ekki gátum við vísað manningum út, þar sem eg hafði boðið honum að vera. Við tókum það ráð, að láta hann sofa í næsta herbergi við okkur og hafa opna hurðina, svo að við heyrðum til hans. Hann kvaðst stundum þurfa á hjálp að halda.

Mér leið hálfilla út úr þessu. Eg hafði stofnað okkur í mikinn vanda, sem engum getum varð leitt að, hvern enda hefði. En hjálpin barst til okkar fyrr en varði. Séra Jón kom, og er við sögðum honum af Andrésí, varð hann glaður við og hlakkaði til að hafa fundi með honum. Það sem einkennilegra var, var, að annar gestur kom, okkur alveg á óvænt, sem sé séra Kjartan frá Hruna. Hann var vanur að fara allt aðra leið, er hann kom að sunnan, upp Skeið og upp Hreppa. En er hann heyrði fyrir sunnan, að Andrés væri miðill, vann hann til að bíða, til þess að sitja fund með okkur. Sátum við nú fimm þann fyrsta fund, er haldinn var á Mosfelli. Ekki man eg, hvað gerðist á þeim fundi, enda bjó mér þá efi og vantrú í brjósti. Var líka talsverður geigur í mér við þetta. Eg man þó, að það stjórnaði danskur læknir — og að Eyjólfur kom þarna fram og flutti boð, og svo Bjössi litli, Garðar bróðir miðilsins og Ólafur Pétursson. Það kunna að hafa komið fleiri, en eg man það ekki. En það, sem bæði mér og öðrum þótti kynlegt, var, að þeir sögðust hafa ráðið því, að Andrés fór til okkar. Þá skildi eg ekki þessi orð. En síðar á þessu sama sumri fékk eg til efni til að halda, að svo væri, sem þeir sögðu. Eg held

að við höfum ekki haldið fleiri fundi með Andrési áður en Salvör kom. En hún kom eftir þrjár vikur. Var Andrés hjá okkur þann tíma. Skömmu eftir að hann kom, fréttist, að húsbóndinn á heimilinu, sem hann ætlaði sér upphaflega að dveljast á, hefði verið fluttur veikur suður og verið gerður á honum skurður. Fannst Andrési hann ekki geta farið fyrir en hann væri kominn heim aftur, af því að hann væri þá ekki maður til þess að vinna né létta undir á neinn hátt.

Þennan tíma, sem Andrés svaf í næsta herbergi við okkur, heyrðum við hann oft mæla upp úr svefni. Virtist hann stundum vera að mæla við aðra, stundum eiga í einhverjum brösum, og bogaði þá svitinn af honum. Eg minnst þess, að eitt sinn er eg kom á fætur, heyrði eg raddir mæla úr herbergi Andrésar. Hljótt var í húsinu. Enginn var risinn úr rekkju nema eg og stúlka, sem var niðri að kveikja eld. Eg gekk þá fram í herbergi hans og sannfærðist þá um, að þessar raddir mæltu af vörum Andrésar, en ekki var neinn málrómurinn málrómur hans sjálfs. Eg gekk fast að rúminu og horfði á andlit hans, sem mér virtist eiginlega ekki vera hans andlit; svo umbreytt var það. Hann var náfölnur í framan og mjög þreytulegur. En um allt andlitið fóru krampakenndar teygjur, er breyttust eftir því, hver talaði af vörum hans. Honum virtist líða illa, og stundum bárust stunur frá brjósti hans.

Eg gekk aftur inn í svefnherbergi okkar, vakti Ingimar og sagði honum, að nú væri eitthvað að Andrési.

Ingimar kom og athugaði Andrés og sagði: „Hann er í trance, og við getum ekkert gert.“

Pegar eg færði Andrési morgundrykkinn og hann var vaknaður, spurði eg, hvernig honum liði og hvernig hann hefði sofið í nótt.

„Eg er þreyttur,“ sagði hann.

Það sá eg og fann, að hann hafði enga hugmynd um, í hvaða ástandi hann hafði verið.

Salvör var um kyrrt í þrjá daga. Svo lögðu þau af stað upp í Tungur. Salvör var ættuð þaðan og ætlaði sér að dveljast þar einhvern tíma úr sumrinu. En fyrst fóru þau að Torfastöðum til presthjónanna þar. Þau höfðu þá misst son sinn og langaði til þess, að Andrés kæmi þangað.

Eg átti ekki von á þeim aftur til mín. Salvör sendi mér bréf frá Torfastöðum og getur þess í bréfinu, að nú fari Andrés að halda upp eftir. Nú sé húsbóndinn kominn heim, og muni hún fylgja honum þangað og verða svo tíma hjá sínu fólki. En þrem dögum síðar komu þau bæði til okkar, og urðum við í fyrstu hálfhissa. En Salvör tók mig á eintal og skýrði mér frá því, að Andrés hefði ekki farið upp eftir. Salvör hafði hitt húsfreyjuna á heimilinu. En er hún heyrði, að Andrés gæti ekkert unnið og að vandfarið væri með hann, færðist hún heldur undan að taka hann, einkum af því að þetta væri um háannatímann og fólk fátt til vinnu.

„Eg veit, að Andrés unir sér ekki, þar sem hann er ekki af öllum velkominn,“ sagði hún. „En hins vegar

höfðum við gert okkur svo glæstar vonir um áhrif sumars og sólar á heilsu hans, að mér þykir fyrir að svona skyldi fara.“

Mér flaug í hug, að fyrst eg hefði nú einu sinni boðið Andrési að koma við í leiðinni, væri mér víst skyldast að bjóða honum að vera áfram. Eg átti tal við manninn minn, og það varð svo, að Andrés varð kyrr. En nú urðum við að hafa fundi með honum næstum vikulega, ella leið honum illa. Lýsti það sér með þeim hætti, að hann varð geðstirður, ergilegur og ákaflega utan við sig. Á nóttunni fóru að heyrast högg í herberginu, sem hann svaf í. Eina nóttina vakti Salvör okkur hjónin og bað okkur að koma inn í herbergi þeirra, sem var í austurenda hússins. Við gerðum það. En er þangað kom, svaf Andrés, en í borðinu milli rúmanna heyrðust alltaf smá högg, og oftár en einu sinni sýndist okkur borðið hreyfast örlítið. Einnig heyrðum við eins og högg í þilinu yfir höfðalaginu. Annað bar ekki til tíðinda þá nótt, og ekki virtist miðillinn í neinu annarlegu ástandi. En daginn eftir héldum við fund. Þessa fundi sátu venjulega ekki aðrir en við hjónin, Salvör og séra Jón Magnússon. Við héldum þá í norðurstofunni, sem kölluð var, er var gestastofa og því minnstur umgangur um hana. Sat miðillinn æfinlega á sama stað, í djúpum stól úti við gluggann. Maðurinn minn sat honum til hægri handar, en Salvör til vinstri, svo séra Jón og eg. Hann fór ávallt úr jakkanum og tók af sér skóna og hallaði sér svo út af í stólnum. Áður en Salvör kom, sat eg í því sæti og næst

miðlinum. Við, sem sátum næst honum, héldum sitt í hvora hönd hans og fundum, hvernig þær smákólnuðu eða dofnuðu upp, eins og ekkert líf væri lengur í þeim; þótti þetta kynlegt í fyrstu. Einnig hægðist andardrátturinn, og stundum heyrðist hann ekki, þótt hlustað væri nákvæmlega. Það var þó einkum þessi nákuldi, sem mér þótti óviðfelldinn og vakti hjá mér hroll í fyrstu. Stundum kom sambandið hér um bil strax, stundum leið dálítill stund, og virtust þá vera einhverjir erfiðleikar á. Tvisvar kom fyrir að þeir tilkynntu okkur, að þeir gætu ekki hafið fund strax; við yrðum að bíða nokkur augnablik. Í annað skiptið hafði komið maður að sunnan og var mjög við vín. Hann borðaði og hélt svo áfram ferðinni. Eg lét hann ekki koma inn í stofuna af þeirri einu orsök, að hann var ölvaður og fundir voru þar haldnir, og þennan sama dag héldum við fund.

Eyjólfur gamli, sem oft talaði í gegnum Andrés, sagði, að ekki væri gott að fá svona heimsóknir rétt á undan fundi.

„Hann kom ekki hér inn í stofuna,“ svaraði eg, eins og eg væri að tala við lifandi mann.

„Það er sama, hann hitti miðilinn, og áhrif frá honum fluttust yfir á hann, og okkur hér er illa við vín og reyk,“ sagði Eyjólfur.

Í hitt skiptið kom til okkar norskur undirofursti, er tekið hafði á einhvern hátt þátt í síðustu styrjöld. Hann var nótt hjá okkur. En þegar við héldum næsta fund, kom Eyjólfur enn með þau boð, að við yrðum að bíða,

Því að þeir þyrftu að hreinsa til það, sem hann hefði skilið eftir.

Skal eg nú reyna að gera örlitla grein fyrir því, sem gerðist á fundunum, og þó eru það aðeins smáatriði, sem eg man enn svo glögg, að eg get sagt frá þeim eins og þau gerðust. Andrés var ekki líkamninga-miðill. Kom aldrei nein vera fram hjá okkur, og ekki mun það heldur hafa verið hjá Einari Kvaran. Hann var talmiðill og sannanamiðill, og í gegn um hann kom ýmislegt fram. Eg man, að á einum fundinum kom Bjössi og sagði, að eg ætti mörg systkini, þar sem hann væri. Og svo bætti hann við: „Og svo eru tveir hálfir hjá þér.“ En þetta stóð heima. Sex systkini mín voru dáið og flutt yfir um. Eg á aðeins tvo hálfbræður á lífi. Skal það tekið fram, að eg forðaðist að láta Andrés vita nokkuð um hagi mína. Ekki höfðum við Salvör minnt á fólk mitt. Hún vissi, að eg var norðlenzk, en hvaðan af norðurlandi held eg að hún hafi ekki vitað, og allra sízt að hún vissi neitt um systkini mín, né hvað mörg voru dáið og hvað mörg lifandi.

Bjössi kvartaði oft um, að hann hefði dáið svo ungur og því ekki lært að lesa. Sagði hann, að sér væri sýnt ýmislegt í myndum. „Það er voða skrítið nafn á einni systur þinni,“ segir hann.

Eg spyr þá, hvort hann geti náð nafninu. Þá svarar hann: „Bjössi sér marga menn saman. Þeir taka allir fótinn fram í einu, þegar þeir ganga, og snúa svörtu hliðinni að. Þetta er fyrri parturinn af nafninu, en seinni parturinn er heiðin kona.“

Maðurinn minn áttaði sig fljótt á þessu. Svona var Bjössa sýnt Herðísar-nafnið.

Við hjónin áttum tvo drengi. Var Bjössi oft að tala um þá. Eitt sinn sagðist hann hafa verið rétt kominn til eldra drengsins. En hann væri þarna niður frá, þar sem eitthvað kæmi upp úr jörðinni. Eftir fund komumst við að því, að drengurinn hafði verið niður við lindina, verið að leika sér þar rétt hjá, meðan við sátum á fundi.

Þegar Andrés var að vakna, sá hann oft ýmislegt í hálf-trance. Það var breitt fyrir glugga, svo að hálf-dimmt var í stofu, en þó ekki myrkur. Einhverju sinni er miðillinn er að vakna, sér hann konu sitja í legubeknum hjá séra Jóni. „Það leggur svo mikla birtu af henni, að eg sé greinilega andlit séra Jóns. Hún lætur vel að honum. Eg heyri tvö nöfn, en næ ekki nema síðara nafninu; það er Guðrún. Hún er áreiðanlega eitthvað tengd séra Jóni, því að hún lætur sér svo annnt um hann,“ segir miðillinn.

„Eg hefi þekkt margar Guðrúnar, en enga, sem eg get ímyndað mér, að vilji vera neitt sérstaklega góð við mig,“ svarar séra Jón.

En nokkru eftir að fundi er lokið, kemur séra Jón og segir brosandí: „Eg er hissa á því, að eg skyldi ekki muna áðan, að konan mín sáluga hét Steinunn Guðrún, en hún var ávallt kölluð fyrra nafninu.“

Í annað sinn bar við, að miðillinn segir, er hann er að vakna: „Það er sveinbarn í fanginu á séra Jóni, en það er nafnlaust, og hann á barnið,“ bætir hann við,

„og það er orðinn stór maður hinum megin. Hann á líka að taka á móti séra Jóni, er hann flytur yfir.“

Enginn svaraði né spurði út í þetta. Eg var alveg sannfærð um, að hér skjátlaðist miðlinum. Þegar séra Jón fluttist frá Mælifelli og úr Skagafirði, var eg níu ára gömul. Þá voru þeir talsvert stálpaðir, Þorsteinn fyrrverandi bankafulltrúi og Magnús prófessor. Eg heyrði þess aldrei getið, að þau hjónin hefðu eignast fleiri börn né misst barn. Eftir fund spurði eg séra Jón að þessu.

„Eg hefi sjálfur ekki litið svo á, sem eg ætti fleiri sonu en Magnús og Þorstein. Ekki mun það heldur neinum kunnugt, að konan mín fæddi andvana sveinbarn, fyrsta barnið.“ Fann eg, að séra Jóni þótti þetta allmerkilegt atriði.

Áður en þeir kvöddu á fundi, var Eyjólfur vanur að lesa þetta bænarvers:

Vors herra Jesús verndin blíð
 veri með oss á hverri tíð.
 Guð huggi þá, sem hryggðin slær,
 hvort þeir eru fjær eða nær.
 Kristnina efli og auki við,
 yfiröldunum sendi lið;
 hann gefi oss öllum himnafrið.

En Eyjólfur felldi alltaf úr næstsíðustu ljóðlínuna og kvaddi og fór. Þeir voru aldrei vanir að koma aftur, er þeir höfðu kvatt. En eitt sinn, er Eyjólfur hefir lesið versið og kvatt, kemur hann aftur og segir:

„Guð blessi réttláta stjórnendur, en ranglátum sýni hann mildi.“

„Er það svar við því, sem eg var að hugsa,“ spyr maðurinn minn.

„Já,“ svarar Eyjólfur og kveður. Miðillinn smávaknar og talar um, að nú sé að byrja að rigna. En við förum að spyrja Ingimar. Þá segir hann, að það hafi komið glettni upp í sér og hann hafi hugsað sem svo: „Ætli Eyjólfur þyki ekki taka því, að biðja fyrir yfirvöldunum.“

Við héldum fundi æfinlega kl. 7 að kvöldi, og stóðu þeir yfir í kringum klukkutíma. Fólkið stóð við heyskap. Vissu því engir heimamanna um þetta, nema við hjónin, tengdamóðir mín, konan, sem var í eldhúsinu, og svo séra Jón og miðillinn og kona hans. Konunni í eldhúsinu var í fyrstu mjög illa við þetta, en lét það þó afskiptalaust.

Þá ber við einu sinni, er fundur er hafinn, að danski læknirinn kemur og segir byrstum rómi: „Ikke lytte ved Dören.“ Við vissum ekki til þess, að neinn væri fyrir framan. Enginn var þá heima nema þær fyrrnefndu konur tvær og drengirnir okkar, sem voru svo ungir, að þeir báru ekkert skyn á þetta. Allir sátu kyrrir í sætum sínum. En danski læknirinn endurtók þetta einum þrisvar sinnum, og málrómur hans varð æ byrstari. Við heyrðum ekkert þrusk fyrir framan, en þó heyrðist mér einu sinni sem væri stunið hljóðlega. Svo hélt fundurinn áfram eins og ekkert hefði í skorizt. En eftir fund segir tengdamóðir mín við mig: „Þú

verður að fara upp og vitja um eldhússtúlkuna. Hún veiktist skyndilega og dróst með veikum burðum í rúmið. Eg fór upp á loft, og þar lá hún náfól og hálf-titrandi. En ekki var eg fyrr komin inn en hún segir:

„Þetta skal eg aldrei gera aftur. Eg lagði eyrað við skráargatið, af því að mig hefir lengi langað til að vita, hvað fram færi þarna hjá ykkur. En eg varð ekki mikils vís. Það eina, sem eg heyrði, var skipandi rödd, er talaði á því hrognamáli, sem eg skildi ekki, og því næst dró úr mér allan mátt svo gersamlega, að mér lá við að hníga í ómegin.“

Eg spurði hana, hvort þetta væri ekki að líða frá aftur.

„Jú, en jafngóð er eg ekki enn,“ svaraði hún. Það er áreiðanlegt, að hún gerði aldrei tilraun til þess að hlusta við dyrnar eftir þetta og kenndi heldur aldrei sams konar óþæginda, meðan hún var hjá mér. Hefir fundum okkar borið saman síðan, og segist hún aldrei hafa fundið til líkra áhrifa hvorki fyrr né síðar á æf-inni.

Ef það, sem gerðist á fundunum á Mosfelli, hefði verið skrifað jafnóðum, yrði það langt mál, og ef til vill þætti þá mörgum það merkilegt. En það var ekki gert, og því verða þetta einungis fátæklegir minnis-molar, sem á borð eru bornir. Þegar Garðar, bróðir miðilsins, var að segja okkur frá lífinu fyrir handan, var frásögn hans svo fögur, en jafnframt svo einkenni-lega orðuð, að eg undraðist allt hið fjölskrúðuga orða-val, er hann notaði til að lýsa hinu og þessu. En jafn-

framt urðu lýsingar hans svo glöggar, að það, sem um var rætt, stóð ljóslifandi fyrir sjónum mér. Mér fannst ekki sennilegt, að neinn lifandi maður, hversu ritfær sem hann væri, gæti komið með svona lýsingar.

Eftir slátt fóru þau Andrés og Salvör. En hún var hjá okkur um sumarið. Heilsa hans hafði batnað mikið. En ekki varð hann heill heilsu. Um haustið fór maðurinn minn suður. Hitti hann þá Einar Kvaran af tilviljun úti á götu, og tekur Einar hann tali og þakkar honum fyrir Andrés. Segir hann, að fundirnir séu nú betri og heilsa hans fari batnandi. En eitt sé einkennilegt, og það sé það, að þeir fyrir handan hafi sagt það skýrum orðum, að þeir hafi ráðið því, hvert Andrés hafi farið þetta sumar.

Næsta sumar kom Andrés til okkar. Hann kom allveg að óvörum. Við buðum honum að dveljast hjá okkur um tíma. Þakkaði hann boðið og var glaður og reifur um kvöldið. En morguninn eftir er hann mjög daufur og vill ólmur halda suður aftur þann sama dag. Við reyndum að telja hann af þessu, en gátum engu til leiðar komið. Hann trúði mér fyrir því, að hann vissi það, að sín biðu einhverjar mikilsverðar fréttir, er suður kæmi, og líklega ekki neitt góðar, og yrði hann að fara; og varð þá svo að vera. Síðar fréttum við, að hinn sama morgun hefði þeim hjónunum borizt skeyti um lát nákomins ættingja — (föður Andrésar).

Andrés kom ekki aftur til okkar það sumar, og ekki bar fundum okkar saman aftur fyrr en við hjónin fluttum suður. Heilsa Andrésar var alltaf tæp og smá-

hnignaði. Veturinn 1928—'29 dvaldist hann aftur á hælínu. En hann hafði fótavist og kom stöku sinnum í bæinn sem gestur. Mun hann lítið hafa fengizt við fundahöld þann vetur. Kom það okkur mjög á óvart, er þau hjón koma eitt kvöld um klukkan hálfátta. Segir Salvör mér, að Andrés hafi friðlaus viljað fara til okkar og sofna hjá okkur. Þetta mun hafa verið dálítið óvenjulegt. Venjulega fannst Andrési þessir fundir óþarfir og var oft tregur til, og það þótt ástand hans væri þannig, að hann félli næstum í trance, þar sem hann stóð eða sat. Við spurðum Salvöru, hvort það væri óhætt vegna heilsu hans. Hún sagði, að honum liði æfinlega betur á eftir.

Við héldum þá fund með honum og vorum aðeins þrjú fyrir utan miðilinn. Sambandið kom strax. Danski læknirinn stjórnaði, og þeir sömu komu fram og komu á fundunum á Mosfelli, nema færri. Bjössi kom og Eyjólfur og læknirinn. Eg man ekki eftir fleirum.

Bjössi sagði, að það stæði hjá sér kona, sem væri að þakka mannum mínum fyrir það, sem hann hefði sagt yfir moldum sínum; henni hefði þótt svo vænt um það. Þegar yrt var eftir, hvaða kona þetta væri og hvar hún hefði verið jarðsett, nefndi hann nafnið Sigríður og sagði, að hún héldi því fram, að hún væri síðasta maneskjan, sem hann hefði jarðsungist í Hólum.

En nú mundi maðurinn minn ekkert, hvern hann hefði síðast jarðsungist á þeim stað.

Svo sagði Bjössi, er ávallt var duglegur að flytja boð,

að hjá mér stæði maður, sem væri einkennilegur og hefði verið öðruvísi en annað fólk. Hann væri að klappa á öxlina á mér og segði alltaf: „Ó, blessuð frúin, hún hló aldrei eins og hinir.“ Eg kannaðist ekkert við þennan mann. En hann virtist ekki gera sig ánægðan með að vera ekki viðurkenndur, heldur hélt áfram að minnast á göngur, hestaskipti og rifna kápu, sem hann sagði, að eg hefði gert við fyrir sig. Bjössi lýsti honum svo rækilega, að mér fannst eg loks sjá hann ljóslifandi fyrir mér. Hann var farandmaður tuttugustu aldarinnar, ráfaði stað úr stað og átti heima alls staðar og hvergi. Hann dvaldist tímum saman á heimili okkar hjóna og var þannig í háttum og dagfari, að hann vakti hlátur margra. Hann fór í göngur fyrir okkur í eitt sinn. Reið hann jörpum hesti níu vetra gömlum. En gangnamennirnir þóttust hvergi finna Jarp hans. Þeir tóku að glettast við hann og fengu honum þá annan jarpan hest, sem þeir sögðu, að væri hálfgerð ótemja, og mætti hann vara sig á honum, því að hann væri svo vitlaus í fjöri. Hann trúði þessu. En í raun rétttri var þetta sami hesturinn, sem hann fór á að heiman, en hann þekkti hann ekki. Þeir höfðu lent í einhverjum gáska og rífið kápuna hans, og um hana var hann að tala.

Að síðustu kom Eyjólfur og sagði, að eg ætti eftir að inna af hendi starf, sem eg ekki væri byrjuð á. Þegar eg spurði, hvað það væri, sagði hann, að það varðaði alla þjóðina. Eg tók nú ekki mikið mark á þessu. Þetta var, eins og eg sagði, veturinn 1928—'29. Þá hafði eg

aldrei á penna tekið, nema ef mér lá á að pára sendibréf og ætlaði mér aldrei að gerast rithöfundur, enda þótt eg hafi frá barnæsku haft löngun til þess að skrifa. Fjórum árum síðar, 1932, skrifaði eg mína fyrstu smásögu, „Stjána“. Síðan hefi eg haldið áfram að skrifa. Eg get ekki séð annað en þetta starf, sem eg átti eftir að inna af hendi, hafi átt að tákna rithöfundarferil minn.

Pegar maðurinn minn fór að leita í gömlum ræðum, sem hann átti í borðinu sínu, fann hann ræðu, sem hann hafði haldið yfir konu, er Sigríður hét og var á sveitinni. Hún var síðasta manneskjan, sem hann jarðsöng í Klausturhólum. Það átti ekki að halda yfir henni neina ræðu, en hann gerði það nú samt, og ef marka má, virðist hún hafa vitað um það og þótt vænt um.

Eftir þetta sátum við einn fund með Andrésí. En þá var krafturinn minni og heilsan á þrotum. Á þeim fundi kom fram færeyskur maður og mælti á færeysku. Ekki kunní Andrés færeysku mér vitanlega, enda neitar ekkja hans því algerlega. Sömuleiðis segir hún, að ekki hafi hann kunnað dönsku, svo að hann gæti talað hana, enda hafði Andrés engrar menntunar notið í æsku, nema hinnar algengu barnafræðslu undir fermingu.

Maðurinn minn bað þá Færeyinginn að fara með eitthvað úr þjóðkvæðum Færeyinga, og fór hann þá með eitt erindi, er virtist vera lýsing á Orminum langa og um Ólaf Tryggvason.

Á þjóðhátíðinni 1930 vorum við hjónin stödd á

Þingvelli, Hittum við þar tvær færeyskar stúlkur og spurðum við þær, hvort til væri á færeysku kvæði um Orminn langa og Ólaf Tryggvason. Þær játuðu því. Báðum við þær að lofa okkur að heyra kvæðið. Fóru þær með það, og könnuðumst við hjónin aftur við sama erindið og Færeyingurinn hafði farið með af vörum miðilsins.

Þetta eru okkar kynni af miðlinum Andrési P. Böðvarssyni.

Hér á eftir segir hann svo sjálfur frá skyggni sinni og dulhæfileikum.

Elinborg Lárusdóttir.

Frú Elinborg Lárusdóttir hefir sýnt mér framan-skráðar frásagnir um veru Andrésar Böðvarssonar á Mosfelli sumarið 1926, og vottast hér með, að það, sem þar er sagt um fundi þá, er faðir minn, séra Jón Magnússon, tók þátt í, er alveg samhljóða því, er faðir minn sagði mér frá þá um haustið.

Reykjavík 31. maí 1944.

Þorsteinn Jónsson (Þórir Bergsson).

IV.

FRÁ BERNSKU MINNI

Úr handriti miðilsins.

Andrés P. Böðvarsson er fæddur í Dýrhólum á Þingeyri við Dýrafjörð, 4. september 1896 og andaðist 29. janúar 1931 á Farsóttahúsinu í Reykjavík.

Andrés lýsir sjálfur í eftirfarandi kafla þeim áhrifum, er uppeldið hafði á sálræna hæfileika hans í æsku, og læt eg hann nú um að segja frá:

„Eg vildi, að eg væri skyggn,“ hefir oft verið sagt við mig. Vitanlega hafa þessi orð verið töluð af þeim, sem aldrei hafa séð neitt. Eg þekki bæði konur og karla, sem gædd eru þessum hæfileika, en hafa óskað þess einlæglega að losna við hann, og á löngu, löngu tímabili tók eg undir þessi orð. Var það ekki að undra, eins og undirtektir voru heima hjá föður mínum. Í fyrsta sinn, sem eg hafði orð á því, að eg sæi, og sagði frá, brást faðir minn reiður við og sagði, að ef eg hefði nokkurn tíma orð á slíkri vitleysu, skyldi hann lúberja mig. Eg varð dauðhræddur og leitaði til móður minnar og sagði henni frá því, sem eg hafði séð. Þar fékk eg góða áheyrn. Hún kyssti mig og strauk um hár mitt og sagði:

„Þú þarft ekki að vera hræddur við þessar sýnir, því

að með þeim er guð að sýna okkur inn í þann heim, sem við flytjumst til. Eg sá líka á þínum aldri og lengi fram eftir árunum. En nú er það horfið, og þannig verður líka með þig. Þú skalt samt varast að segja nokkrum frá þessu nema mér, á meðan þú ert barn að aldri, því að mennirnir munu rengja þig.“

Eftir þetta þagði eg yfir því, sem eg sá, við alla nema móður mína. Á kvöldin í rökrinu læddist eg til hennar og sagði henni, hvað borið hefði fyrir augu mér, og hún var alltaf jafngóð og skilningsrík. En hún áminnti mig í hvert sinn að halda þessu vandlega leyndu.

Þegar eg var tólf ára gamall, fór eg að stunda sjó á þilskipum. Félagar mínir sögðu þá oft sögur til að drepa tímann, ef legið var inni á firði og veður voru vond. Þessar sögur voru ekki allar fallegar. Mest voru sagðar draugasögur og sögur um skipsdrauga. Eg man vel eftir einu kvöldi. Voru þá margar sögur sagðar. En eftir á var svo tekið að ræða um sögur þessar og það, hvernig þær hefðu myndast og hvort svipir látinna manna gerðu vart við sig. Héldu sumir því fram, að það væru slíkir svipir, sem kallaðir væru draugar, en aðrir, að þessar sögur væru tilbúningur einn, sem menn hefðu fundið upp sér til dægrastyttingar; þeir dónu væru ekki á sveimi eftir dauðann.

Eg gat þá ekki stillt mig lengur. Eg gleymdi áminningum móður minnar og stökk upp, sló hnefanum harkalega í borðið og sagði, að eg hefði séð svipi látinna manna.

Það varð hljótt, og mennirnir gláptu á mig með

vantrúarglotti á vörum. „Þú lýgur þessu,“ sagði einn þeirra, og margir tóku í sama streng. Endirinn varð blóðnasir og skrámur, því að eg stóð uppi í hárinu á þeim og vildi ekki láta mig, og þeir létu sig ekki heldur.

Mér þótti þetta heldur en ekki ill útreið. En nú skildi eg aðvörun móður minnar. Það voru þá fleiri en faðir minn, sem rengdu allt svona lagað, og þó sagði eg einungis sannleikann.

Nokkrum dögum síðar var eg á vakt með einum af félögum mínum. Hann hafði setið hjá þetta kvöld og engan þátt tekið í umræðunum. Allt í einu snýr hann sér að mér og segir: „Eg veit, að þú sagðir satt um kvöldið, drengur minn. En bezt er að hafa sem minnst orð á því, sem maður sér, og sízt í slíkum félagsskap og þeim, sem við erum í. Eg hefi líka séð sitt af hverju um dagana.“

Eftir þetta ræddumst við oft við og sögðum hvor öðrum frá sýnum okkar. En jafnan gættum við þess, að ekki væru fleiri viðstaddir. Eg vandist því á algera þögn um þessi málefni. En kæmi fyrir, að eg segði frá einhverju, sem fyrir mig bar, gat eg þess aldrei, að eg væri við það riðinn. Þetta var aðeins eitthvað, sem einhver hafði sagt mér og eg sagði svo aftur, nokkurs konar draugasaga, og svo einkennilega brá við, að þá rengdi enginn söguna, en margir báðu mig að segja fleiri sögur, ef eg kynni og myndi.

Þegar eg var sextán ára, kynntist eg stúlku, sem Svánfríður hét. Við urðum miklir vinir. En svo veikt-

ist hún snögglega og dó, og það urðu mér mikil vonbrigði. Nær því ári eftir andlát hennar bar það við eitt kvöld, er eg var genginn til náða, að eg varð var við óvenjulega birtu inni, sem virtist þó koma frá glugganum, sem var yfir hvílunni. En eg var á sjó, er þetta var. Eftir litla stund fer birtan að dragast saman í ljósský, sem þéttist stöðugt meira og meira og tekur að lokum að breytast í manns lögum. Loks verður það að veru í fullri líkamsstærð, og sé eg andlit hennar svo greinilega og þekki um leið, að þetta er Svanfríður. Eg horfði undrandi á hana í nokkrar mínútur. Eg gladdist yfir komu hennar, þótt eg vissi fyrir, að hún myndi hverfa mér. Svo tók hún að smáleysast sundur, svo að hún varð óþekkjanleg, og ekki var eftir nema gráleitur ljóshjúpur, er líktist léttu skýi. En það leystist einnig upp og hvarf á sama hátt og hún. Mér varð mikið um þessa sýn og hugsaði oft um hana eftir það.

Nokkru síðar skall á eitt hið versta veður, er eg hefi hreppt á sjó. Lofuðum við guð fyrir að sleppa lifandi í land. Í þrjú ár eftir þetta birtist Svanfríður mér með mislöngu millibili. Brást það aldrei, að eftir á gerði vond veður. En eg var því viðbúinn, þar sem eg leit svo á, að hún kæmi til að aðvara mig. Eftir þessi þrjú ár hvarf Svanfríður mér, og hefi eg því miður aldrei orðið hennar var síðan.

Laufey

Eg átti systur, sem Laufey hét. Hún var efnileg og vel gefin. Hún var hálfu þriðja ári yngri en eg. Hún veiktist af lífhimnubólgu og dó. Í fyrstu var sjúkdómurinn hægfara og hún ekki þungt haldin. En rétt eftir að hún veiktist, var sagt við mig, að hún myndi ekki lifa þetta af. Eg fór að gráta og sagði móður minni frá. En hún þaggaði niður í mér og sagði, að slíkt kæmi ekki til, að hún dæi úr þessu. Eg þagnaði og hafði ekki orð á þessu frammar, hvorki við móður mína né neinn annan. En eg var hryggur, af því að sömu orðin voru margendurtekin í eyra mér, og einhvern veginn hafði eg veitt því eftirtekt, að það, sem mér vitraðist á þennan hátt, gekk eftir. Svo fór líka, að sóttin elnaði dag frá degi, þar til er hún varð rænulaus, og svoleiðis lifði hún nokkurn tíma. En skömmu fyrir andlát hennar var það einn morgun, að eg sá konu setjast á rúmið hjá henni. Eg fer til mömmu og spyr, hver sé kominn og hver sitji á rúminu hjá Laufeyju. Móðir mín segir, að það sé enginn kominn og það sitji enginn á rúmi Laufeyjar. En eg þræti og tek að lýsa konunni, sem mér sýndist svo lík einni móðursystur minni. En þá segir móðir mín, að systir sín, sem eg nefndi, sé svo lík einni móðursystur sinni, sem dáiin sé fyrir nokkrum árum, að allir, sem þekkt hafi hana, hafi þekkt systur sína af henni.

Móðir mín var nú orðin vonlítil um bata, svo að hún reyndi ekki að þagga þetta niður. Eg held meira

að segja, að henni hafi þótt vænt um þetta, enda sá eg þessari sömu konu daglega bregða fyrir við rúm systur minnar, þar til er hún andaðist, og það sagði eg móður minni.

Þegar hún var jarðsungen, heyrði eg konu segja við móður mína, að hún væri hissa á því, hvað hún bæri sig vel eftir missinn.

„Eg er sæl af því að eg veit, að henni líður vel. Hún er flutt á vinafund, og það var komið að sækja hana,“ svaraði móðir mín í öryggi trúar sinnar.

V.

ÝMISS KONAR SÁL RÆN REYNSLA MÍN

Eftir A. P. BÖÐVARSSON

Mér þykir hlýða að gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna eg kem fram fyrir almenning með nokkuð af dulrænni reynslu minni. Eg hefi verið skyggn frá barnæsku, enda er skyggn fólk í ætt minni, því að afi minn í móðurætt, Ólafur Pétursson, var skyggn með afbrigðum og ætlaði jafnvel oft að þreifa á verunum, svo greinilegar voru þær, en Þórdís kona hans sá oft fylgjur manna, helzt sem ljós eða í einhverri ógreinilegri mynd, sem hún gat ekki almennilega greint. Er hér sem oftast, að dulrænar gáfur ganga í ættir. Eg hefi að vísu verið heldur dulur á reynslu mína í þessum efnum, en nokkuð hefir þó borizt út á meðal manna, og þá aflagað, eins og gengur. En nú vildi eg heldur, að rétt væri með farið en rangt, og er því sá einn kostur, að skýra sjálfur frá reynslu minni, og þar eð eg gat ekki séð, að það gerði neinn skaða, hefi eg tekið það ráð. Menn verða sjálfir að ráða því, hverju þeir trúu af frásögum mínum, en eg segi frá eftir því, sem eg veit sannast og réttast.

Ef einhver kynni að halda, að eg hafi frá öndverðu hneigzt að þessum málum, þá skjátlast honum mikil-

lega. Eg hefi barizt gegn þessari reynslu eftir því sem eg hefi haft afl til. Eg hefi, þangað til síðastliðið vor, litið á hana sem einhvers konar veiklun, andlega eða líkamlega, og það hefir valdið mér miklum óþægindum, heilabrotum og áhyggjum. Mér finnst eg gæti sett saman heila bók um þessi óþægindi; svo mögnuð og margvísleg hafa þau verið.

Það hefir auðvitað aukið óþægindin og haldið við mótspyrnunni hjá mér, að þeir, sem eg hefi aðallega verið samvistum með, hafa engan skilning haft á reynslu minni og verið henni andvígir. Sumir hafa aumkað mig og sagt, að hér væri um einhverja sálarveiki að ræða. Aðrir hafa látið sér nægja að segja, að þetta væri eintóm vitleysa. Enn aðrir hafa blátt áfram talið þetta lygi. Einu sinni var mér fundið það til foráttu sem leigjanda, að eg væri svona undarlega gerður, og tilraun gerð til þess að hrekja mig burt fyrir það eitt.

Samt verð eg að geta þess mikilvæga atriðis, að kona mín hefir alltaf haft annan skilning á málinu. Hún hefir haldið, að þessi reynsla mín stafaði af áhrifum frá öðrum heimi. Þá skoðun sína byggði hún á lestri um málið. Eg hafði alls ekkert um málið lesið fyrr en í fyrravetur, að undanteknu einu hefti af Morgni, sem eg las veturinn 1922—'23. En síðan í fyrravetur hefi eg lesið ofurlítið. Þar á móti hafði kona mín lesið töluvert áður en við kynntumst. Þrátt fyrir það, að kona mín hélt þessari skoðun fram, og þrátt fyrir það, að sú skoðun hennar styrktist mjög af viðtali við einn

af allrahelztu læknum landsins, þá gat eg ekki fallizt á hana. Hugur minn reis gegn því eins og hverri annarri fjarstæðu, sennilega einkum fyrir það uppeldi, sem eg hafði fengið, og það umhverfi, sem eg hafði verið í, að það gæti komið til mála, að eg stæði í nokkru sambandi við annan heim.

En konunni minni er það samt að þakka, að stefna mín í málinu hefir öll breytt. Þessari reynslu fylgdi mjög alvarleg vanlíðan. Stundum var það heilar nætur, að eg gat ekkert sofið á venjulegan hátt, en var samt meðvitundarlaus. Stöðugt fór fram tal af vörum mínum í þessu ástandi, og stundum var það tal mjög óviðfelldið. Eg vaknaði á morgnana og hafði enga hvíld fengið, fór jafnþreyttur til vinnunnar og eg hafði lagzt út af að kvöldi. Auk þess kom það fyrir á daginn, jafnvel stundum meðan eg var að tala við menn, að eg missti meðvitundina. Þegar eg vaknaði af því ástandi, vissi eg ekkert, hvað kynni að hafa gerzt eða hvað eg kynni að hafa aðhafzt. Þessu fylgdi, eins og menn geta skilið, mjög mikil þjáning. Eg þakka það þreki, stillingu og viljafestu konunnar minnar, að unnt var að halda heimili okkar saman, því að margri konunni mundi hafa fundizt, að með slíkum manni væri ekki unnt að búa. Enda er það af mörgum að segja, sem komu heim til okkar, að þeir urðu hræddir. Eins og eg hefi tekið fram, hafði konan mín frá öndverðu þá skoðun, að hér væri um að ræða áhrif frá öðrum heimi, og vildi haga sér samkvæmt því, leita batans með tilraunum og með þeim hætti, sem henni var

kunnugt um, að fram úr slíkum vandkvæðum hefði verið ráðið af mönnum, sem reynslu hafa á þessu sviði.

Að lokum hafði hún sitt mál fram á síðasta vori. Komst eg fyrst í kynni við fólk, sem leit eins á málið og hún, og fundi var farið að halda. Í fyrstu var mér það ekki ljúft. En mér duldist það ekki, að mér fór að líða betur. Eg fór að sofa allar nætur eins og aðrir menn, og á daginn bar ekki á neinum missmíðum. Reyndar varð eg var við ósýnilegar verur. En eg hélt meðvitundinni alltaf, og þessu fylgdi engin vanlíðan. Eg var rólegur, þó að eg sæi eitthvað. En ekki mátti líða langt milli funda; þá sótti í gamla horfið. Til dæmis er það að segja, að liði langt á milli funda, þá fór eg að verða utan við mig á daginn, hætti að hafa vald á mér, svefninn varð þá allsendis ólíkur því, sem hann er, þegar eg er heilbrigður. Í því ástandi var mér eina nóttina fleygt í yfirsænginni fram úr rúminu, og stundum vöknuðum við hjónin við mikil högg í rúm-
ið. Oft hafði hún engan frið til að sofa fyrir tali af vörum mínum, söng og annars konar hávaða. Þegar farið var að halda fundina aftur, varð allt með ró og spekt.

Móðursystir mín ól mig upp, þangað til eg var um tíu ára aldur, og segist henni svo frá, að þegar eg hafi verið tæpra þriggja ára, hafi eg oft talað um, að eg sæi mann, er væri að fara út, en enginn maður hafi þá verið í herberginu fyrir utan okkur. Segir hún og, að

eg hafi þá orðið eitthvað undarlegur til augnanna, eins og sindraði úr augunum. Varð hún fyrst manna til að taka eftir því, að eg var að þessu leyti öðruvísi en önnur börn, að eg sá það, sem öðrum var hulið. Ekki hefir hún getið þess við mig, að eg hafi lýst mannum neitt. Ekkert man eg sjálfur eftir þessu.

Þegar eg var átta eða níu ára, svaf eg einn í svo nefndu „Dúkkukamersi“ í húsi fósturföður míns á Þingeyri. Var það þá oft á nóttunni, þegar eg vaknaði, að eg sá ýmsar verur hjá mér og varð þá einatt hræddur; tóku vinnustúlkurnar, sem sváfu í herbergi við hliðina á mínu, mig þá stundum inn til sín, því að eg grét svo mikið. Einkanlega sá eg mann nokkurn, er Gram hét og hafði dáið þar í húsinu, en aldrei fannst mér hann þó vilja gera mér neitt illt. Það virtist mér heldur ekki hinar verurnar vilja gera, en eg var þá barn, hélt þetta vera drauga og var því hræddur. Þetta er það fyrsta, sem eg man eftir af dularfullri reynslu.

Á tíunda ári fluttist eg frá fósturforeldrum mínum til foreldra minna, að Hvammi í Dýrafirði. Þá man eg, eins greinilega og hefði gerzt í dag, atburð þann, sem hér fer á eftir.

Sama vorið og „Anna Soffía“ frá Ísafirði fórst, man eg eftir því, að nýkomin var frétt að norðan, að skipið væri lagt út á veiðar. Þá var eg heima hjá mömmu minni um vorið. Það var allgott veður um daginn, og eg stóð úti á hólnum fyrir neðan bæinn og var að horfa

til sjávar og víðar um. Þá sé eg, hvar menn koma frá sjónum, og eg þekkti, að það er Einar Kristjánsson, skipstjórinn á „Önnu Soffíu“, sem gengur fyrstur, og eg man glöggt, að eg þekkti líka aðra tvo menn, Ástráð Jónsson og Pál, en þeir voru saman einir átta eða níu. Þegar þeir voru að hverfa upp undir hólinn, þá hleyp eg inn til mömmu minnar og segi henni, að þeir séu að koma, Einar, Páll og Ástráður og þeir allir af henni „Önnu Soffíu“. En svo mikill móður var í mér, þegar eg kom inn, að eg tók ekki eftir því, að móðir Ástráðs sat þar inni (hún bjó í Parti, sem kallaður var). En móðir mín, sem vissi, að skipið var nýlega lagt út frá Ísafirði, varð svo reið við mig, að hún tók mig og hirti mig fyrir. Og þessi hirting varð til þess, að eg hugsaði mér, að hvað sem eg sæi, skyldi eg ekki hafa orð á því, nema eg vissi að það væri ápreifanlegur veruleiki. Hefi eg æ síðan verið mjög dulur á alla reynslu mína í þessum efnum og ekki sagt nema einstaka manni frá henni. — Hirtinguna fékk eg ekki af því að móðir mín efaðist um sannsögli mína, heldur af því að henni brá við, þar sem hin konan (móðir Ástráðs) var viðstödd, og hefir móðir mín ekki viljað, að svona sögur færu að berast út. En móður Ástráðs mun hafa grunað, þótt barn ætti í hlut, að hún myndi ekki sjá Ástráð framar, sem og varð.

Haustið 1912 reri eg í Keldudal í Dýrafirði. Hafðist eg við í búð einni, sem var uppi á háum bökkum, en dyrnar vissu beint til sjávar. Hafði sú búð ekki verið

notuð til sjóróðra um langan aldur. Formaðurinn hét Tómas Tómasson og átti heima þar í dalnum (á Hrauni), og hinir mennirnir hétu Guðmundur Jónsson og Guðmundur Þorsteinsson, að mig minnir. Dyrnar voru á enda búðarinnar og hurð fyrir, sem hvalbein var skorðað fyrir að innan. Oliulampi hékk í miðri búðinni. Þá er það eitt kvöld, er eg var einn í búðinni, að eg var háttaður og var að lesa. Sígur þá á mig einhver höfgi, svo að eg get ekki lesið áfram, en ekki veit eg, hvort eg var sofandi eða vakandi. Þá þykir mér maður koma inn í búðina, og þótti það í svipinn ekkert undarlegt, þótt hann kæmi inn um luktar dyrnar. Hann var með svartan flókahatt á höfði, í brók og mórauðri peysu, með dökkt yfirskegg og valbrá yfir vinstra gagnauganu, toginleitur, og lágu kinnbeinin hátt. Hann gengur að mér, og mér virðist hann koma við mig með hendinni og segja, að eg sé í plássinu sínu. Mér virðist eg segja við hann, að þetta sé rúmið mitt eða okkar. En hann svarar og segir, að enginn hafi verið í þessu plássi, síðan hann fór úr því, og hann sé svo mikið hérna, að hann þurfi að hafa búðina einn. En þá fer eg að reyna að verða vondur, en finnst eg ekki almennilega geta það, en segist samt ekki fara fet. Þá finnst mér hann verða illilegur á svipinn og leggja mikinn kraft frá honum, og hann þrífur hendinni í hálsmálið á mér og sviptir mér fram á gólf, og þá var eg áreiðanlega vakandi og sá á eftir honum út. En þegar eg fer að athuga eftir á, var hvalbeinið fyrir hurðinni, sængin og koddinn fram á gólfi

og slitnar tvær tölur af skyrtum mínum báðum (úr lérefti og vaðmáli) og rifið út úr báðum hnappagötum.

Síðan endurtókst þetta nóttina eftir alveg eins, en svo afréð eg að snúa mér á beddanum þannig, að fæt-urnir vissu fram að dyrum, til þess að geta betur aðstaðið gagnvart þessum krafti. Svo endurtókst það í þriðja sinn, en þá var sá munur á, að eg var alveg glaðvakandi. Þá tekur maðurinn hendinni utan um hægri fótinn á mér og dregur mig þannig fram úr rúminu og fram eftir öllu gólfi. Ekki fann eg þó til handarinnar, en fannst eins og kraftur eða straumur verkaði á fótinn. Þegar eg er kominn fram að dyrum, sé eg þar hvalbeinið, sem tekið hafði verið frá af einhverju ókunnu afli, og var hurðin opin. Þar sleppti maðurinn mér, en eg varð reiður yfir meðferðinni og henti á eftir honum hvalbeininu, um leið og hann hvarf út. En síðan dró úr mér allan mátt, eg kófsvitnaði og fannst eins og eitthvað hefði verið tekið úr öllum mínum taugum. Þetta gerðist í fullu ljósi, því að á olíulampanum logaði, þar eð eg var nýkominn upp í. Eftir þetta svaf eg aldrei einn í búðinni. Engum sagði eg frá þessu, nema gamalli konu á Hrauni, sem Kristín hét, og spurði eg hana, hvort hún kannaðist nokkuð við manninn, og kvað hún hann hafa verið formann og hafzt við í búðinni, en farizt.

Eftir þennan tíma hafa sýnir mínar og dulheyrnir ágerzt og orðið æ gleggri. Hefi eg getað talað við ver-

urnar og heyrt til þeirra og tekið á móti skilaboðum. Sem dæmi er þessi saga:

Haustið 1918 var eg á mótorbátnum „Sindra“ frá Akureyri. Þá vorum við á leið frá Akureyri til Seyðisfjarðar með fódursíld. Við komum við á Raufarhöfn um kvöld, og var þá gott veður, en seinnipart nætur lögðum við af stað aftur frá Raufarhöfn, og var þá farið að hvesa á suðaustan. Á miðjum Þistilfirði kom upp leki á skipinu, og stöðvaðist vélin af sjó, en komið var rok, svo að við gátum ekki haft uppi stórseglið, þar eð það var svo illa útbúið, að ekki var hægt að rifa það. Urðum við síðan að hleypa undan veðri á fokkunni einni saman og jusum með stömpum. Einnig köstuðum við út nokkrum síldartunnum til að létta á skipinu. Leit út fyrir það um tíma, að við myndum ekki fljóta uppi fyrir Langanes, og fórum við því að tala saman um það, að verið gæti að við týndumst. Með okkur voru tveir menn, sem báðir hétu Jón. Annar þeirra sagði þá, að það eina, sem sér þætti að því að farast nú, væri það, að hann og móðir hans hefðu ekki skilið sátt, og leiddist sér að geta ekki komið boðum til hennar. Þá segi eg við hann, að hann skuli vera rólegur, því að verið geti, að hann geti fengið einhverjar fréttir frá henni, áður en úr skeri. Geng eg þá frá honum og í hlé við stýrishúsið, og þá kom yfir mig þessi venjulegi kraftur eða straumur, sem kemur, er eg sé eitthvað, og mér birtist sá maður (framliðinn), sem oftast talar við mig, og segir mér að segja Jóni, að móðir hans sé dáið, hafi dáið í morgun algerlega sátt

við hann og skrifað honum bréf áður. Segi eg Jóni frá þessu. En bæði var það, að við vorum önnum kafnir við ástand okkar og hann annars hugar, svo að hann sinnti þessu lítið, en spyr mig, hvernig eg hafi frétt það, en eg kvað mér hafa dottið það í hug. Rétt á eftir þessu hægðist skipinu, svo að minna tók að leka, og við gátum haldið við og komumst í skjól við Langanes, inn á svonefnda Skoruvík, og þar gátum við troðið í fyrir lekann og komumst heilu og höldnu til Seyðisfjarðar. En nokkrum dögum eftir að við komum aftur til Akureyrar, hitti eg aftur þennan mann (Jón), og segir hann mér þá, að rétt hafi eg gizkað á, því að móðir sín hafi dáið þennan morgun og skilið eftir bréf til sín. Lagði hvorugur okkar mikið upp úr þessu, og þó síður hann, því að hann var veraldarmaður mikill, en þó hygg eg, að honum hafi þótt þetta kynlegt.

Seinnipart vetrar 1919 réðst eg á m.b. „Bolla“, skipstjóri var Ingimundur Nóvember Jónsson. Áttum við að stunda færaveiðar á Faxaflóa. Þá var það einn dag, að við sigldum vestur undir Jökul; var hann þá að ganga upp með landsynningsrok, og ætlaði Ingimundur að leggjast á Dritvík. Þegar við Gísli stýrimaður fórum af vakt, var ekki fyrirsjáanleg nein hætta. Síðan sofna eg og sef nokkuð, en er þá allt í einu vakinn, og stendur hjá mér sami maðurinn, sem minnzt var á áðan, og segir mér, að eg skuli fara upp. Eg lá um stund og hugsaði málið, en þótti þó undarlegt, að eg heyrði ekkert í vélinni og heldur ekkert til mannanna uppi.

Klæði eg mig síðan og fer upp. Þegar eg kem upp, eru mennirnir aftur á og eru að basla við að koma í messanbómunni, en bátinn rekur fyrir sjó og vindi upp undir land og er kominn mjög nærri, en formaður og vélamaður voru niðri í vélarúminu að athuga vélina. Þá hleyp eg niður aftur, vek Gísla og bið hann að koma upp og hjálpa okkur, kalla síðan niður í vélarúmið, og kom þá Nóvember upp og bað okkur að hjálpa til að koma fyrir seglum og leggja bátnum um og sigla til lands. Var það síðan gert, en mér virtist, að það mætti ekki tæpara standa.

Haustið 1918 var eg á Akureyri um tíma. Konan mín, sem nú er, var þá hjúkrunarkona þar. Eitt sinn var eg á leiðinni frá Oddeyri inn á Akureyri og var kominn inn undir bakkann fyrir innan kaupfélagið. Þá nær mér maður og gefur sig á tal við mig. Hann segir, að eg skuli kaupa bók, sem hann nefnir, eg hafi gott af að lesa hana. Að því búnu hverfur hann mér, og eg sé þá, hvers kyns er, — förunauturinn er ekki úr þessum heimi. En eg hugsa mér að fá að vita, hvort bókin sé til og kaupa hana þá um leið. Eg treysti mér ekki að lýsa manninum, svo að það verði rétt, og sleppi því. Þegar inn í bókabúðina kom, spurði eg eftir þessari bók, og hún var til. Eg keypti hana og sömleiðis tvær aðrar bækur, sem eg gaf unnustu minni, sálmabókina og Sjómannalíf. En bókinni, sem mér hafði verið sagt að kaupa, hélt eg sjálfur og lét hana niður í koffort. Eg fletti henni ekki upp, því að af titl-

inum réð eg það, að hún mundi ekki vera skemmtileg, en um þær mundir las eg ekki annað en skáldsögur og aðrar skemmtibækur.

Nú liðu nærri því sex ár, og eg var búinn að gleyma þessu. Þá las eg bók eftir Einar Kvaran, og þar er minnzt á þessa bók, sem mér hafði verið vísað á. Ekkert rámkaði mig samt við því, að þessa bók ætti eg. Eg safnaði frímerkjum, og eg spyr konuna mína, hvort hún eigi engin frímerki. Hún heldur, að svo sé ekki, hún hafi víst klippt þau af og gefið þau. En svo er það einn dag nokkru síðar, að eg sé einn af framliðnum vinum, sem eg sé oft, og hann segir við mig að leita í rauða koffortinu. Eg fer þá að ámálga þetta við konuna mína um frímerkin, og út úr því förum við að leita í rauða koffortinu. Þar er allt myglað, og í því finnum við nokkur frímerki. Það er áreiðanlegt, að við hefðum aldrei farið að leita þar að frímerkjum, ef þetta hefði ekki verið sagt við mig. En við fundum þar meira. Við fundum þar líka bókina, sem mér hafði verið vísað á og eg hafði keypt fyrir sex árum. Hún heitir „Mikilvægasta málið í heimi“. Eg hefi lesið hana síðan og haft gott af því.

Sumarið 1920 var eg kaupamaður á Haukagili í Hvítársíðu. Þá er það eina nótt, að eg vakna allt í einu og sé þá Garðar bróður minn við rúmið mitt.

„Nú er eg kominn yfir um,“ segir hann og fer þá.

Eg ligg um stund vakandi og er að hugsa um þetta, en hugga mig við það, að þetta hafi verið draumur,

Því að eg gekk að því vísu, að ef þetta hefði borið fyrir mig í vöku, þá væri bróðir minn dáinn. Eg vissi ekki annað en að hann væri heill heilsu. Mjög nýlega hafði eg fengið bréf frá honum, og þegar hann hafði skrifað það bréf, leið honum vel, svo að eg átti sízt von á því að fréttu lát hans né nein veikindi á honum. Eg sofnaði út frá þessum hugsunum.

Þegar eg vaknaði aftur, mundi eg vel eftir þessu. En þá kom yfir mig ókyrrð og vanlíðan svo mikil, að eg gat ekki haldið kyrru fyrir. Eg fékk mér þess vegna lánaðan hest og ætlaði að ríða fram að Húsafelli og finna frænda minn, sem þar var. Eg hélt, að þessi vanlíðan mundi rjúka af mér við það.

Þegar eg var kominn í svonefnt Húsafellshraun, missti eg af veginum. Þó var sólskin og sást vegurinn greinilega. En þetta kom fyrir þrisvar, og eg fann, að þetta var ekki einleikið. Eg varð hálfvondur út af þessu, að vera að villast í sólskininu. En ekkert sá eg.

Þá er sagt við mig: „Farðu að Hraunsási.“

Eg sinnti því ekki, en hugsa mér að fara upp að Gilsbakka, hvíla mig þar um stund og vita, hvort þetta líði ekki frá og mér gengi betur á eftir.

Eg fékk góðar viðtökur á Gilsbakka hjá presti og eg sagði honum frá villunni.

Honum þótti það undarlegt, að villast í sólskininu, og hann hélt, að eg væri eitthvað lasinn, og bauð mér að leggja mig út af og vita, hvort mér skánaði ekki við það. Eg þá það.

En þegar eg er nýlagztur fyrir, er enn sagt við mig: „Farðu að Hraunsási, en ekki að Húsafelli.“

Eg fékk ekki næði til að liggja kyrr, svo að eg stend upp, kveð fólkið og legg af stað. En eg breyti ekki fyrirætlun minni. Enn ætla eg að Húsafelli. Þegar eg er kominn niður fyrir bæinn, hleypi eg á sprett. En eftir örlitla stund nemur hesturinn allt í einu staðar, svo að eg er nærri því hrokkinn fram af honum. Nú kom eg honum ekki úr sporunum og varð að fara af baki. Þá sé eg, að hesturinn horfir alltaf á vissan blett á götunni fram undan. Rétt á eftir sé eg þokumynd af manni í götunni, en gat ekki þá greint, hver það væri. Eg reyndi að teyma hestinn á snið við þetta. En það tókst ekki, því að hann vildi alltaf snúa sér að þessu og gekk þess vegna alltaf út á hliðina. Þegar eg var orðinn vonlaus um að koma honum áfram, gekk eg að þessari veru og hugsaði mér að ávarpa hana. En þegar eg átti eftir á að gizka fimm til sex fet til hennar, skýrðist hún svo, að eg sá að þetta var bróðir minn.

Eg finn og heyri, að hann segir við mig: „Komdu við í Hraunsási, bróðir.“

Þá réð eg af að gera þetta. Í sama bili sýndist mér hann verða mjög glaðlegur. Hann kveður mig og fer.

Eg sá þegar, að hesturinn hætti að horfa á götuna. Hann gekk til hliðar, hristi sig, frýsaði ánægjulega, að mér fannst, og fór að bíta. Nú gekk eg að því vísu, að eg mundi fréttu lát bróður míns á Hraunsási.

Það varð líka. Eg frétti þar ekki eingöngu lát bróður míns, heldur líka móður minnar.

Eg býst við, að einhverjum þyki það undarlegt, að eg skyldi ekki þegar í stað ganga að andláti bróður míns sem vísu, er eg sá hann og heyrði til hans. Nú dylst mér það ekki, að það hafi verið hann, sem til mín talaði. En þá var hvorttveggja, að eg trúði ekki á þessa skyggni mína, og svo hefi eg svo oft séð lifandi menn á þeim stöðum, sem þeir hafa ekki getað verið á, — hvernig sem á því stendur.

Hér um bil undantekningarlaust sé eg veru eða svip með hverjum manni í einhverri mynd. Þessar verur eru mismunandi skýrar og mismunandi fallegar. Áhrifin frá þeim fara eftir útlitinu. Eg hefi tekið eftir því, að lægri verur fylgja þeim mönnum, sem mikið eru gefnir fyrir líkamlegar nautnir. T. d. er það svo um drykkjumenn, að þeim fylgja lágur verur, sem vefja sig utan um þá, njóta áfengisins með þeim og halda þeim á valdi sínu. Með því er stjakað frá góðum verum, og hjálp þeirra fer forgörðum. Þær eru alltaf öðruhvoru að reyna að hjálpa og líkna þeim, sem bágt eiga, en einkum þegar þær eru beðnar um hjálpina.

Eg skal vera hreinskilinn við ykkur. Eg hefi orðið fyrir skeytum og áhrifum frá lágum verum, og eg hefi stundum farið eftir þeim. Afleiðingarnar hafa ekki orðið góðar. Eg hefi þá alltaf unnið eitthvert óhapp eða þjónað einhverri nautnafýsn svo rækilega, að eg hefi orðið veikur á eftir. Þegar eg hefi orðið fyrir slíkum skeytum, hefir mér reynzt óbrigðult að biðja og biðja af hug og hjarta um styrk til þess að standast

Þessi illu áhrif og fara ekki eftir þeim, en gera það gagnstæða. Þá hefir hjálpin aldrei brugðizt. Þessar lágu verur hafa oft komið til mín og sagt mér að gera þetta og hitt, sem þær hafa tiltekið. Þá hefi eg orðið að taka á öllum mínum sálarkröftum til þess að biðja um hjálp, og það svo fljótt, sem unnt hefir verið.

Eg get ekki sannað ykkur þetta. En eg get komið með eitt dæmi til skýringar.

Í febrúarmánuði 1915 var eg að vinna við að hengja upp seglfestar á „Valtý“ inni í Sundum, með fleirum sem ætluðu að vera á skipinu á vertíðinni. Tveir menn voru uppi í stórmastri að festa þar blakkir, en við stóðum, einir þrír eða fjórir, hjá mastrinu og vorum að tala saman; vorum að bíða eftir því að draga upp til þeirra, sem í mastrinu voru. Við stóðum heldur fyrir framan mastrið, en þilfarinu hallaði ofurlítið aftur. Þá sé eg mann kominn til mín, alveg fast að hliðinni á mér, og mér leizt allt annað en vel á hann. Hann segir við mig: „Færið ykkur svolítið aftur.“ Frá honum leggur svo mikinn kraft, að eg ætlaði ekki að geta beðið um styrk til hjálpar. Samt tókst það.

Þá fer eg aftur fyrir piltana og ýti á þá, til þess að láta þá færa sig fram. En þeir stimpast á móti. Samt láta þeir undan, en eg dett áfram á þilfarið.

Í sama bili reka þeir upp óp, sem uppi í mastrinu voru, og klófalurinn, sem er járnkeðja, dettur niður með blökk og öllu saman. Bolti hafði bilað. En ein lykkjan af falnum slóst á fótinn á mér, svo að eg meiddist dálítið. Piltarnir sögðu, að það hefði verið

gott, að eg hefði hrundið þeim áfram; annars hefði illa farið. Þeir hefðu orðið undir keðjunni, og ef til vill undir blökkinni. Áreiðanlega hefðu þeir meiðzt mikið, og ef til vill hefði þetta getað orðið einhverjum þeirra að bana.

Eins og eg hefi tekið fram, fer því fjarri, að allar hin- ar dulrænu sýnir mínar séu fagrar eða hafi þægileg áhrif. Eg skal nú geta þess, er mér hefir einna óþægi- legast þótt.

Haustið 1917, síðasta árið, sem eg var hjá foreldrum mínum að Hvammi í Dýrafirði, fór eg kvöld eitt út að Þingeyri að vitja lækni. Sú vegalengd mun vera ná- lega þrír kílómetrar.

Læknirinn fór þegar, en eg beið hans á Þingeyri. Þegar hann kom aftur, tók eg við meðulum og hélt heimleiðis. Mun þá hafa verið liðið á tólftu stund. Mjög var dimmt þetta kvöld, jörð auð, loft skýjað, en blíðviðri og kyrrð.

Þegar eg var skammt kominn inn fyrir Þingeyri, heyri eg glöggt, að gengið er samhliða mér á hægri hönd, en nokkuð frá veginum. Eftir litla stund ávarp- aði eg þennan ósýnilega förunaut. Eg taldi það víst, að hann væri einhver af nágrönnum mínum. En enginn svaraði. Eg vissi þá, að hér var ekki maður á ferð. Svip eða dulveru gat eg enga séð. Það hafði mér aldrei brugðizt áður, að eg gæti séð það, sem eg heyrði til. Mér varð því þegar allónotalega við þetta.

Eg tók að mana þessa veru til að sýna sig. Það varð

árangurslaust. Og nú greip mig svo mikill ótti og ónot, að eg tók að hlaupa heimleiðis sem mest eg mátti.

Eftir litla stund heyrði eg og fann, að vera þessi var komin mjög nærri mér. Eg heyrði fótatak hennar bak við mig og fann kalda strauma leggja um bak mér og herðar. Einhvern andardrátt heyrði eg. Eg leit þá við og sá mann nokkurn, mjög stóran og að ýmsu svo ægilegan, að slíka sýn hefir aldrei fyrir mig borið. Andlit-ið var dökkt eins og á kynblendingi, augun sem sindrandi glóð.

Eg herti nú hlaupin, en fann stöðugt áhrif og nálægð verunnar og heyrði til hennar. Mér datt í hug, að hún mundi vilja hrekja mig í sjóinn, og tók heldur að leita á brekkuna. En nú fór eg mjög að þreytast, enda fundust mér áhrifin frá verunni draga frá mér kraft og eins og þrýsta mér niður.

Poka hafði eg um öxl, og var lítils háttar af búðarvarningi í honum, en bundið af í einu horni hans. Eg tók nú pokann og kastaði honum aftur fyrir mig. En svo virtist mér sem hann væri gripinn á lofti, og honum var jafnsnart varpað fram fyrir fætur mér. Eg tók hann þá upp aftur.

Enn hljóp eg af öllum mætti um stund, unz aðeins var eftir þriðjungur af leiðinni. Þá hné eg niður uppgefinn og máttvana og gaf þessa vörn upp.

Nú var þessi vera komin til mín, og mér þótti hún þá ekki jafnægileg og áður. Bráðlega féll eg í létt mók og gat þá bæði séð svip þennan og talað við hann. Hann var nú að öllu útliti orðinn sem aðrir slíkir svip-

ir, og þess vegna stóð mér ekki nein ógn af honum frammar.

Hann fór að sýna mér fram á það, hvað óvarlegt væri að mana gegn sér hulin öfl, því að slíkum kröftum yrði bæði beitt til ills og góðs og þar vissu menn jafnan ekki, hvern þeir hittu. Hann kvað mig hafa orðið sín varan af tilviljun. En hann hafði verið að glettast við lækinn og hestinn hans.

Þá hvarf þessi sýn. Eg komst bráðlega aftur í eðlilegt ástand og gekk heim hægt og rólega, og var þá allur geigur horfinn.

Þegar heim kom, var mér sagt, að jafnskjótt sem lækirinn fór af stað heimleiðis, hafi hestur hans fælt, þótt enga orsök sæju menn til þess. Út um hlið það, er riðið var um heim að bænum, varð honum með engu móti komið, og varð að fara aðra leið. Heim komst lækir þó með hestinn, alsveittan og nötrandi af hræðslu. Sjálfur varð lækirinn einskis var.

Þessi hræðsla hestsins þótti óskiljanleg. Og mjög var eg inntur eftir því heima, hvort eg hefði ekki orðið var við neitt.

Eins og eg hefi drepið á hér að framan, var ekkert auðhlaupið að því fyrir mig að komast á þá skoðun, að eg stæði í nokkru sambandi við annan heim. Þá sannfæring hefi eg nú öðlæzt. Mér finnst eg geta séð það nú, að yfir mér hafi verið vakað með ástríkum augum alla mína æfi af ósýnilegum verum. Eg sé það nú, að í öllum mínum örðugleikum hefir mér verið

hjálpað með mjög merkilegum hætti. Og mér skilst svo sem verur, er ekkert vilja mér annað en gott, vilji nú reyna til þrautar, hvort sálrænum hæfileikum mínum sé svo háttað, að þeir geti orðið öðrum mönnum að gagni. Eg veit ekki, hver árangur verður af þeirri tilraun. En nú er mig farið að langa til þess, að ekki standi á mér lengur, að þessu megi verða framgengt.

VI. DULHEYRN OG DULSÝNIR

Andrés hefir látið eftir sig í handriti allmerkilega lýsing á því, hvernig dulheyrn og dulsýnir báru fyrir hann, og þykir hlýða að birta þær lýsingar hér, enda þótt þær hafi verið birtar áður í „Eimreiðinni“ 1933. Allir, sem þekktu Andrés, vissu, að hann var gæddur miklum dulhæfileikum. Hann lýsir þessu á þessa leið:

„Aðallega er það með þrenns konar hætti, sem þetta ber fyrir mig. Þó kemur það fyrir, að eg get enga grein gert mér fyrir, hvernig eg fæ vitneskjuna um það, sem eg sé eða skynja. Eg veit bara þetta, og sú vissa er svo sterk, að eg get alls ekki losað mig við hana, hvað mikið sem eg hefi reynt til þess. Þó vil eg taka það fram, að hafi eg sótthita, hefi eg aldrei orðið var við neitt af þessu tæi. Þá hefi eg hvorki séð né heyrt.

Í fyrsta lagi kemst eg stundum í nokkurs konar svefnástand, veit ekki af mér nema annað veifið, ligg með aftur augun og anda ákaflega hægt. Oft segi eg þá frá því, sem eg sé og heyri. Eg fer þá oft í ferðalög til ókunnra staða, en þegar eg vakna, man eg vanalega lítið af því, sem fyrir mig hefir borið, stundum dálítið

hrafl, en oftast ekkert. Er mér þá skýrt frá, hvað eg hefi sagt, af þeim, sem til mín heyra.

Í öðru lagi verð eg stundum var við ofurþægileg áhrif, og líðanin verður góð, hugsunin dreifist og smásljógast, þar til er hún hverfur alveg. Eg skynja nú ekki nema það, sem eg á að sjá, þ. e. sýnina sjálfa. Eg er glaðvakandi og mér finnst eg geta heyrt til þeirra manna, sem eru í nærveru minni, en komi það fyrir, að eg yrði á þá, er viðtal mitt við þá alveg út í hött. Eftir að sýnin er horfin, breytist ástand mitt og eg man óglögg, hvað eg hefi sagt, en sýnin er ákaflega skýr í huga mínum á eftir.

Í þriðja lagi sé eg stundum skýrt og greinilega og svo formbundið og ákveðið, að eg verð þess ekki var í fljótu bragði, að um annað sé að ræða en okkar veruleika. Engin áhrif hefir þetta á mig sem í hinum tilfellunum, vekur hvorki hálfsvefn, máttleysi né þægilega tilfinningu. Eg er fullkomlega í vanalegu ástandi. Fyrst þegar sýnin hverfur mjög skyndilega, skil eg, að þetta var aðeins sýn. Af margendurteknum vana bergður mér ekki við slíkar sýnir, jafnvel þótt þær séu stundum allt annað en fallegar. Sameiginlegt fyrir allar þessar sýnir er, að þær eru bæði yfir liðna, liðandi og ókomna viðburði. Eg sé fólk, fénað, landslög, hús, skip, menn og svo framvegis.“

Ólafur og dánu drengirnir

Það var sumarið 1928, að eg var sjúklingur á Vífilsstöðum. Eg kom þangað 11. júní um sumarið. Hálfum mánuði seinna var það dag nokkurn, að eg lá einn á sjúkrastofunni, því að félagar mínir lágu í þagnartíma úti í leguskála hælisins. Allt var hljótt. Sé eg þá, að á miðju gólfi verður til bláleit þoka. En í þokunni er barnsmynd á fyrsta ári. Horfi eg lengi á þetta og er ekki í vafa um, að þetta sé engin missýning. Nokkrum mínútum síðar er nýjum sjúkling vísað inn á stofuna, og leggst hann í rúm, er stóð þar autt. Eg sagði engum frá þessari sýn þá í svipinn. Svo var það fjórum eða fimm dögum síðar, að eg ligg vakandi í rúmi mínu gegnt Ólafi Ólafssyni, en svo hét hinn nýi sjúklingur. Það var kvöld og nokkuð rökkvað. Sé eg þá, að við rúm Ólafs stendur drengur, tólf ára. Eg segi Ólafi frá þessu, að drengurinn standi þarna við rúm hans og að hann sé ekki sonur hans, en hafi verið hjá honum og dáíð hjá honum. Ólafur undrast þetta og segir, að þetta sé rétt. Sé eg þá, að drengurinn fer að sýna mér myndir. Hann sýnir mér líkkistu, og í henni liggur drengurinn sjálfur. Ólafur þessi er að leggja hann til í kistuna og lætur sálmabók á brjóst líksins, þannig, að bókin er opnuð og lögð svo, að kjölurinn snýr upp. Við kistulagninguna sá eg fullorðinn eða eldra mann, sem eftir lýsingunni hefir verið faðir Ólafs, eftir því sem Ólafur sagði sjálfur frá. Nú sýndi drengurinn mér

mynd af norðanveðri, köldu veðri, nokkrum stormi, næðingsbyl og vetrarútliti.

Eg sá litla líkfylgd, sem hélt að kirkjustað undir fjalli, er bar hátt yfir bæinn. Þessari sýn sagði eg frá um leið og eg sá hana. Félagar mínir á stofunni heyrðu allt, sem eg sagði. Eg hefi verið í eins konar dvala, því að þegar eg vaknaði, vissi eg ekki, hvað eg hafði talað. Við fórum að tala um þetta á stofunni. Sagði þá Ólafur, að þessi jarðarför væri lýsing á jarðarför drengsins, að sér virtist, því að lýsing á veðrinu stæði alveg heima og landslaginu það, sem það næði. Barst nú í tal sýn mín nokkrum dögum fyrr, sýnin af ársgamla barninu. Sagðist Ólafur hafa misst barn á fyrsta ári, sem mér var fullkomlega ókunnugt um.

A. B.

Óþægilegur fyrirburður

Úr handritasafni miðilsins er þessi frásögn, sem hér fer á eftir. Salvör Ingimundardóttir tók sjálf á móti manni sínum kvöldið, sem um getur. Hún er reiðubúin að staðfesta, að atburðurinn sé rétt skrásettur eins og Andrés sagði hann, er hann kom heim þetta kvöld. Þessi frásögn er auk þess staðfest af Einari H. Kvaran rithöfund.

„Það var veturinn 1927, að eg hafði farið einn í leikhúsið vegna þess, að kona mín hafði ekki ástæður til þess að koma með mér. En yfirleitt reyndi eg sem minnst að vera einn á ferð. vegna þess að eg varð oft

fyrir óþægilegum áhrifum. En að þessu sinni brá eg þó út af venjunni.

Á heimleiðinni var eg mjög hugsandi út af því, sem gerzt hafði á sýningunni, svo að eg hafði ekki minnstu áhyggju út af því að vera einn á ferð. En þegar eg beygi fyrir hornið á Vonarstræti og Suðurgötu, þá tek eg eftir því, að á hlið við mig gengur karlmaður. Eg greikka dálítið sporið, svo að eg kemst fram fyrir hann. En þegar eg beygi af Suðurgötunni upp á Sólvallagötu, þá er hann aftur á hlið við mig. Mér þótti þetta dálítið kynlegt og fór nú að virða manninn fyrir mér.

Hann var á hæð við mig, breiðvaxinn og vaggaði dálítið í gangi líkt og sjómenn gera. Andlitið var tog-inleitt og skegglaust, en augnalit og andlitsdrætti gat eg ekki greint. Hann var í bláum fötum, sem litu út fyrir að vera nýtekin upp úr kofforti eða kistu; svo hrukkótt og óslétt voru þau. Hann var með enska húfu á höfði, og hallaðist hún út í hægra vangann, svo að eg sá að hárið var dökkleitt og hrokkið, en um hálsinn hafði hann það, sem margir vélamenn eru vanir að nota til þess að þurrka af vélum með, en eg þekki ekki heiti á; þó líktist það mest tvisti. Mér fannst ekkert grunsamlegt við þeunan náunga og varð ekki var við nein áhrif. Þar af leiðandi hélt eg rólegur áfram göngu minni vestur götuna. Þegar eg á eftir nokkra faðma heim til mín, lít eg snöggt um öxl, og er þá maðurinn alveg á hælunum á mér. Þá fyrst vaknar hjá mér grunsemd um það, að eitthvað hafi hann að erinda við mig. Þegar hér er komið, greikka eg svo spor-

ið, að nærri lá hlaupum. En um leið og eg kom að útidyráhurðinni og greip í hurðarhúninn, steypust yfir mig þau allra ógurlegustu og verstu áhrif, sem eg hefi nokkurn tíma á æfinni orðið fyrir. Áhrifin voru líkust því, sem væri eg pikkaður með mörg hundruð ísnálum, og mér fannst hver taug í líkama mínum nötra og skjálfa af hinum djöfullega áhrifakulda, sem mér virtist nísta í gegnum merg og bein. Mér fannst eg vera allur að dofna upp af þessari ægilegu ofsókn og vera að missa máttinn. Þá reyndi eg að safna öllum mínum líkams- og sálarkröftum til þess að hníga ekki niður við dyrnar. Með erfiðismunum tókst mér það, en í sömu andránni varð mér litið um öxl. Eg sé þá að bak við mig stendur sama veran. En þá var útlit hans svo, að líkja mætti við svertingja, en auk þess var hann afskræmdur af heiftaræði. Hann hóf hægri hönd á loft, og í krepptum hnefa hélt hann á blikandi rýting. Með leifturhraða keyrði hann rýtinginn í síðuna á mér með svo miklu afli, að hnefinn skall á mér. Eg fann að rýtingurinn fór inn á milli rifja, og eg kenndi strax mikils sviða og sársauka. Um leið og eg sá tilræðið, greip eg báðum höndum í hurðarhúninn og rykkti í af öllu afli. Þegar eg fann, að mig skorti afl til þess að opna, þá hrópaði eg af öllum mætti á hjálp. Á sama augnabliki henti þessi vonda vera sér yfir mig, svo að eg missti tökin á hurðinni, og þar með voru kraftar mínir til andstöðu gersamlega að þrotum komnir. Um leið og eg hné niður og var að missa

meðvitund, sagði eg við djöful þennan: „Hirtu mig nú. Eg get ekki meira.“

Þegar eg rákkaði við mér, var ástand mitt mjög bágborið. Eg gat þó risið upp og opnað hurðina og skjögrazt inn til mín. En konan mín varð að afklæða mig og hjálpa mér í rúmið. Daginn eftir gat eg ekki klæðzt, og ekki var eg fullkomlega kominn í heilbrigt ástand fyrr en eftir viku.“

Eftir því, sem eg bezt get munað, er framanskráð saga nákvæmlega eins og hr. Andrés P. Böðvarsson sagði mér hana, morguninn eftir að þetta gerðist.

Reykjavík. 5. nóvember 1930.

Einar H. Kvaran (sign).

Ólafur Gíslason

Eitt sinn var það seinnipart sumars, að eg sem oftast skrapp vestur í bæ til kunningja míns. Kom eg nokkuð seint heim; konan mín var háttuð, en vakandi. Við fórum að spjalla saman á meðan eg var að hátta, því að eg var vel hress.

Dyrnar í svefnherbergi okkar stóðu opnar fram í eldhúsið, sem er nokkuð stórt, með tveim gluggum á austurhlið. Dimmt var inni.

Eg sé þá tvær gamlar konur sitja frammi í eldhúsinu. Voru andlit þeirra svo björt, að frá þeirri birtu sé eg þær vel, og þekki eg þá aðra þeirra, ömmu Ólafs

Gíslasonar, og til sömu tíðar sé eg hvar Ólafur stendur við svefnherbergisdyrnar og er glettnislegur á svipinn; langaði til þess að glettast við konuna mína, að gera hana vara við sig, sem honum líka tókst. Hljóðaði hún þá upp og kallaði til mín, og hvarf þá Ólafur og konurnar báðar. Konan mín sagði mér þá frá því, hvað fyrir sig hefði borið, og var það að öllu leyti það sama og eg sá, að öðru leyti en því, að hún sá líka stóran kindahóp renna fyrir eldhúsgluggann, en hann sá eg ekki. Eg tek það fram, að þetta var í það eina sinn, sem konan mín sá það, sem öðrum mönnum var ósýnilegt.

A. B.

Við undirrituð, sem vorum á fundi hjá Andrésí Bøðvarssyni síðastliðinn ágústmánuð, heyrðum, að sagt var í gegnum miðilinn: „Eg er Ólafur Gíslason, sem drukknaði af „Leifi heppna“. Eg hefi reynt að gjöra vart við mig í Keflavík heima hjá móður minni, með því að berja þrjú högg í gluggann. Einnig reyndi eg það hjá miðlinum, að láta hann verða varan við mig; var eg þá í för með ömmu minni og annarri konu, Guðrúnu frá Brekku. Amma mín tók á móti mér, þegar eg vaknaði; annars hefði eg verið illa staddur. Bið eg ykkur að bera móður minni kveðju mína og biðja hana að hugsa til mín eins og eg væri á næsta bæ, og að minnast mín í bænnum sínum.“

María Ólafsson, Sigríður Markúsdóttir,
Sigríður Pálsdóttir (handsalað).

Það var að kvöldi dags. Eg er nú búin að gleyma mánaðardeginum. En eg var farin að verða hrædd um, að eitthvað væri orðið að „Leifi hepna“. Á honum var Ólafur sonur minn. En mér var talin trú um, að loftskeytin hefðu bilað í skipinu, og að þeir lægju ef til vill einhvers staðar úti fyrir Vestfjörðum og gætu því ekki látið vita um sig. Samt var í mér svo mikill uggur, að eg vildi helst ekki vera ein heima þetta kvöld. Þegar börnin mín voru sofnuð, þá skrappt eg á stúkufund. Var eg fjarverandi á að gizka hálfan annan klukkutíma. Þegar eg kom heim, heyrði eg að maðurinn minn var vakandi, aldrei þessu vant. Hann sofnar ávallt snemma á kvöldin, þegar hann vinnur á daginn. Eg heyrði að hann stundi þunglega og bylti sér í rúminu. Samt gaf eg mig ekki að því. Eg fór að háttá og lagðist fyrir. Þess skal geta, að Ólafur okkar var vanur að berja að dyrum á sinn sérstaka máta, svo að ávallt þekktum við, hver á ferð var.

Nokkrum mínútum eftir að eg er lögzt fyrir, heyrir eg barið að dyrum og þekki um leið, að nú er hann loks kominn heim. Eg verð ákaflega glöð og segi við Gísla:

„Blessaður, farðu nú fram að opna; hann Óli er kominn.“

En í stað þess að fara fram, stynur hann þungan, svarar engu orði og hreyfir sig ekki.

Rétt í þessu heyrir eg, að aftur er barið á sama hátt og hið fyrra sinnið. Eg er þá ekki sein á mér og ætla

að hendast fram úr rúminu og opna hurðina. En þá segir Gísli:

„Ligg þú kyrr. Eg hefi heyrt þetta fyrr í kvöld.“

Skömmu síðar heyrði eg svo barið í gluggann á sama hátt og Óli var vanur að berja að dyrum. Eftir þetta vorum við nokkurn veginn viss um, að hann mundi aldrei frammar birtast okkur í líkamanum.

Þessi boð, sem að ofan eru skráð, bárust ekki til okkar fyrr en löngu síðar. Það var ekki fyrr en eftir ítrekaða beiðni og umkvörtun Óla á miðilsfundi, að ekki hefði verið gert eins og hann bað, að þær komu heim til mín, Guðný frá Galtafelli og Sigríður Markúsdóttir, með hið ofanskráða, og jafnframt gátu þær þess, að Óli hefði ítrekað beiðnina og sagt þeim að fara beina leið til mín; eg tryði því.

Eg hefi enga tilhneigingu til að rengja þetta eða afneita sannleikanum; það oft hefir drengurinn okkar gert vart við sig hér heima, og eins tímenn, sem eg dvaldist í Keflavík og ávallt með sama hætti, ýmist að banka í gluggann eða á dyrnar; og enn þann dag í dag verðum við hans vör á undan slysum á sjó.

Reykjavík, 1. júní 1944.

Guðný G. Hagalín.

Hugboð

Vorið 1926 hafði eg oft hugsað mér, að mér væri hollt að dvelja í sveit heilsu minnar vegna. Eg sá þó engin ráð til þess, að það gæti orðið. En í júní kom

konan mér fyrir hjá kunningjafólki sínu á heimili austur í Árnassýslu. Nokkrum dögum síðar segi eg við konu mína, að á morgun komi hingað kona, sem bjóði mér að koma til sín. Konu minni fannst þetta hin mesta fjarstæða, þar sem dvöl mín væri ákveðin, enda gat hún ekki skilið, að mér gæfist kostur á öðru heimili.

Þennan sama morgun fórum við hjónin inn í þvottalaugar og vorum lengi í burtu. Þegar heim kom, segir mótbýliskonan okkur, að hingað hafi komið kona og spurt eftir Salvöru. Lýsti hún konunni, og sagði Salvör þá: „Þetta hefi verið frúin á Mosfelli.“ En hún skyldi þó ekki í því, af því að mörg ár voru liðin síðan þær sáust, og ekki höfðu þær heldur skrifazt á bréfum á því tímabili. Um kvöldið kemur svo frú Elínborg og segist vera búin að hafa mikið fyrir að leita Salvöru uppi. En að hún hafi bókstaflega ekki verið í rónni nema að hitta hana. Einhvern veginn barst svo talið að veikindum mínum og því, að eg ætlaði að dveljast í sveit þetta sumar. Þegar frúin heyrði, hvar eg ætlaði að vera, bauð hún mér að koma við á leiðinni og hvíla mig þar. Einnig bauð hún mér svo að láta fylgja mér upp eftir til þess heimilis, sem eg ætlaði að dveljast á. Eg þakkaði boðið, og tveim dögum síðar fór eg svo austur. Þá var eg fastákveðin í því að halda áfram ferðinni eftir eins eða tveggja daga við dvöl. En það fór allt á annan veg. Eg dvaldist þar þrjár vikur og lagði svo af stað með konu minni, sem kom austur. En eg komst aldrei nema hálfa leið. Þegar til

kom, var ekki hægt að taka á móti mér á þessum umgetna bæ, sem búið var að koma mér fyrir á. Fórum við þá aftur ofan að Mosfelli. Þegar presthjónin vissu, hvernig ástatt var og að við vorum á leið suður, buðu þau okkur að vera þar um sumarið, og dvaldist eg þar í þrjá mánuði. Hefi eg alltaf litið svo á, að þarna hafi frú Elinborg verið send mér til hjálpar. Þar leið mér að öllu leyti vel, og þar undi eg mér ágætlega. **A. B.**

Lát föður míns

Sumarið 1927 áttum við hjónin heima í Hrólfs-skála á Seltjarnarnesi. Eg gat enga vinnu stundað þetta sumar fremur en sumarið áður. Eg fór því til vina minna austur að Mosfelli og ætlaði að dveljast þar nokkra daga. Þetta var í ágúst mánuði. Var mér vel tekið. Presthjónin buðu mér að vera um tíma, og þáði eg það. Um þessar mundir leið öllu mínu fólki vel. Konan var í Reykjavík og börnin í sveit. Faðir minn átti heima í Dýrafirði. Eg hafði fyrir skömmu fengið bréf frá honum. Var hann þá við beztu heilsu. Um kvöldið sat séra Ingimar hjá mér inni í stofu, þar til mér var boðið til sængur. Eg svaf í herbergi við hliðina á hjónaherberginu. Eftir nokkra stund féll eg í svefn. Um nóttina vakna eg við það, að einhver kemur við mig. Eg sé að klukkan er tvö. Eg lít í kringum mig, en verð einskis vís. Þó finn eg, að einhver stendur við rúmið. Eg finn að það er vera, sem vill mér eitt-hvað. Eg finn að það er einhver nákominn mér, en

ekki er mér hægt að vita, hver þetta er. Eg fékk örugga vissu fyrir því, að þessi vera væri dáin og væri að heim-sækja mig. Ekki get eg sagt, hvernig eg fékk að vita þetta, en eg vissi það. Eg glaðvaknaði og sofnaði ekki meira um nóttina og var í einum eldi af umhugsun um, hvað þetta ætti að þýða.

Um morguninn hafði eg engan frið; bæði voru það áhrifin frá því um nóttina og hræðsla við það, að einhver af fjölskyldu minni væri kominn yfir í annan heim. Eg gat ekki annað en ákveðið að fara, þrátt fyrir að eg ætlaði að vera um kyrrt um viku tíma. Eg kvaddi séra Ingimar og frú og hélt heimleiðis til Reykjavíkur. Þegar eg var kominn nokkuð áleiðis, hvarf mér þessi vonda líðan, og eg fór að sjá eftir því að hafa farið frá Mosfelli. Áður en eg fór, hafði eg gert ráð fyrir því að vera í burtu um þriggja vikna tíma, en nú var eg kominn svona skyndilega heim. Kona mín undraðist þetta ekkert. Hún vissi orsökina og bjóst við af gömlum vana, að eg hefði fengið vitneskju þar um. Þannig stóð á, að um morguninn hafði komið skeyti að vestan frá Dýrafirði, að faðir minn hefði dáið af slagi. Þá virtist fyrirburðurinn ráðinn.

A. B.

Sögð fyrir veikindi

Það var sumarið 1927, að eg var mér til heilsubótar, ásamt fjölskyldu minni, vestur í Hrólfskála á Seltjarnarnesi. Laugardaginn fyrir pálmásunnudag voru staddir hjá mér frk. Sigfríður Markúsdóttir og frú Vilborg

Guðnadóttir héðan úr bænum. Við sátum öll inni hjá okkur hjónunum og vorum að tala um eitt og annað. Skyndilega fæ eg þá óbifanlega vissu og sannfæringu um, að annaðhvort verði eg veikur 11. júní þá um sumarið, eða þá að eg fari beinlínis yfir í annan heim. Eg segi frá þessu þá þegar. Nú líður tíminn, og hugsaði eg ekkert um þetta, svo að það gleymdist. Þá var það löngu seinna, að eg kom dag einn heim til kunningja míns, E. H. Kvarans í Túngötu 5. Eg kenndi mér einskis meins, er eg kom þangað, og við röbbuðum um eitt og annað. En nú þurfti eg að fara inn í baðhús til þess að þvo mér um hendurnar. Eg ræksti mig, og vitið þið hvað? — Það kom blóð upp í hrákanum! Mér brá hálfpartinn við þetta. En blóðuppgangurinn óx meir og meir. Þetta leit alvarlega út. Eg var hjá Kvaran langa stund, þangað til blóðið stöðvaðist næstum því jafnsnögglega og tilfellið byrjaði. Eg ók í bíl heim og lá í nokkra daga. En þá segir kona mín við mig: „Heyrðu, manstu, hvaða dagur er í dag?“ En eg hafði alls ekki neitt um það hugsað og segi: „Nei“. „Það er 11. júní“, sagði hún. Það var rétt. Mánuði seinna mættumst við frú Vilborg vestur í bæ. Hún mundi eftir því, sem eg sagði, þegar hún var stödd hjá mér. Sagði eg henni þá, hvað komið hefði fyrir og hvernig þetta hugboð hefði alveg nákvæmlega komið fram.

A. B.

Mennirnir á ganginum

Sumarið 1925 um vorið veitti eg því eftirtekt, að fyrir gluggann á svefnherbergi mínu á Vitastíg 7 gekk jafnan ljósklædd stúlka. Hár hennar var fléttað í tvær fléttur, er náðu langt niður í bakið, og um flétturnar voru bundnar slaufur. Eg fór að veita því eftirtekt, að stúlku þessa bar jafnan fyrir gluggann nokkurri stundu áður en öldruð kona kom inn í húsið. Þannig var þetta um hrið. Loks hafði eg orð á þessu við konuna mína, hve undarlegt það væri, að telpan skyldi aldrei koma inn í húsið, svo að við hana yrði vart. Eg vissi, að hún átti hvergi heima í húsunum þar í grenndinni, enda sást hún aldrei endranær, og enginn sagðist sjá telpuna nema eg. Eftir samtál okkar hjónanna færði konan mín það í tal við dóttur öldruðu konunnar, hvort móðir hennar hefði misst nokkur börn og hve þau systkinin væru mörg. Sagði hún þá, að þau væru ekki fleiri en þau, sem lifandi væru, en bætti samt við: „Hvers vegna spyrðu þessa?“ Konan mín sagði þá frá því, sem eg hafði sagt henni, að telpan kæmi æfinlega fyrir gluggann á undan móður hennar. Og ennfremur sagði konan mín frá, að eg hafi séð hina sömu telpu, þó eins og yngri, í kjöltu gömlu konunnar inni í eldhúsi, og það oftast en einu sinni. Vaknar þá upp fyrir dótturinni, að móðir hennar hefði eignast stúlkubarn áður en hún giftist og misst það um ellefu ára aldur. Skömmu seinna, dag einn, er eg kom heim, varð eg þess var, að tveir menn stóðu í ganginum við íbúðina á Vitastíg 7.

Þekki eg annan manninn strax, því að honum hafði eg kynnt. En þá kemur það merkilega fyrir, að þegar eg kem að þeim í ganginum, eru þeir það lausir fyrir, að eg geng í gegnum þá. Skildi eg þá þegar, að hér var ekki um neina holdlega menn að ræða og þetta myndu vera svipir. Þegar eg kom inn til konu minar, segi eg henni frá því, sem eg hafði séð í ganginum, og tala um það við hana, hve óviðkunnanlegt það sé, að börnin hlaupi út og inn um ganginn og þurfi að fara í gegnum þessa menn, sem þar stæðu. Það skal tekið fram áður en lengra er haldið, að lát þess mannsins, er eg þekkti svipinn af, hafði farið fram hjá mér, og eg vissi ekkert um hann. Hann hét Sigurður. Mér var heldur ekki kunnugt, að hann þekkti nokkuð til fólksins, er bjó móti okkur hjónunum, enda var eg nýkominn heim og þekkti það fólk ekkert. Þessu hélt áfram í nokkra daga; eg sá mennina í ganginum alltaf öðruhvoru, og fyrir kom, að eg sá telpuna, sem áður getur, í fylgd með þeim. Ekki komst það inn í vitund mína, hvað þessir menn vildu, og ekki fékk eg skilið sambandið á milli telpunnar og þessara manna. Þessi sýn hafði mjög óþægileg áhrif á mig, og mér leið ekki sem bezt á stundum. T. d. um það, hve þessi sýn var áleitin við mig, get eg sagt yður, að á kvöldin, er eg var lagstur í sæng og breiddi yfir höfuð, sá eg þau þrjú standandi í ganginum, þar til þeim þóknaðist að hverfa. Um þetta leyti hafði eg starf við innheimtu, og nú fór það að koma fyrir, að eg fór að sjá Sigurð í fylgd með mér úti við. Þegar hann var í fylgd með mér, hafði hann

þau áhrif á mig, að eg varð sljór og eins og eg hefði ekki fullt ráð á vilja mínum. Varð eg oft að neyta allrar orku, að gefa ekki eftir vilja Sigurðar og fara þangað, sem hann vildi draga mig. Mér varð það mjög mikið umhugsunarefni, hvernig eg myndi geta losnað við þessi óþægindi. Eitt atriði langar mig til að segja ykkur í þessu sambandi. Eg fór eitt sinn í kirkju til próf. Haralds Níelssonar. Þegar eg kom út úr kirkjunni, kemur Sigurður á móti mér, og var þá sem drægi mjög úr mér mátt. Eg þóttist skilja, að hann vildi fá mig með sér upp í Skólavörðuholt, en eg reyndi allt hvað eg gat að verjast því. Rétt í þessu kemur kunningjakona mín út úr kirkjunni og sér hún, hvar eg stend ráðalaus. Gekk hún til mín og varð mér samferða heim, og sagði eg henni frá því, sem eg varð var við. Líka datt mér í hug, ef þessu færi fram, að leita ráða hjá kunningja mínum, hr. Vilhelm Knudsen, og gerði eg það að lokum. Gaf hann mér það ráð, að reynandi væri að biðja fyrir þessum mönnum, í þeirri von, að eg hætti að verða þeirra var. Eg hafði hvorki trú á bænum né hafði þær um hönd. Eg nefndi þó við konu mína, að við skyldum gera tilraun með að rugla einhverjar bænir, en árangurinn virtist enginn.

Þá hér er komið sögu, er eg beðinn af kunningja mínum, hr. klæðskera A. A., að gera tilraun með sambandsfund hjá hjónunum Sveini og Vilborgu Einarsdóttur. Um það bil, sem eg var að falla í sambandsástand, sé eg Sigurð í forstofunni, gegnum lokaða hurðina, og segi eg þá við fundarmennina, að eg muni

ekki geta sofnað vegna áhrifa frá Sigurði. Einn fundar-
mannanna segir þá, hvort hann eigi að flytja sig út
í forstofuna með stólinn sinn. í þeirri von, að Sigurður
hverfi þaðan. Eg neitaði því, en bað um að hurðin
yrði opnuð. Tók nú Andrés klæðskeri í aðra hönd
mína, og héldumst við í hendur um stund. Gekk þá
Sigurður til mín og hvíslaði í eyra mér: „Eg vil ykkur
ekkert illt, en biðjið þið Harald Níelsson að biðja
fyrir mér af stólnum.“ Svo var hann horfinn, og ekk-
ert varð meira úr fundinum. Seinna fór kunningja-
kona mín, frk. Sigríður Markúsdóttir, með þessa bón
til próf. Haralds. Hann lofaði þessu, að biðja fyrir
manninum af stólnum, án þess að geta nafns. Næsta
sunnudag á eftir framkvæmdi prófessorinn þetta. En
eg hefi aldrei orðið Sigurðar var meira. Nokkuð löngu
seinna fékk eg að vita með fullri vissu, að litla telpan
var dóttir Sigurðar.

A. B.

Reimleikar í „Valtý“

Frásaga þessi hefst á því, að haustið 1914, eftir að
þilskipið „Valtýr“ kom af veiðum, var því lagt á
Reykjavíkurhöfn, meðan á hausthreinsun stóð. Þá var
það kvöld eitt eftir vinnu, að við fjórir vorum úti í
skipinu: Guðmundur Erlendsson, Einar Gestsson,
Magnús Eggertsson og eg. Guðmundur og Einar voru
sérstakir hugmenn og atorkumenn, dulir í skapi og
fastir í lund og máttu hvergi vamm sitt vita, hjátrúar-
lausir, orðvarir og höfðu enga skemmtun af að skrökva.

Magnús var örgeðja, dálítið fatlaður í máli og nokkuð fljótráður í ályktunum. Sá fimmti, sem með okkur var, hafði fengið landleyfi þetta kvöld og var í kvikmynda-húsi. Klukkan var níu um kvöldið. Veðrið var framúrskarandi fagurt, — logn, svo að hvergi var vindgára að sjá. Tunglið var nýlega fullt og himininn heiðskír. Stjórnubjart var og skemmtilegt. Við fórum allir fram í „lúgar“ skipsins, albúnir þess að fara að borða „glás“ svonefnda. Þessi „glás“ var þannig útbúin, að blandað var saman og soðið: rúgbrauð, kaffi, púðursykur, smjörlíki og rúsínur, ásamt vatni. Var þetta allt í einum graut, borðað úr sama ílátinu af öllum í einu. Þegar við byrjum að borða, vantar matskeiðarnar. Eg bauðst til þess að sækja þær aftur í „kætuna“. Allar lestar skipsins stóðu opnar og ennfremur þiljugluggar, „skylight“ öll tekin burtu, svo að skipið þornaði sem bezt. Aftan við „kætuna“ var svonefnt „skott“. Þar voru geymd varaseglin. Fara mátti því tvær leiðir í „kætuna“, niður stigann og niður í „skottið“ og þaðan fram í „kætuna“. Þegar eg var búinn að ná í skeiðarnar úr skáp í „kætunni“ og kominn upp í stigann, kemur þá allur skeiða- og hnífabunkinn í fljúgandi ferð á eftir mér og fellur síðan út um allt „kætuólfið.“ Eg held, að þetta sé ekkert undarlegt, heldur muni þetta vera félagar mínir að glettast við mig. Flýti eg mér því upp á dekkið og aftur að skottinu, þar niður og á ný inn í kætuna, því að þarna ætlaði eg að grípa prakkarana. En það varð nú ekki, og eg sé engan. Tíni eg nú saman allt skeiðaruslið og læt á sinn stað. Eg er

ekki í vafa um, að félagar mínir séu valdir að þessu, fer því ósmeykur fram að „lúgarum“ og hyggst nú heyra þá hlæja að því, hve vel þeim tókst að hræða mig. Eg stanzaði við dyrnar og hlustaði, og heyrði eg þá að þeir voru að tala um allt annað efni. Þegar eg kem inn í „lúgarinn“, sitja þeir allir þar og bíða eftir skeiðunum. Guðmundur tók eftir því, hve fögur eg var, og hafði orð á því. En Magnús var fljótur til og sagði: „Þú hefur séð skipsdrauginn.“ En rétt þá er hann hefir sleppt orðinu, er rekið *heljarhögg* í hurðina milli „lúgarsins“ og lestarinnar, svo að hurðin hrökk upp. Við vorum nú kyrrir, nema Guðmundur; hann þýtur út og upp á dekk, en kemur að vörmu spori aftur án þess að verða nokkurs var. Okkur setti hljóða. Magnús ympar nú á því, að þetta muni vera maður sá, er fór í land um kveldið, og sé nú kominn aftur. Enginn svaraði þessu. Við höfðum ekki setið þarna nema nokkur augnablik, þegar aftur er rekið *heljarmikið högg á hurðina* og hún hrekkur aftur upp. Nú var það ekki einleikið. Guðmundur ákveður, að við förum allir upp á dekk og leitum nú í skipinu. Fyrst var leitað alls staðar ofan dekk; þá skiptum við liðinu, og við Magnús leituðum í „káetunni“ og „skottinu“, en Guðmundur og Einar fóru í lestarar, Var nú skipið vel leitað, og töldum við það gersamlega óhugsandi, að nokkur maður gæti leynzt í því. Einnig gættum við þess vel, að enginn bátur var nálægur, því að vel sást til allrar hafnarinnar. Guðmundur var með lukt og hélt á henni inn í „lúgar-

inn“, þar sem við söfnuðumst allir saman á ný. Nú var fátt talað. Þessir undarlegu viðburðir voru farnir að hafa hálfóviðkunnanleg áhrif á okkur. Var nú farið að hugsa um að borða. En þá heyrst gengið hratt um dekkið á þungum sjóstígvélum; byrjaði þessi umgangur við mitt skipið og færðist fram eftir því allt til keðjanna. Heyrum við nú að keðjurnar eru dregnar upp, sem svarar þrem til fjórum föðmum, og skellt á dekkið með harki miklu, en þar renna með enn meira hávaða ofan í keðjukassann á ný. Þegar hávaðinn stóð sem hæst, þaut Guðmundur upp á „lúgarsborðið“ og upp um „dekkglugganr“ og var þegar kominn upp á dekkið, en Einar, sem var stór maður, stóð uppi á borðinu og horfði upp úr glugganum. Var nú ekkert að heyra og því minna að sjá. Komu þeir nú niður í „lúgarinn“, eftir að þeir höfðu lokað vel og vandlega „dekkglugganum.“ Guðmundur vildi ekkert um þetta tala og kvað þetta nú búið. Magnús minntist ekki framar á, að þetta gæti verið félagi þeirra, og dró sig mikið í hlé. Eg var satt að segja orðinn hálfsmeykur við allt þetta og óskaði í hjarta mínu, bak við tjöldin, að þetta stafaði fremur af völdum mannskra manna en framliðinna. Einar var hinn karlmannlegasti eins og Guðmundur. Hann tók nú harmóníku og fór að spila og sagði okkur að syngja. Því að nú væri þetta áreiðanlega allt um garð gengið. *En þá er aftur gengið svo hart um dekkið, að fullkomlega yfirgnæfði hljóðfærslátt okkar. Aftur var rokið í keðjurnar, þar dregnar upp meira og hraðara en áður. Hávaðinn af*

Þessu varð svo mikill, að hann yfirgnæfði allt. Við fórum að tala um, hvort við skyldum fara upp og aðgæta ennþá einu sinni. En það varð úr, að við hættum við það, og þess í stað byrjuðum að eta.

Nú var glásin orðin köld og heldur ólystugur matur. Við vorum ekki heldur neitt þurfandi fyrir mat meira. Að minnsta kosti vildi Magnús ekki eta. Litla stund höfðum við setið þarna, þegar einhvern þyrsti mjög. Nú þurfti að sækja vatn, og eg vissi um mig, að til þeirrar farar var eg ekki fús. Guðmundur sagðist skyldi strax sækja vatnið, og fór eg með honum. Í lestinni aftur af „lúgarnum“ var vatnskassinn, og var vatnið tekið úr honum með litlu máli. Guðmundur tók luktina og gekk fram fyrir og eg á eftir. Þegar Guðmundur er að sökkva í málinu, *kemur eitt af saltborðunum fljúgandi í loftinu* aftur úr lestinni og slengdist niður við vatnskassann. Guðmundur þýtur upp, aftur eftir lestinni, þaðan sem borðið kom, og leitar alls staðar. Þaðan var engum undankomu auðið án þess að sjást, en allt kom fyrir ekki; hvorki sást eða heyrðist til nokkurs manns. Við komum nú til baka og fórum inn í lúgarinn á ný; hurðin stóð opin, og luktin var á borðinu, en viti menn! *Kemur ekki eitt saltborðið ennþá aftan úr lestinni með miklum krafti og lendir inni á „lúgargólfinu.“* Guðmundur tekur nú borðið og þeytir því til baka aftur eftir lestinni með þéttingskapi. Við töluðum fátt, og það varð úr, eftir tillögu Guðmundar og Einars, að leit yrði hafin um allt skip á ný. Fóru nú tveir og tveir saman. Var nú leitað af

öðrum flokknum í lestinni í öllum skápum og skotum; allt var opið og ólæst, sem geta má nærri, þar sem skipið var undir allsherjar hreingerningu. Annar flokkurinn fór í „kættuna“ og leitaði þar, í „skottið“ og í alla króka. Enginn varð var við orsökina, sem þessum óskemmtilega djöflagangi olli. Enginn bátur hafði komið að borði. Sjórinn var rennisléttur, og spegluðust stjörnur og tunglið í fleti hans. Við komum okkur saman um að fást ekki um þetta meira, ef við fengjum að vera í friði, og fórum einu sinni enn niður í „lúgarinn“. Einar tók harmóníkuna og spilaði, en við sátum hljóðir og hlustuðum. En þá kemur nýtt fyrir. Þannig er háttað á skútunum, að á keðjuvindunni er tannhjól, og til þess að keðjan renni ekki til baka, er járnstilli, sem grípur inn í þetta tannhjól og varnar því, að hjólið snúist öfugt. Þetta kalla sjómenn „palla“; þeir segja, að verið sé að palla, þegar vindunni er snúið. Allt í einu er farið að „palla“ með þeim feiknahraða, að það var líkast því sem gufuvinda væri að snúast. Við hlustuðum nú allir og heyrðum glöggt, hvernig stillið straukst yfir tannhjólið. Það var ekki um það að villast. Og þessi gauragangur hélzt um stund. Þá heyrum við, að komið er róandi á bát og lagzt að skipshliðinni. Þetta var okkur mikill léttir. Eftir stutta stund kom félagi okkar niður í „lúgarinn“ og heilsaði okkur. Hann horfði á okkur til skiptis og sagði svo: „Hvað hefir komið fyrir ykkur? Því eruð þið svo hljóðir?“ En honum var engu svarað um það. Það var sem enginn vildi á þetta minnast framar.

A. B.

Ferðalög með Pétri

Það er upphaf þessarar sögu, að fyrripart vetrar 1920 voru margir farnir að vonast eftir þilskipinu „Valtý“, sem lengi hafði verið í veiðiför. Það var ekki talað hátt um þetta í fyrstu, en menn uggðu um, að það kæmi fram, eftir að hálfur mánuður til þrjár vikur voru liðnar frá því er það lagði út. Eg var þá starfsmaður hjá verzlunarfélaginu Nathan & Olsen. Eg fylgdist vel með skipinu að jafnaði, því að eg hafði verið margar vertíðir háseti á því. En þessa vertíð réði eg mig ekki á skipið.

Nú hafði það ekki komið inn í tíu daga, og eg var farinn að vona fastlega eftir því. Þá var það morgun einn, að eg gekk niður Austurstræti og norður Pósthússtræti til hafnarinnar, að gæta eftir, hvort skipið muni nú ekki komið í höfn. En svo var ekki. Sneri eg þá sömu leið til baka, en þá vestur Austurstræti. Sé eg þá mann koma vestan götuna, og á undan honum hleypur gullur hundur. Þekki eg þá þegar, að þennan hund á Pétur skipstjóri af „Valtý“, enda skipti fáum togum, þar til er við mættumst. Eg ávarpa manninn, en hann heilsar aðeins með því að kinka kolla og gengur fram hjá. Hundurinn hafði hlaupið spölkorn á undan Pétri, en sneri nú aftur á móti honum og kom nú til mín, þar sem eg ætlaði á eftir Pétri og ná tali af honum. — Eg beygði mig niður að hundinum og ætlaði að klappa honum, en mér til stórkostlegrar undrunar verður ekkert fyrir höndum mínum og eg fell á

hrammana niður á götuna. Eg stend fljótlega upp aftur, og þá eru báðir horfnir, hundurinn og Pétur. Nú fór það í gegnum mig, að ekki væri allt með felldu. Eg gekk þá aftur til baka til hafnarinnar og leitaði vandlega eftir því, hvort „Valtýr“ væri nú ekki kominn, en það reyndist sem fyrr, að hann sást hvergi.

Þegar eg kom heim, sagði eg konu minni strax frá þessari sýn, og okkur kom saman um að hafa þetta ekki í hámmæli, því að vera kynni, að þetta yki á hræðslu fólksins um afdrif skipsins.

Það var sunnudag einn, veturinn eftir að kúttur „Valtýr“ fórst, að eg var heima hjá mér á Óðinsgötunni, var að ljúka við að borða miðdegismatinn og lagði mig á eftir í legubekkin. Féll eg þá í svefn svo þungan og einkennilegan, að kona mín hélt að eg væri jafnvel dáinn. Hún sagðist hafa komið með spegil að vitum mínum til að ganga úr skugga um það. En það, sem fyrir mig bar, var á þessa leið:

Mér finnst Pétur koma inn í stofuna og segja við mig: „Komdu með mér vestur eftir,“ þ. e. vestur í bæ. Eg fer fram úr legubekknunum og fram að dyrunum. Þá veiti eg því eftirtekt, að eg er tvöfaldur, þannig, að eg er við dyrnar og líka í legubekknunum. Eg segi við Pétur eitthvað á þessa leið og bendi á mig í legubekknunum: „Þarf eg ekki að hafa líkama minn með?“ Pétur segir: „Nei, þess þarft þú ekki.“ Eg segi þá við Pétur, að eg þurfi að hafa húfu, eg fari þó ekki berhöfðaður; því væri eg ekki vanur. En hann svarar mér, að þess þurfi

eg ekki heldur, því að það sjái okkur engir, í mesta lagi einstaka maður. Við göngum nú út, niður í bæinn og vestur Vesturgötu. Eitt af því, sem eg veitti eftirtekt á þessu ferðalagi, var, að Pétur vék ekki fyrir nokkrum manni, sem við mættum. Eg segi þá við Pétur: „Hvernig stendur á því, að þú víkur ekki fyrir fólkinu?“ Hann svarar: „Eg þarf þess ekki, og þetta er af vana fyrir þér.“ Eg segi, að þetta geti eg ekki. Hann svarar: „Þú skalt bara reyna það sjálfur, því að þú verður ekki var við, að nokkur mótstaða sé fyrir þér.“ Eg hugsa mér nú að reyna þetta, og næst þegar við mætum manni, áset eg mér að víkja ekki fyrir honum og sjá nú til, hvort Pétur hafi rétt fyrir sér. Nú mætum við manni; hann kemur beint á móti mér, og eg býst nú fastlega við, að nú munum við rekast hvor á annan; mér verður á að láta aftur augun rétt fyrir áreksturinn, en áður en eg er búinn að opna augun aftur, er eg kominn í gegnum manninn bókstaflega, og varð þess alls ekki var. Við héldum áfram vestur eftir. Pétur segir, að mæðgurnar séu niðri í kjallara að þvo þvott, en eg held því fram, að þær séu uppi. Við förum inn í eldhúsið, þaðan í stofurnar; þar er enginn. Þá förum við niður í kjallara. Pétur fer að tala við konurnar, en þær skipta því engu. Eftir nokkra stund snýr Pétur sér að mér og segir: „Þetta dugir nú ekki; þær hvorki sjá þig né heyra heldur.“ Svo að við förum til baka. Eg kveð Pétur við dyrnar. En eg fer inn og vakna rétt strax, þar sem eg lá í legubekknunum. Eg spyr, hvað eg

hafi verið lengi vestur í bæ, en konan mín og mágkona segja, að eg hafi ekkert farið, en legið þarna nú um stund, síðan eg borðaði miðdegisverðinn; þær hafi meira að segja haldið, að eg væri dauður, því að svo hafi eg verið fögur og tekinn. Það var ekki fyrr en árum seinna að eg trúði konu minni, að eg hefði ekkert farið; svo mikill veruleiki var þetta ferðalag mér.

A. B.

Reykjanesför

Eitt kvöld var það, að eg var háttaður og var við það að sofna. Þá segi eg allt í einu við konu mína: „Nú ætla eg að fara með Pétri.“ Það, sem segir í þessari sögu, er haft eftir konu minni, því að eg talaði allan tímann um það, sem eg sá og heyrði, meðan eg var á ferðalaginu. Eg smályftist úr rúminu upp undir loft, færist svo út úr þekjunni, og Pétur með mér. Við svífum hærra og hærra upp í loftið og sjáum nes og voga breiðast út eins og landabréf. Við sjáum Reykjavík. Hún minnkar og minnkar. Við fljúgum enn eða líðum í gegnum loftið nokkuð hart. Bráðlega vorum við komnir suður fyrir Reykjaneskagann. Okkur bar þar langt suður og austur yfir hafið. Þá segir Pétur við mig: „Nú skaltu líta niður og sjá þann gamla.“ (Það nafn hafði hann yfir þilskipið „Valtýr“). Eg leit niður úr mikilli hæð og sá hvar lá á hafsbotninum á hliðinni kutter „Valtýr“. Fullt var af þangi og þara utan á honum allt í kring, og tveir efstu plankarnir stjórnborðs

megin voru rifnir frá stefninu. Þá segir Pétur við mig:
„Ef Færeyingurinn hefði ekki tekið af mér kranbjálk-
ann, þá hefði eg þolað sjóinn.“

Svo flugum eða svifum við til baka aftur.

A. B.

VII.

Á TOLLSTÖÐINNI

Sunnudaginn 10. apríl kl. 8 síðdegis vorum við hr. Andrés Böðvarsson og undirritaður staddir á tollstöð Reykjavíkur. Var það ætlun mín, að ske kynni, að Andrés sæi svip eða eitthvað þvífíkt á tollstöðinni, þar sem þá fyrir skömmu (12 dögum) lézt einn starfsmaður mjög skyndilega, þeirra, er starfað höfðu lengi við tollstöðina. Nokkrum sinnum undanfarna daga sögðust ýmsir hafa séð svip þessa látna samverkamanns, og get eg ekki meira um það hér, þar sem eg hefi skrifað það upp í öðru sambandi annars staðar. Framan af níunda tímanum voru margir staddir á stöðinni, og féllu umræðurnar um ýmis dagsins málefni, þar til við ýttum undir Andrés að segja okkur eitthvað af sýnum sínum, sem eg vissi að hann kunni margt af að segja. Sagði hann okkur þá sögu af veru eða svip, sem mjög gerði vart við sig í skipi einu, er hann var fiskimaður á. Er þessi saga var úti, fóru allir burtu, að undanteknum mér undirrituðum, Andrési og Birni Friðrikssyni næturtollverði við höfnina.

Nú vil eg taka það fram áður en lengra er haldið, að allt það, er sagt verður frá hér á eftir, er skrifað eftir

minni, fært í letur tveim tímum seinna. Mun eg eftir öllum mætti skýra svo nákvæmt frá sem yfirleitt auðið er.

Eg hefi borið mig saman við Björn um þau atriði, er eg mundi ekki nægilega glögg. Var það tveim dögum síðar.

Þegar allir höfðu gengið út, spyr eg Andrés, hvort hann hafi ekki séð neitt hér inni. Kvað hann nei við og bætti því við, að hann héldi hér ekkert það á sveimi, sem hann gæti orðið var við. Spurði eg hann þá, hvort eg ætti ekki að slökkva í fremri stofunni, — en dyrnar standa æfinlega opnar yfir í innri stofuna. Neitaði hann því og sagðist myndi sjá, ef nokkuð væri að sjá, jafnt hvort ljós væri eða ekki. Björn sat uppi á skrifborðinu í innra herberginu, eg á stól við gluggann, en Andrés lá á höm í legubekknunum. Eg bað nú Björn að slökkva ljósið í fremri stofunni, en þá tókum við eftir, að Andrés hætti að svara upp á spurningar okkar. Hann drúpti höfði, hálfbeygðist saman, var rauður og þrúttinn í andliti og barði ákaft með hægra handleggnum. Eg spurði, hvort hann væri að komast undir áhrif, en hann svaraði því ekki. Spurði eg þá, hvort við ættum að hætta á þetta og hvort ekki væri rétt að fara, en hann svaraði því engu, en andlit hans þrútnaði meir, og hann barði ákafar með hægra handleggnum.

Rétt í þessu er komið að dyrunum, þær opnaðar með lykli, og inn koma tveir lögregluþjónar. Hrökk þá Andrés upp af þessu einkennilega ástandi og var

nokkuð utan við sig. Bað eg nú þessa tvo lögregluþjóna að gera svo vel og lofa okkur að vera í næði nokkra stund og eyða tímanum úti við, og gerðu þeir það óðara.

Spurði eg þá Andrés, hvers hann hefði orðið var og hvers konar ástand þetta hafi verið. Hann sagði, að skyndilega hefði hann séð svip samverkamanns okkar, hins látna, við vegginn gegnt sér; kveðst hann hafa hugsað, að svipurinn myndi skýrast betur. Verður hann þess skyndilega var, að lagzt er yfir herðar honum og höfuð og tekið um hægri arm hans. Jafnframt dregur mjög úr honum mátt, og hann kemst undir eins konar hálf-trance. Segist hann þá hafa reynt að verjast átökum þessum með því að hrista þau af sér með afli, og jafnframt hafi hann æpt sem hann kunni, er hann fann að þetta tók hann fastari tökum andlega og líkamlega.

Aftur á móti heyrðum við ekkert hljóð frá Andrési, en lítils háttar uml eða þvílíkt. Segir Andrés, að þetta hafi verið hinn framliðni maður, eða af hans völdum, því að hann hverfur frá veggnum, er þetta kemur yfir hann. Ástand þetta hafði staðið um átta mínútur, er hann raknaði við og lögregluþjónarnir komu inn. Segir Andrés, að svipurinn hafi litið út eins og lifandi maður væri, en nokkru óskýrari, og virtist honum hann líta ertnislega út.

Innti eg nú aftur eftir því að fara, — ekki vegna þess, að eg væri nokkuð smeykur fyrir okkar hönd, heldur vissi eg það, að þetta gat orðið mjög varhugavert

áframhald gagnvart Andrési. — Andrés svaraði því, að við skyldum vera enn litla stund, því að hann væri ekki alveg með sjálfum sér. Bað hann mig nú að slökkva ljósið í stofunni og draga upp gluggatjaldið til hálf. Var þó ekki dimmra inni en svo, að greina mátti glögglega, hvar Andrés lá í legubekknunum um tvær álnir frá okkur. Þá segir Andrés: „Nú koma þeir með hann; taktu við stafnum og haltu honum fast.“ (Þennan staf hafði Andrés, og hann lá á legubekknunum hjá honum). Eg gerði svo. Andrés segir: Hafið þið ekki stól handa honum N. N.? (Það er hinn framliðni maður), því að þeir eru með hann hérna.“ Eg kvað nei við, en sagði þó, að minn stóll væri til reiðu, og ýtti eg stólnum til hliðar, en settist á borðið hjá Birni. Eftir þetta var löng þögn, og Andrés féll í trance.

Nokkrar mínútur liðu. Heyrðist þá, að sá, er segist vera danskur læknir (einn af stjórnum miðilsins hinum megin), skipar fyrir, og heyrðum við glöggt að hann sagði: „Saa, saa, ikke nu; pas paa ham.“ Gekk nokkur tími í þetta, og sá eg ekki þörf á að skrifa það nákvæmlegar upp. Virtist okkur sem einhver sækti á að komast að, en var þess varnað af þessum danska lækni. Læt eg nú hvern hlutaðeiganda tala sjálfan, eftir því sem eg man best eftir og skrifaði upp:

(Eyjólfur): Komið þið sælir.

(Við): Komdu sæll.

(Eyjólfur): Þetta var ekki gott; honum líður illa.

(Eg): Það er hryggilegt.

(Garðar): Komið þið nú blessaðir og sælir.

„Komið sælir, það er Bjösssi.“

(Við): Komdu nú sæll.

Á milli þessara kveðja leið stutt stund. Nú talaði sá, er nefndi sig Bjösssa, langa stund, en vegna þess, hve allur framburður á orðum var barnalegur, get eg ekki fylgt nákvæmlega hans orðalagi, en það, sem mér þótti máli skipta, reyni eg að tilfæra rétt.

(Bjösssi): Hann er hérna núna, honum líður ekki eins illa og áður. Það kom með honum stúlka, ekki ung og ekki mikið gömul, og maður. Hann er hérna og er svo óhýr. Hann er svo mikið hér, (þ. e. á tollstöðinni sennilega), því að hann hefir hér svo margt að vera hjá.

(Eg): Líður honum illa, aumingjanum? Ekki mjög illa?

(Guðmundur): Þetta er Guðmundur Benediktsson; það er hálfskrítið; hann er áttavilltur. Svo er það með þetta drasl, sem hann getur ekki farið frá.

(Eg): Hvað er það?

(G.): Þetta drasl hérna, hann vill enn vera með það. Það er von; það er svo stutt síðan. Jæja, það held eg (ræskir sig harkalega). Eg fer þá; verið þið sælir.

(Bjösssi): Nú kem eg aftur. Nú ætla þeir að fara með hann upp í líkamann; hann á að sjá hann. Þeir eru að fara.

(Eg): Getur þú sagt okkur nokkuð af honum?

(Bjösssi): Svolítið, en eg má ekki segja mikið. Hann er svo utan við sig. Hann á hvergi heima; svo fer hann þangað sem hann átti heima.

(Eg): Þar sem hann þekkti sig?

(Bjössi): Já, einmitt það; þar sem hann var áður. Þeir ætla að slíta grá bönd, sem hanga við líkamann; þeir ætla að reyna að losa hann úr hólknunum (þ. e. sennilega líkaminn, sem Bjössi á við).

(Eg): Einmitt.

(Bjössi): Þeir ætla líka að slíta það, sem heldur honum hérna.

(Eg): Jæja, það er gott.

(Bjössi): En hann er ekki enn fullskapaður.

(Eg): Hvað áttu við?

(Bjössi): Hann er ekki búinn að skapa alveg nýja líkamann; það er svo vont, af því að þeir tóku úr hólkinum.

(Eg): Hvað áttu við? Viltu skýra þetta betur?

(Bjössi): Af því að það er svo vont að ná því saman. Þið eigið að taka það burtu, sem hann á hér, taka það saman og fara með það.

(Eg): Jæja, Bjössi minn, eg skal gera það. Getum við gert nokkuð meira fyrir hann?

(Bjössi): Það er talað svo mikið um þetta.

(Eg): Um hvað?

(Bjössi): Þetta allt; það gerir honum svo vont að rata.

(Eg): Heyrir hann þá, ef talað er um hann?

(Bjössi): Já, þegar hann er hjá, stundum.

(Eg): Þá er gott, að honum sé hjálpað.

(Bjössi): Þeir ætla að reyna að hjálpa, en honum líður svo illa, af því að hann lét ykkur ekki vita það.

(Eg): Hvernig líður honum illa? Af hverju?

(Bjössi): Af því að hann sagði ykkur það ekki; núna er hann að vita, að hann gat trúað ykkur.

(Eg): Einmitt það.

(Bjössi): Honum líður ekki illa á tilfinningunni, ne-ei, en það er af hinu, hann er svo einmana; honum finnst, að hann sé svo einn.

(Eg): Jæja, Bjössi minn, þú ert góður; hefir þú nokkuð meira að segja?

(Bjössi): Já-á, en ne-ei; nú eru þeir að koma með hann, og stúlkan leiðir hann; Bjössi fer að fara. Verið þið nú sælir.

(Við): Vertu nú sæll, Bjössi, og þakka þér fyrir.

(Garðar): Verið þið nú blessaðir og sælir.

(Við): Vertu sæll.

(Eyjólfur): Jæja, sælir verið þið þá; við vorum með hann. Drottinn hefir nóg ráð. Allt er frá Alföður og allt fer til hans. Þetta var ekki varlegt, en við vorum nálægir. Drottinn miskunni okkur. Dæmið ekki, svo að þið verðið ekki dæmdir. Fyrirgefið, svo að ykkur verði fyrirgefið. Drottinn blessi hina þjáðu og huggi þá. Í þessum anda flutti Eyjólfur langa bæn; var hún að okkar dómi framúrskarandi vel hugsuð og víða ágætlega orðuð. Skildist mér þetta vera fyrirbæn fyrir N. N. og hughreystingarorð um leið. Hann endaði bænina eitthvað á þessa leið: Drottinn blessi hann, svo að hann megi átta sig. Skeð er skeð. Það eru svo margir, sem hrasa, og margir villast, en Drottinn miskunni þeim. Hann var góður. Biðjið þið fyrir

honum, að hann megi rata heim. Það, sem sáð er af kærleika, er uppskorið í kærleika. Biðjið í kærleika. Við hætum nú. Drottinn blessi okkur og hjálpi honum. Það er búið núna, verið blessaðir og sælir.

(Við): Vertu blessaður og sæll, þakka þér fyrir. Heyrðum við nú, að danski læknirinn var að andmæla einhverjum og virtist mjög stífur. Segir þá einhver: „Syngja.“

(Sá danski): Det kan De godt.

Söng þá rödd þetta erindi, og við einnig: Son Guðs ertu með sannni. Eftir það kvaddi sá danski og við þökkuðum fyrir, og miðillinn fór að losa um svefninn. Frá því er hann féll í miðilsmók og til þess er hann vaknaði, leið um 50 mínútur. Andrés var nokkuð eftir sig eftir kvöldið.

Þess skal getið, að dót það, sem um getur í þessari frásögn, voru ýmsir hlutir og klæðnaður, sem N. N. átti. Allir þessir munir voru eftir þennan fund teknir og fluttir til heimilis hans, þar sem tekið var á móti þeim af fólki hans sjálfs.

12. apríl 1927.

Haraldur Norðdahl.

VIII.

GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON SANNAR SIG

Einn þeirra, sem um langt skeið kom í sambandið hjá Andrésí Böðvarssyni, var Guðmundur Benediktsson skipstjóri frá Ísafirði. Ingvar Guðjónsson útgerðarmaður, er lézt veturinn 1943, var nákunnugur Guðmundi. Ingvar hafði frétt um þetta og sótti það fast að fá fund Andrésar og fá sannanir um það, að Guðmundur væri þarna á ferð. Engin leið er að birta fundinn allan og gagnslaust án skýringa. Hann skilja ekki aðrir en þeir, sem eru nákunnugir þeim Ingvari og Guðmundi og öllum þeirra viðskiptum. Skal eg nú taka útdrátt úr henni orðréttan um þau atriði, sem eg hefi fengið skýring á. En það er harla eftirtakanlegt, hve þunga áherzlu þeir leggja á strax í byrjun fundarins, að varlega sé farið með miðilinn. Skal þetta tilfært hér orðrétt.

„Þegar um tilraunir er að ræða, er fyrst að gæta þess, að annar heimur er ekki til þess að leika sér að. Hann hefir sínar hugsanir, hvatir og sitt starfsvið eins og jarðneski heimurinn. Von um vaxandi árangur er nauðsyn, þótt trúin sé veik. Þið talið um götudrengi hjá ykkur, sem hafi ýmsa óknytti í frammi. Í okkar

heimi eru líka götudrengir. En eg get ekki um þá til þess að ásaka þá, heldur til þess að reynt verði að fyrirbyggja, að þeir komist að sambandinu. Þess vegna eiga tilraunirnar að byrja með bæn og góðum og guðræki- legum hugsunum. En það fást margir við tilraunir, sem lítið þekkja til þeirra mála og gæta þess ekki, að þetta er vandamál, sem ekki er allra meðfæri og getur haft óþægilgar afleiðingar, ef gálauslega er með farið.

Annað skilyrði er það, að bera hlýjan hug til miðilsins, sýna honum umburðarlyndi, vaka yfir heilsu hans og líðan og hvetja hann til reglusemi.“

Nú kemur sá fram, sem nefnist í sambandinu Guðmundur Benediktsson og talar til Ingvars. En af því að þessi fundur er ekki hraðritaður, virðist sums staðar vanta í, þótt hins vegar sé það merkilegt, hve ritari hefir náð miklu, og sums staðar svo réttu samhengi og orðalagi þess, sem talar, að þeir, sem setið hafa fundi hjá Andrési P. Böðvarssyni og heyrt hann, sem kallar sig Guðmund Benediktsson, þekkja greinilega orðalagið, þótt hér á þessum fundi tali hann sumt undir rós. Hann talar fyrst um konuna og getur þess, að þau hafi ekki verið gift og að hún hafi átt erfitt uppdráttar eftir andlát hans. Eftir því, sem bróðir Guðm. Benediktssonar segir mér, stendur það heima. Svo heldur Guðmundur Benediktsson áfram og segir:

„Manstu, þegar við spiluðum vestur í Bolungavík? Manstu, þegar N. N. tapaði 800.00 krónum? — Manstu, þegar eg var með Sjöfn? — Manstu, þegar við lentum í mestu rimmunni?“

Ingvar Guðjónsson spyr: „Manstu, að við vorum ósáttir?“

G. B.: „Það kemur ekki nærri mér nú.“ Nú fer Guðmundur að tala um, að ekkert hafi verið að því að drukkna. Ingvar Guðjónsson segir: „Eg hélt, að þið munduð hafa reynt að ná Kálfshamarsvík.“

Guðm. B.: Hefði mér dottið Kálfshamarsvík í hug, hefði eg ekki siglt inn í — annað líf.“

Þetta verður til þess, að Guðmundur segir frá för skipsins frá því er það fór og þar til er það fórst, eftir fundargerð að dæma, sem staðfest er af herra Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarmálaflutningsmanni.

Svo virðist þó sem Ingvar hafi ekki enn verið búinn að fá nægilegar sannanir. Bjössi er látinn koma með boð „frá Guðmundi til mannsins. (Ingvars)“ — „Hvort hann muni eftir Hudda? Hann hafi fengið hana eftir sig. Hann talar um skip. Hann talar um, að hann hafi ekki ætlað að sleppa henni við Dúason.“

Eg skal játa það, að fyrir mér var þessi síðasta grein alveg óskiljanleg. Þeir, sem hafa setið þennan fund og eg hefi náð til, virðast heldur ekki hafa skilið hana, né tekið neitt sérstakt mark á henni, nema Ingvar. Hann telur sig að lokum hafa fengið næga sönnun fyrir því, að þetta hafi verið G. B., eftir því sem hann lét um mælt eftir fund.

Eg hringdi til Franz Benediktssonar, bróður Guðmundar, og spurði hann, hvort hann skildi þetta og gæti gefið mér nokkra skýringu. Hann skildi þetta allt og vissi, hver þessi Huddi var og hver Dúason var.

Eg hélt að um tvo menn væri að ræða. En þetta var þá Þórarinn Dúason frá Akureyri, — kallaður Huddi Dúa.

Eftir sögn Franz Benediktssonar, bróður Guðmundar, tók Ingvar Guðjónsson mótorskipið „Sjöfn“ á leigu af Edinborgarfélaginu á Ísafirði. Þegar báturinn var leigður, var Guðmundur skipstjóri bátsins. En einhverra hluta vegna, var Guðmundur ekki með „Sjöfn“ eftir að Ingvar tók hana á leigu. Við henni mun hafa tekið Þórarinn Dúason.

Guðmundur talar um, að hann hafi ekki ætlað að sleppa henni við Dúason. Með þessum orðum virðist hann gefa í skyn, að hann hafi ekki viljað fara af skipinu. Enda mun hann aldrei í lifanda lífi hafa vitað, hvaða orsakir lágu til þess, að hann varð að fara af „Sjöfn“.

Um spilamennskuna er þess að geta, að eg hefi átt tal við manninn, sem nefndur er fullu nafni í fundargerðinni. Viðurkennir hann, að þetta sé rétt. Segir N. N., að þeir hafi oft spilað saman, þessir þrír, og hann hafi tapað þessari upphæð, ef ekki meira, en segist ekki muna, hvort það hafi verið hér í Reykjavík eða vestur í Bolungavík, sem hann tapaði peningunum í fjárhættuspili.

Enginn veit með vissu, hvar „Rask“, skipið, sem Guðmundur var á, fórst. Verður engum getum að því leitt, hvort það er rétt, að þeir hefðu getað náð Kálfshamarsvík. Mér er sagt, að þeir hafi verið að fiska á Húnaflóa, jafnvel einhvers staðar nálægt Vatnsnesinu. Eg hefi haft landabréfið fyrir framan mig og athugað.

Eftir þá athugun virðist mér ekki ósennilegt, að þetta gæti verið rétt. En vitanlega fer það eftir vindstöðu þennan dag og því, hve langt þeir hafa verið úti í flóanum.

Nú vil eg aðeins tilfæra síðustu orð Eyjólfis á þessum umrædda fundi. En Eyjólfur var sá, sem oftast talaði í gegnum miðilinn, enda var hann stjórnandi sambandsins áður en Jensen tók við því. Hann segir svo:

„Það er erfitt að vekja endurminningar með heila annars manns. Þegar Guðmundur heyrði, að maðurinn vildi fá sannanir, urðum við hálfsmeykir. Annaðhvort var þá að fullnægja þeim á venjulegan hátt með myndum og flutningi Bjössa litla, eða sleppa honum hina leiðina gegnum sjálfan miðilinn og loka öllu öðru. Það gerðum við, af því að Guðmundur er okkur svo gagnlegur. Slíkt munum við ekki gera aftur. Bandið milli hans og þess, sem við köllum eg, hékk á bláþræði. Við munum ekki taka til greina kröfur, sem ekki koma af sanngirni, nærgætni, miskunnsemi og kærleika.

Það, sem haft er eftir mér, er rétt tilfært og rétt eftir því, sem eg get bezt munað.

Reykjavík, 11. júní 1944.

Franz Benediktsson.

Frú Elínborg Lárusdóttir!

Þér hafið, kæra frú, sýnt mér fundargerð af miðilsfundi á heimili Einars H. Kvarans rithöfundu, 9. desember 1927, þar sem Andrés sálugi Böðvarsson var miðill. Björn Guðmundsson kaupmaður hefir ritað fundargerðina.

Af þeim, sem viðstaddir voru, man eg sérstaklega eftir Ingvari sáluga Guðjónssyni útgerðarmanni, sökum þess að hann hafði sig mikið í frammi og sýndi efa og ónærgætni, sem mér virtist ganga fulllangt. Eg man auðvitað ekki eftir svona langan tíma, hvað gerðist, og get þess vegna ekki staðfest fundargerðina orði til orðs.

En það, sem hafði sérstök áhrif á mig, var, að „framliðnum manni“ var eftir beiðni, sem undantekningu, leyft að koma sjálfstætt fram gegnum miðilinn, og nefndi hann sig Guðmund Benediktsson. Átti hann beint tal við Ingvar sál. Guðjónsson, og virtust þeir ósammála um, hvar bátur sá, er Guðmundur hefði drukknað af, hefði farizt.

Varð þetta til þess, að Guðmundur skýrði frá för bátsins frá því er hann fór af stað og þar til er hann fórst.

Þegar þar að kom, fékk þetta svo mikið á miðilinn, að hann fékk krampa, og mun það hafa tekið allt að þrem stundarfjórðungum að koma honum til meðvitundar. Á meðan á því stóð, heyrði eg að þrjár raddir töluðu inni í munni miðilsins samtímis, og talaði ein röddin greinilega dönsku.

Fékk þetta atvik eðlilega mikið á fundarmenn, og er mér þetta því í fersku minni, þrátt fyrir tímalengdina.

Reykjavík, 29. maí 1944.

Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálaflutningsmaður.

Þegar Ingvar Guðjónsson fór af fundi þetta kvöld, sem mér verður ætíð mjög eftirminnilegt, taldi hann sig hafa fengið sönnun fyrir því, að þetta hefði verið Guðmundur sjálfur, sem talaði gegnum miðilinn. Bað hann um annan fund. En sagði um leið, að það yrði að vera einkafundur.

Maðurinn minn var mjög þjakaður eftir þennan fund, og var engu lofað og ekki hægt að ákveða tíma. Andrés lagðist líka eftir fundinn og lá rúmfastur viku-tíma. Sýnir það bezt, hve þetta gekk nærri honum, því að allajafna var hann hress og frískur eftir fundina.

Reykjavík, 19. júní 1944.

Salvör Ingimundardóttir.

IX.

FRÚ GÍSLÍNA KVARAN SEGIR FRÁ

Seinnipartinn á því tímabili, sem Andrés P. Böðvarsson var miðill hjá mannum mínum, Einari H. Kvaran rithöfund, kom kona til mannsins míns, sem var í miklum vanda stödd. Þannig stóð á, að drengurinn hennar var orðinn mjög undarlegur. Var það henni mikið áhyggjuefni, einkum vegna þess að þetta ágerðist stöðugt. Hún hafði þó farið með hann til læknis. Það bar engan árangur. Hann fékk enga bót meina sinna, þrátt fyrir meðul og ráðleggingar. Drengurinn var á fermingaraldri og var sendill í búð hér í bænum. Meðan hann var frískur, stundaði hann sína atvinnu samvirkusamlega og líkaði vel við hann. En svo kom breytingin mjög snögglega. Hann varð órólegur og vanstilltur heima fyrir og einhvern veginn allt öðruvísi en áður. Það lýsti sér með ýmsum hætti, svo sem því, að stundum færði hann alla húsmuni úr stað og staflaði hverju ofan á annað. Stundum sat hann um að bera þá í burtu, sem hann réði við og voru meðfærilegir. Þetta var sýnileg vitsmunatruflun og það áberandi, að ekki varð tjónkað við hann til vinnu. Áður hafði hann verið hlýðinn og þjáll og líkt og börn

gerast. En nú brá svo við, að enginn réði við hann, hvorki móðirin sjálf né aðrir, sem til þess reyndu. Þegar hún var að banna honum, lét hann sem hann heyrði það ekki og fór sínu fram.

Síðasta úrræði konunnar var að leita til mannsins míns. Hún hefir sennilega heyrt þess einhvers staðar getið, að andlegar lækningar ættu sér stundum stað hjá miðlum ytra.

Maðurinn minn lofaði að spyrjast fyrir hjá „stjórnandanum“ á fundi með Andrésí, um það, hvort nokkuð væri hægt að gera. Hann gaf henni samt enga von um árangur. Litlu síðar var fundur haldinn. Kom konan og drengurinn á fundinn með henni. Eg skal geta þess, að þessi fundur var haldinn einungis fyrir konuna og drenginn, til þess að vita, hvort þeir „fyrir handan“ yrðu nokkurs varir eða gætu hjálpað á einhvern hátt.

Miðillinn settist í sinn stól. Fundurinn hófst með venjulegum hætti, bæn og góðum hugsunum. Andrés — miðillinn — féll í trance. Við bjuggumst við að „þeir“ færu að tala í gegnum hann þarna, þar sem hann sat eins og venjulega var. En í stað þess — og í hið eina sinn, sem eg man eftir, að Andrés stæði upp úr sæti sínu í þessu ástandi, — það var í þetta sinn. Hann hentist upp úr sætinu, fleygði af sér jakkanum og gekk beina leið til drengsins, beygði sig ofan að honum og fór höndum um hann.

Svo var eins og hann talaði til einhverra eða einhvers og sagði í höstum rómi:

„Þú átt ekki að vera hérna, — þú átt ekki að eyðileggja þessa saklausu barnssál.“

Hann talaði á dönsku. Svo kallaði hann upp tvö eða þrjú nöfn og sagði í skipandi röddu: „Takið hann. Flytjið hann þangað, sem honum hæfir staður. Hann á ekki að vera með þessu barni.“ Svo hélt hann dálitla ræðu um það, hvað það gæti verið hættulegt, ef þær verur, sem enn væru á landamærum — og enn væru jarðbundnar, — næðu tökum á krafti hinna lifanda. Það gæti, eins og til dæmis hér, leitt til alvarlegrar truflunar. Hann sagði, að það þyrfti ekki að vera um vondar verur að ræða.

„Þessi vera, sem er með drengnum og truflar hann, er ekki vond. En hún er villt og veit ekki, hvað hún er að gera,“ sagði hann.

Svo gaf hann drengnum nokkur heilræði og áminnti hann um að biðja guð að vernda sig frá öllu illu.

„Þeir“ álitu, að vissara væri að halda annan fund, og það var gert. En eftir þennan fyrri fund sagði drengurinn, að sér væri miklu léttara. Við höfðum svo samband við konuna. Sagði hún, að líðan drengsins væri öll önnur. Öll þessi læti væru horfin, og hann mikið breyttur. En „þeir“ handan yfir gáfu okkur þau ráð, að vissara væri að fara heim til móður drengsins og athuga, hvort nokkuð væri fleira, sem valdið hefði þessum truflunum. Gerðum við það, og var miðillinn í för með okkur. En „þeir“ handan yfir fundu ekkert athugavert. Eftir þetta brá við. Drengurinn

náði sér alveg. Hann fór aftur að vinna og bar aldrei á neinum truflunum eftir þetta.

Slysið á Jóni forseta

Það bar svo margt dularfullt við á fundum hjá okkur með Andrési. En af því að svona langt er um liðið, man eg ekki svo glöggð að segja frá því, sízt orði til orðs. En um þessi atriði vildi eg sízt af öllu orði halla. Eitt af því kynlega var, er „þeir“ sögðu okkur um slysið á Jóni forseta. Við vissum það ekki fyrr en á eftir, að slysið var að gerast meðan á fundinum stóð. „Þeir“ fyrir handan sögðu líka, að það hefði verið hrein tilviljun, að þeir urðu þessa varir. „Þeir“ sögðust þarna fyrir handan oft kallast á með skeytasendingum. Nú hefði viljað svo til, að við það hefðu þeir rekizt á aðra, sem einnig voru að kallast á og senda frá sér skeyti. En þeir voru á þessari stundu að kalla saman hjálparsveit, til þess að hjálpa þeim, sem þeir sögðu, að nú væru að farast. „Þeir“ lýstu svo nákvæmlega slysinu og hvar og hvernig það gerðist. Sögðu þeir, að mennirnir ættu mjög bággt meðan á þessu stæði. Það væri átakanlegt að sjá þá.

Eg man, að við, sem fund sátum, urðum mjög undrandi. Þetta þykir ef til vill ótrúlegt. En það er þó satt. Morguninn eftir fréttum við af Jóni forseta. Stóð þá allt heima, er þeir höfðu sagt okkur kvöldið áður.

Mér er gleði að segja það, að eftir okkar kynningu var Andrés mjög sannorður og trúverðugur í þessu málefni. Hann hafði mikla miðilshæfileika, einkum var hann mikill sannanamiðill. En heilsa hans var veil. Það er engum getum hægt að leiða að því, hver árangurinn hefði getað orðið, ef honum hefði orðið lengra lífs auðið.

Reykjavík, 20. júní 1944.

Gíslína Kvaran.

X.

JÓN FRÁ MÖRK SEGIR FRÁ

Fundur, sem haldinn var í Túngötu 5, hjá Einari
H. Kvaran rithöfundi, árið 1926.

Eg hitti Einar H. Kvaran, — eg man nú ekki glögg, hvenær á árinu 1926, og bað um að mega sitja fund með miðlinum Andrés P. Böðvarssyni. Einar spurði, hvers vegna eg færi þess á leit, hvort eg hefði áhuga fyrir þeim málum.

Eg neitaði því og sagði eins og var, að mér gengi aðallega forvitni til.

Einar lét þó tilliðast. Eg kom á fundinn á tiltekn-um tíma. Eg var óvanur fundahöldum og get ekki sagt, að eg kynni beinlínis vel við mig, enda gerðist lítið fyrst í stað. Á þessum fundi var eg gagnrýnandi og tók vel eftir öllu, sem fram fór. Eftir litla stund fann eg til einkennilegra áhrifa, sem lýstu sér með miklu magnleysi. Skal eg geta þess því til sönnunar, að eg ætlaði að taka vasaklút úr innra brjóstvasanum vinstra megin. En þá var hægri hönd mín svo máttlaus, að eg gat með engu móti lyft henni það hátt, að eg næði til klútsins. Eg reyni þá með þeirri vinstri, en finn um leið, að hún er líka hálfmáttlaus, og tekst mér ekki að ná klútnum. Bið eg konu mína að hjálpa mér. Sat hún næst mér á aðra hönd. Einkennilegt þótti mér, að

vatn rann úr augum mér og nefi. Átti eg því ekki að venjast. Eg var oft á fundum eftir þetta, en varð aldrei var við sams konar áhrif.

Allur fundurinn snerist svo um mig, þótt lítið verði sagt af því hér, af því að eg man það ógerla eftir svo langan tíma. Í gegnum miðilinn kemur piltur, sem kveðst heita Viggó og vera, að mig minnir, af Dýrafirði. Hann segist þó ekkert erindi eiga við mig, en biður mig að bera Ingimar bróður mínum kveðju og segja, að hann sé lifandi..

„Þeir“ lýstu svo ýmsu, er snerti bræður mína og föður. Faðir minn var mikill kvæðamaður. Var kveðin þarna ein vísa. Eg kannaðist við hljóminn og kvæðalagið. En þrátt fyrir það var eg ekki sannfærður um, að faðir minn væri þarna á bak við — eða þá bræður mínir. Stóð þó margt eftirtakanlega heima, er „þeir“ sögðu þeim viðkomandi. Sennilega hefði eg talið þennan fund lítils virði og hafa lítið sannanagildi, ef ekki hefði fylgt annað á eftir. Mér þótti heldur ekki ómaksins vert að gera mér ferð með skilaboðin til bróður míns. Liðu nærri þrjár vikur, þar til er eg hitti Ingimar. Þá skila eg kveðju frá Viggó. Mér er minnisstætt svar hans. Hann horfði hissa á mig og sagði:

„Ertu vitlaus maður! Drengurinn er dauður.“ Svo bætir hann við: „En það var einkennilegt, hvernig dauða hans bar að höndum.“ Frásögn hans fer hér á eftir. Skal eg geta þess, að eg hafði aldrei heyrt hann

geta um þennan atburð. Nafn drengsins kannaðist eg ekki við, fyrri en það barst af vörum miðilsins.

Mér þótti þetta harla einkennilegt, að eg skyldi vera valinn til þess að bera þessa kveðju. Eg, sem var svo vantrúaður og efagjarn, að eg hugði kveðju þessa helzt rugl og bjóst alveg eins við að Ingimar kannaðist ekki við nafnið fremur en eg. Þetta varð til þess, að eg fór að gefa mig að þessum málum. Síðan hefi eg fengið margt markvert á fundum hjá Andrési, margt, sem að mínum dómi nálgast sannanir. Að mínu áliti var Andrés merkilegur sannanamiðill. Reyndi eg hann aldrei að öðru en heiðarleik og trúmennsku.

20. maí 1944.

Jón frá Mörk.

Dauði Viggós.

Eg undirritaður var á kúttur Agli árið 1915 — eða 1916. Var hann staddur á Hornvík, og var eg sendur á land til að ná í snjó og hafði farið eina ferð. Var brim við fjöruna. Gátum við ekki haldið bátnum í skefjum. Fengum við hjálp frá skipinu. Skipstjóri kvaðst engan hafa nema dreng, Viggó Jensson að nafni. Hann hafði sofnað og sagði við mig um leið og hann kom út í bátinn, að hann hefði dreymt mig og í svefninum engan frið haft fyrir mér í sínum draumum.

Fórum við nú að sækja snjóinn. Sagði eg Viggó að koma með okkur í land. Hann sagðist heldur vilja vera aftur í bátnum og leika sér að því að „rikka“. Líkaði mér það illa, en lét þó svo vera. Meðan við vor-

um að taka snjó inni í daldragi, sáum við ekki til bátsins. Mér varð litið upp og sá þá hrafna vera að krunka yfir á þeim stöðvum, sem báturinn lá. Einhvern veginn sló þetta mig afar ónotalega. Sagði eg við piltinn, sem með mér var, að bezt væri að við færum nú að vitja um Viggó.

Hljóp eg svo af stað. Báturinn var spölkorn frá landi, en drengurinn hvergi sjáanlegur. Sá eg mér ekki fært að ná til hans, af því að eg var ekki syndur. Eg sé þá tvo menn í bát alllangt burtu. Hleyp eg þá allt hvað af tekur og kalla til þeirra. Til allrar ólukku festi eg mig í sandbleytu, og tók það tíma að hafa sig upp úr henni. Sennilega hefir liðið nærri klukkustund frá því er slysið varð og þar til er við komum á staðinn. Var hann sokkinn til botns, en vasaklúturinn hans var alllangt frá í sjóskorpunni.

Fórum við með drenginn út í skipið. Voru gerðar lífgunartilraunir, en þær voru árangurslausar.

Baugsvog 5, Reykjavík, 9. júní 1944.

Ingimar Kr. Jónsson.

XI.

FUNDUR HALDINN HJÁ JAKOBI JÓHANNI SMÁRA, GARÐASTRÆTI 13

Miðillinn, Andrés P. Böðvarsson, fellur í trance og kemur þá Bjössi litli — drengur, sem oft talaði í gegnum Andrés. Bjössi fer strax að tala um, að það sé svo mikill reykur í stofunni, að hann geti varla náð andanum, og að það sé líka eldur í þilinu, og bendir þá miðillinn í áttina að annarri stofu, sem var við hliðina á þessari, er við sátum í. Segist Bjössi ekki geta verið hérna fyrir reyk. Við spyrjum þá, hvort að hann haldi, að einhvern tíma muni kvikna í hérna. Hann segist ekki vita það og svo fer hann skyndilega.

Rétt eftir að Bjössi er farinn, kemur Eyjólfur, stjórnandi miðilsins, sem þá var; ekki minnst hann neitt á reykinn eða eldinn, sem Bjössi litli talaði um. En eftir að Eyjólfur hefir heilsað, fer hann umsvifalaust að tala um, að það séu ekki góð skilyrði hérna til fundarhalda.

Við spyrjum, hvað honum þyki helzt vera hér að. Hann svarar:

„Það er þetta þarna uppi á loftinu.“

„Og hvað er nú það?“ spyrjum við.

„Það er þetta, sem útlendingurinn skildi eftir.“

„En það ætti ekki að saka neitt, fyrst það er í öðru herbergi og það á annarri hæð í húsinu,“ segjum við.

„Það eru engin loft og engir veggir til fyrir okkur, og hann þessi truflar okkur; við verðum að slíta fundi.“ Kveður Eyjólfur svo, og miðillinn vaknar.

Daginn eftir sögðum við húseigandanum, Sigurði Þorkelssyni, frá þessu með reykin og eldinn í þilinu og bætum við um leið, að það eigi líklega eftir að kvikna í hérna í stofunni hjá okkur. Sigurður segir þá:

„Eg man ekki upp á víst, hvenær það var, en það eru þó nokkur ár síðan að það kviknaði í þilinu þarna á milli stofanna. Það var ofn þarna við vegginn, og lá rör frá honum inn í hina stofuna, og rörið brenndi frá sér. Síðan var ofninn fluttur þangað, sem hann er nú, og rörið tekið burtu. Svo að það kann vel að vera, að Bjóssi hafi orðið var við brunann, sem átti sér stað nokkrum árum áður.“

Við vissum ekkert um þessa íkviknun; höfðum aldrei heyrt minnzt á það fyrr en Sigurður sagði okkur það. Engir hinna fundarmanna vissu heldur um það, og Sigurður var ekki á þessum fundi. En um þetta, sem Eyjólfur talaði um, að útlendingurinn hefði skilið eftir, vissum við aftur á móti, að eitthvað var í því herbergi, sem truflaði trancefundu, sem haldnir voru þar þrem árum áður. Miðillinn þá var hjúkrunarkona að norðan, sem var einn vetur hér í Reykjavík. Við höfðum nokkra fundi með henni í þessu herbergi á loftinu. Hún sagði, að í hvert sinn, er hún kæmi inn í herbergið, kæmi einhver flygsa á móti sér hvæsandi og

blásandi. Enga lögun sá hún á þessu, aðeins glóandi augu. Þetta hrökklaðist þó alltaf undan henni inn í hornið á herberginu. Hún sagði, að erlendur sjómaður hefði skilið þetta eftir þarna. Við höfðum ekki haft orð á þessu við neinn; okkur fannst það ekki í frásögur færandi eða neitt merkilegt við það, fyrr en það kom aftur í gegnum Andrés. En ekki gátum við komizt að því, hvort nokkur útlendur sjómaður hefði búið þarna.

Helga og Jakob Smári.

XII.

UMSAGNIR ÝMISSA MERKRA MANNA UM ANDRÉS P. BÖÐVARSSON

Okkur undirrituðum, sem sátum um langt skeið á sambandsfundum, þar sem Andrés heitinn Böðvarsson var miðillinn, er ljúft og skylt að votta það, að við reyndum hann að strangasta grandvarleik í hvívetna, og er það föst sannfæring okkar, að hann hafi verið sannur og heiðarlegur miðill.

Reykjavík, 1. maí 1944.

Helga og Jakob Jóh. Smári.

Eg, sem eitt sinn sat fund hjá Andrésí Böðvarssyni miðli, er einnig ljúft að geta sagt það sama, sem hr. og frú Smári í því ofanskráða.

Einar Jónsson, myndhöggvari.

Eg var á nokkrum miðilsfundum hjá Andrésí Böðvarssyni síðustu árin, sem hann hafði slíka fundi.

Mér eru þessir fundir minnisstæðir vegna þess, að

eg tel sumt af því, sem þar kom fram (og beint var sérstaklega til mín), með því allra athyglisverðasta, er eg hefi borið úr bítum á slíkum fundum.

Jóhann Árm. Jónasson, úrsmiður.

Samkvæmt reynslu minni af þeim eina fundi, er eg var á hjá Andrési Böðvarssyni miðli, og eftir beiðni, er mér ánægja að láta í ljós þá skoðun mína, að hann hafi haft ótvíræða og merkilega hæfileika, sem sannanamiðill.

Reykjavík, 8. júní 1944.

Ólafía Hansen.

Reykjavík, 29. júní 1944.

Kæra frú Elínborg.

Mér er það bæði ljúft og skylt, að verða við tilmælum yðar um að láta yður í té umsögn mína um miðilinn Andrés Böðvarsson. Eg hefi átt kost á því að kynnst til verulegrar hlítar nokkrum góðum miðlum. Sú reynsla hefir orðið mér harla dýrmæt. Hún hefir aukið mér þrek og lífsbirtu og hjálpað mér til þess að leggja hóflegt mat á eftirsóknarefni þessa lífs. Þrír miðlar hafa í þessu efni veitt mér mikilsverðasta hjálp. Danski miðillinn Ejner Nielsen, frú Guðrún Guðmundsdóttir frá Berjanesi og Andrés Böðvarsson. Stórkostlegasta um ytri tákni, tel eg að vísu reynslu mína af flutninga- og líkamningafyrirbærum hjá Nielsen miðli. Þó hefir kynning mín af hinum tveimur miðli-

unum, sem eg nefndi, orðið mér enn drýgri um háleita nautn og fært mér enn fyllri sannfæringu um það, að þegar ákveðin skilyrði eru fyrir hendi, getum við svo að segja komið inn í anddyri tilkomanda lífs.

Við hjónin áttum þess kost, að sækja mjög marga fundi hjá Andrési Böðvarssyni veturinn 1928—29. Því miður er eg ekki sá reglumaður né sá eljumaður um þessa hluti, að eg hafi ritað niður minningar, svo að nokkru nemi. Flest af því, sem gerðist á þessum fundum, er mér því úr minni liðið eða vakir mér svo í óljósu minni, að eg vil ekki freista þess að greina nema fátt eitt. Heildaráhrifin, sem eftir vaka í minningunni, eru samt sem áður bæði sterk og varanleg. Og á engum fundum miðla hefir mér virzt eg komast í opnara samband og óþvingaðra við áframhaldstilveru mannanna. Tvennt virtist mér auðkenna Andrés Böðvarsson sem miðil. Í fyrsta lagi það, að er dánir menn gerðu vart við sig með beinu sambandi gegnum miðilinn, kynntu þeir sig ávallt með sterkum einkennum þeirra sjúkdóma eða þjáninga, er þeir höfðu orðið að líða síðustu stundirnar. Þessi fyrirbæri komu þó venjulega fram aðeins við fyrstu kynni, en hurfu, er sambandið var endurtekið. Í öðru lagi virtust endurminningasannanirnar vera sterkasta hlið á miðilsgáfum Andrésar, þar sem skaphafnar- og staðhátalýsingar virðast aftur á móti vera sterkasta hlið Guðrúnar frá Berjanesi. Andrés Böðvarsson eða þeir, sem fyrir munn hans töluðu, lýstu oftlega löngu liðnum atburðum með mikilli nákvæmni. Oft var það, að viðstadda

fundarmenn rak minni til þessara atburða, er þeir voru rifjaðir upp. Hitt bar og við, að enginn viðstaddra kannaðist við atburðina, en sannanir fyrir réttfermi fengust síðar við athugun og eftirgrennslan.

Þótt einstakir atburðir og sannanir, sem fram komu á þessum fundum, sé mjög úr minni liðið, munu mér aldrei gleymast persónukynni þau, er eg þar öðlaðist. Nokkrir hinna framliðnu manna, sem voru að staðaldri við miðilssambandið og virtust starfa þar til aðstoðar, urðu ekki einungis góðkunningjar, heldur vinir fundargestanna, og skildu eftir í vitund minni sterkari kynningaráhrif en flestir þeir óviðkomandi menn, sem eg hefi átt kost á að kynnast til verulegrar hlítar á lífsleiðinni. Sérstaklega eru mér minnisstæðir Bjössi litli, talsmaður sambandsins, Eyjólfur gamli, hinn glaðværi og nokkuð hrjúfi sjómaður, Garðar, bróðir miðilsins, sem flutti okkur óviðjafnanlegar lýsingar handan frá, og stjórnandinn, danski læknirinn Jensen.

Mér mun aldrei líða það úr minni, hversu Bjössi litli, með sínu blíða barnahjali og, að því er virtist, takmarkaða orðaforða, gat þó með orðaleik, líkingasamböndum og ýmsum furðulegum ráðum gefið til kynna það, sem hann vildi segja. Eyjólfur gamli virtist hafa miklu hlutverki að gegna og var, að því er virtist, ósérhlífinn um að taka til láns orku hjá fundarmönnum, en stóð þó ávallt á henni góð skil, eins og vel hæfði sæmdarmanni slíkum, sem hann var. Það kom nokkrum sinnum fyrir, að Eyjólfur var snögglega kippt

úr sambandinu, er hann virtist gerast um of galsafenginn og ógætinn um orðbragð. Kom hann þá ávallt aftur auðmjúkur, kvaðst hafa fengið áminningu og bað fundarmenn fyrirgefningar á ógætni sinni. Lýsingar Garðars hinum megin frá voru, að því er mér virtist, næsta furðulegar. Eg læt innihald lýsinganna liggja milli hluta. Hitt var fullkomið undrunarefni, hversu orðaval hans féll fjarri því, sem við eigum að venjast í daglegu tali og jafnvel í viðhafnarmiklu mál-skrúði lærðustu manna, og hversu honum tókst að móta ný og óþekkt hugtök í lýsingum sínum. Danskir læknirinn, sem stjórnaði sambandinu, er mér og minnisstæður. Hin fagaða Kaupmannahafnar-danska, sem hann talaði, var út af fyrir sig mikilvert sönnunargildi í þessu miðilssambandi. Enginn Íslendingur, nema sá, er dvelur langdvölum meðal Kaupmannahafnarbúa, nær slíku tungutaki, og er þó máské vafasamt, að það náist að fullu. Sjálfur mun miðillinn aldrei hafa komið til Kaupmannahafnar, og kunnátta hans í danskri tungu mun ekki hafa verið mikil.

Eg læt þetta nægja, því að um þessa hluti þykir mér betur vansagt en ofsagt. Eg er þakklátur fyrir að hafa fengið þetta tækifæri til þess að bera vitni, eftir því sem eg tel sannast og réttast, málefni því, sem Einar H. Kvaran réttilega kallaði mikilvægasta málið í heimi.

Jónas Þorbergsson útvarpsstjóri.

Það mun hafa verið árið 1926, er við Andrés P. Böðvarsson miðill kynntumst verulega. Hin gáfaða og áhugasama kona, Sigríður Markúsdóttir frá Patreksfirði, var þá farin að sitja fundi hjá honum og taldi, að um mjög merkilega hæfileika væri þar að ræða og sér fyndist hann vera ágætt efni í trancemiðil. Bar þó ekki á mörgum verum í fyrstu, en stöðugt komu fleiri til sögunnar. — Af langri kynningu og nokkrum áhuga á þessu máli fór eg að vera á fundum hjá Andrési, og var það meira og minna um fimm ára skeið, eða þar til er hann varð veikur og lézt, árið 1931. Endurminningar frá fundum þessum eru margs konar, og um þær mætti rita langt mál, en ekki er það tilætluin að þessu sinni. En sumir þessara funda voru mjög merki- legir og ótrúlega nákvæmir og sannfærandi um miðils- hæfileika Andrésar, þrungnir ýtarlegum sönnunum á ýmsum smáatvikum, fræðslu um háttu og líf þeirra, sem þarna sögðust vera á ferðinni, og um líf og sam- band í tilverunni í heild. Eg tel víst, að ýmislegt af þessu verði lesandanum ljóst við lestur þessarar bókar, þar sem hinn glöggi höfundur gerir efninu góð og greini- leg skil. — Eg vil því aðeins með nokkrum orðum geta fátta atriða í sambandi við miðilsfundina og persónu- leg kynni mín af manninum Andrési P. Böðvarssyni.

Fundir hófust oftast með því, að nokkur aðdragandi var, þar til er miðillinn féll í þann trance, sem nauð- synlegur virtist vera til þess að framandi raddir gætu látið til sín heyra í gegnum miðilinn. Hann gat verið nokkra stund í hálftrance, Þótt við hann væri talað,

svaraði hann ekki, en talaði með sinni eigin rödd við ósýnilegar verur. — Eftir að hann eða um leið og hann féll í fullkominn dásvefn, fór titringur um hann allan og kippir, jafnframt því sem heyranlega var gerð tilraun til að liðka talfæri hans og háls. Eg hafði mikinn vilja og góð tækifæri til að athuga þetta ástand miðilsins gaumgæfilega. Og sú athugun leiddi til þess, að eg áleit að hans eigin persónuleiki væri horfinn og vítt fjarri. Andardráttur var ekki heyranlegur, augun lokuð, stjórn talfæranna ólík því, sem hann beitti þeim sjálfur, og sérstakar raddir, gerólíkar rödd Andrésar, hófu tal í gegnum hann. Raddir þessar voru mjög ólíkar innbyrðis og virtust túlka sjálfstæða persónuleika. Mér eru sérstaklega minnisstæðar nokkrar þessara radda. — Einn aðalstjórnandi, — hinum megin frá, — var danskur læknir, Jensen að nafni; hann talaði hratt og hafði harða, skýra bassarödd, — ósvikinn, danskan framburð, — eins og þegar menntaður Hafnarbúi talar. Jensen var mjög stjórnsamur, ákveðinn og alvarlegur í allri framkomu. Greip hann stundum fram í fyrir mönnum allharkalega, ef honum fannst þeir vera masgefni eða lítt varfærni í orðum. Lítil drengur, er nefndi sig Bjössa litla, var stöðugt til staðar. Flutti hann orð á millum okkar og þeirra, er ekki máttu eða gátu komið sjálfir og talað. Bjössi litli var oft bráðskemmtilegur og orðheppinn og kunningi allra, er honum kynntust. Svo var að skilja, að hann hafi dáíð ungur, við það að hlerahurð á baðstofulofti hafi slegizt í höfuð honum. Bjössi flutti þessi ár ara-

grúa sannana og lagði mikið á sig, því að oft varð að fara ótrúlegar krókaleiðir til þess að mönnum líkaði það, sem hann sagði. Reyndi hann mjög að sanna okkur dugnað sinn og þótti vænt um, er honum var hælt.

Eyjólfur Bjarnason nefndist einn þessara kunningja okkar; hann var sjómaður og mikill gruflari; fræddi hann okkur mikið um „annan heim“ og lagðist oft djúpt við erfið viðfangsefni; notaði hann þá mikið líkingar og dæmi máli sínu til stuðnings, sem gátu stundum orðið jafnerfið til skilnings og viðfangsefnið sjálft. Oft setti læknirinn ofan í við hann fyrir óvarleg orð, eins og þegar Eyjólfur tókst upp og hann hrúgaði saman svæsum sjóaraorðum. Ekki má gleyma honum Guðmundi Benediktssyni frá Ísafirði, sem skar sig mjög úr í dugnaði og krafti. En á botni rostans og hávaðans leyndist hið hjálpsama hugarfar og góðmannleg velvild. Leó, bróðir miðilsins, var túlkandi fegurðar og listar. Vafði hann allar sínar frásögur í hárfínar dæmisögur, þar sem undir sló hin nákvæma listasál. Allar þessar raddir eða persónur voru mjög sjálfstæðar og ólíkar hver annarri, alltaf sjálfum sér samkvæmar í hugsun, orðum og blæ ár eftir ár. Fjöldi annarra radda heyrðust hjá Andrésí, stundum á nokkrum fundum, stundum aðeins á einum fundi. Er mér sérstaklega minnisstæður Færeyingur nokkur, er fórst við eldsvoða og við áttum nokkuð erfitt með að átta og hjálpa. Hálftrancinn eftir fundina þótti mörgum eftirtektarverður; kom fyrir, að miðillinn kærði sig

ekkert um að hverfa aftur til baka og taka upp baráttuna hér með veikbyggðum líkama og við heldur takmarkaðan skilning samtíðarinnar á miðilsgáfu hans. Heyrðist hann hér nú tala á ný með sinni eigin röddu við ósýnilega féлага. Deildi hann við þá og var langt frá því á sama máli og þeir. Alltaf kom hann þó aftur til sjálfs sín, en stundum var eins og hann væri rekinn móti vilja sínum. Ekkert virtist miðillinn vita eða muna eftir fundina; oft var hann sárpreyttur, stundum bar ekkert á því. Bezt leið honum eftir þá fundi, þegar engir nýir komu fram og engin átök höfðu átt sér stað um neitt og ekkert hafði truflað.

Þannig voru að ytri sýn, í stórum dráttum, flestir fundir, er eg sat með Andrési. Þeir voru sýnilega settir í nokkuð fasta dagskrá, sem við þó ekkert skiptum okkur af eða réðum um, og henni var að mestu leyti fylgt. Þeir gátu verið stuttir eða langir, tekizt vel eða mistekizt alveg, bæði af vitanlegum og óþekktum orsökum. Umræðuefni fundanna mátti segja að væri allt milli himins og jarðar; fyrst og fremst endurminningar, þar sem jafnan var leitað að sönnunum fyrir; skilaboð, kveðjur, spár og sögur, um lífið, dauðann, nýjar vistarverur, jörðina, sól og stjörnur, trúmál, stjörnmál, lífspeki og heimspeki, listir, bókmenntir og sálina o. s. frv. — Eg held, að mér sé óhætt að staðhæfa, að sjálfur hafði Andrés oft og tíðum allt annan skilning á ýmsum þessum umræðuefnum en raddirnar. Hann vildi stundum ekki trúa mér, hverju raddirnar héldu fram; svo þveröfugt var það við skoð-

anir hans. Það kom fyrir, að haldið var fram kenningum, sem hann hafði hálfgerða andstyggt á, eins og þegar eitt sinn var sagt frá eins konar hreinsunareldi, og annað sinn, er sagt var frá einkennilegri tegund af endurholdgun, o. s. frv.

Við bjuggum samtímis í húsi E. H. Kvarans í hálftriðja ár; var því gott tækifæri til þess að kynnast mannum Andrés P. Böðvarssyni persónulega, ekki síður en miðlinum. Frá þeirri samveru hefi eg allt það ágætasta að segja. Hann var heilsuveill, hafði fyrir fjölskyldu að sjá og barðist við tilveruna á krepputímum; þó var hann jafnan kátur og hreifur og hafði fjölda umræðuefna á reiðum höndum. Hann var fróðleiksfús, lessækinn og ræðinn. Hann hafði vafalaust á stundum ánægju af miðilshæfileikum sínum, er hann var skilinn og hlaut samúð og áhuga, en mér var þó vel kunnugt um, að stundum var þessi hæfileiki honum allt annað en skemmtilegur. Hann sá ýmsar sýnir, sumar allhræðilegar og næsta óhugnanlegar. Skyggniáfan getur stundum gert mönnum bilt við. En hún getur einnig uppljómað fyrir þeim æðri veraldir, lyft þeim langt yfir stað og stund og fyllt menn óskiljanlegum krafti og innri birtu. Andrés lifði margar slíkar stundir. — Andrés átti náðargáfur; þær höfðu skilning og samúð ágætrar konu og margra vina; þess vegna voru þær honum, að eg hygg, uppfylling á lífi, sem annars hefði snauðara orðið.

Har. S. Norðdahl.

Eg kynntist Andrésí Bööðvarssyni um nokkurt skeið. Hann var stilltur maður og hléðrægur og hafði sig lítt í frammi. Ekkert var honum fjær en það, að halda á loft hinum óvenjulegu miðilshæfileikum sínum, og vildi helst ekki um þá ræða nema í hópi nánustu vina sinna. Hann vakti traust mitt við fyrstu kynningu, og það styrktist því meir sem eg þekkti hann lengur. Það, sem sérstaklega vakti athygli mína í sambandi við miðilsstarf hans, var hinn óvenjulega skýrt markaði persónuleiki, að málfari og framsetningu, þeirra, sem hæfileikar hans hjálpuðu til að láta til sín heyra.

10. júní 1944.

Björn Ólafsson (ráðherra).

E F N I

	Bls.
Inngangsorð (Elínborg Lárusdóttir)	5— 7
I. Andrés P. Böðvarsson (Einar H. Kvaran)	8— 11
II. Vanrækt miðilsgáfa (Einar H. Kvaran)	12— 37
Inngangur	12— 14
Frásögn Salvarar Ingimundardóttur	15— 34
Niðurlagsorð	35— 37
III. Miðillinn Andrés P. Böðvarsson (Elínborg Lárus- dóttir)	38— 56
IV. Frá bernsku minni (Úr handriti miðilsins)	57— 62
V. Ýmiskonar sálræn reynsla mín (Andrés P. Böðvarsson)	63— 82
VI. Dulheyrn og dulsýnir (Andrés P. Böðvarsson)	83—110
Ólafur og dánu drengirnir	85— 86
Óþægilegur fyrirburður	86— 89
Ólafur Gíslason	89— 92
Hugboð	92— 94
Lát föður míns	94— 95
Sögð fyrir veikindi	95— 96
Mennirnir í ganginum	97—100
Reimleikar á „Valtý“	100—105
Ferðalög með Pétri	106—109
Reykjanesför	109—110
VII. Á tollstöðinni (Haraldur Norðdahl)	111—118
VIII. Guðmundur Benediktsson sannar sig	119—125

IX. Frú Gíslína Kvaran segir frá	126—130
Slysið á Jóni forseta	129—130
X. Jón frá Mörk segir frá	131—134
Dauði Viggós (Ingimar Kr. Jónsson)	133—134
XI. Fundur haldinn hjá Jakobi Jóhanni Smára, Garða- stræti 13	135—137
XII. Umsagnir ýmissa merkra manna um Andrés P. Böðv- arsson (Helga og Jakob Jóh. Smári; Einar Jónsson, myndhöggvari; Jóhann Árm. Jónasson, úrsmiður; Ólafía Hansen; Jónas Þorbergsson, útvarpsstjóri; Har. S. Norðdahl; Björn Ólafsson, ráðherra)	138—148